**ÞÓRUNN SÍMONARDÓTTIR**

*Býr til húfur, grifflur, trefla og hatta úr ull*

• tíska • heimili

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**





**VELJUM ÍSLENSKT**

*Hönnun og nýsköpun lykill að endurreisn*

Sérblaðið Veljum íslenskt

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**






**DIDDA JÓNSDÓTTIR**

*Fór í ævintýraferð til Argentínu*

Rakst óvænt á Tommy Lee Jones

**FÓLK 50**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. nóvember 2008 — 318. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**




**Hefur sannað gildi sitt**

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands var stofnuð fyrir ári.

**TÍMAMÓT 26**





**Indælt starf að vera leikari**

Hinn ungi og efnilegi Michael Cera ræðir lífið og tilveruna við Fréttablaðið.

**KVIKMYNDIR 36**



**Rök fyrir utanþingsstjórn**

„Utanþingsstjórn nú yrði líkt og fyrr litin hornauga á Alþingi. Sex ráðuneyti myndu duga“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 18**





**Meistararnir vaknaðir**

Íslandsmeistarar Hauka skelltu toppliði Akureyrar fyrir norðan í gær.

**ÍÞRÓTTIR 46**


**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉL NYRÐRA** Í dag verður yfirleitt norðan 3-10 m/s, hvassast vestan til. Él norðanlands og austan en bjart veður sunnan og vestan til. Frost 0-8 stig en þó frostlaust að deginum syðra.


**VEÐUR 4**







# Davíð sagði ágalla á hjónabandi forsetans

**Davíð Oddsson sendi forseta Íslands bréf sumarið 2003 og gerði athugasemdir við hjónavígslu forsetahjónanna. Davíð taldi mistök af hálfu sýslumanns að gefa þau saman. Dorrit var synjað um lögheimili að Bessastöðum, að því er segir í nýrri bók.**

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson gerði athugasemdir við hjónavígslu Ólafs Ragnars Grímssonar og Dorritar Moussiaeff sumarið 2003 og lét í ljós efasemdir um að ráðahagurinn væri löglegur. Þetta kemur fram í nýrri bók Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings, *Saga af forseta*, sem fjallar um forsetatíð Ólafs Ragnars.

Ólafur Ragnar og Dorrit gengu í hjónaband á Bessastöðum í maí 2003. Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, gaf þau saman. Í bókinni segir að Guðmundur hafi fullvissað forsetann um að hann hefði undir höndum öll nauðsynleg gögn til að geta framkvæmt hjónavígsluna. Nokkrum vikum eftir brúðkaupið hafði Guðmundur sýslumaður samband við Sigurð G. Guðjónsson, lögmann Ólafs Ragnars, og spurði hvaða pappíra væri hægt að fá til að ganga úr skugga um að hjónabandi Dorritar og fyrri manns hennar væri lokið. Sigurður gekk í málið en skýrði fyrir Guðmundi að það gæti tekið nokkrar vikur að fá 25 ára gamalt skilnaðarvottorð Dorritar frá Bretlandi. Í kjölfarið tilkynnti Hagstofan Sigurði að ekki væri hægt að skrá hjónabandið vegna fyrrgreindra hnökra. Því væri ekki hægt að skrá Dorrit til heimilis að Bessastöðum og hún yrði að sækja um dvalarleyfi á Íslandi.

Í lok júlí barst forsetanum bréf frá Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra, þar sem fram kom að sýslumaður „hafi gert mistök að verða við óskum forsetans um framkvæmd hjónavígslu“. Krafðist hann að úr „öllum ágöllum“ yrði bætt án tafar, „enda er þetta mál allt hið vandræðalegasta og óheppilegt hvernig til þess var stofnað“. Í bókinni segir að forsetinn hafi hringt í Davíð vegna bréfsins og féll málið niður í framhaldinu.

Guðjón Friðriksson segir bréfið vera aðför að Ólafi Ragnari og heiðri forsetafrúarinnar. Sigurður G. Guðjónsson segir að Davíð hafi farið langt út fyrir valdsvið sitt í þeim tilgangi að koma höggi á forsetann.

**- bs /** **Sjá síðu 12.**



NORDICPHOTOS/AFP

**SEX Í SVEIT** Meðlimir óeirðasveitar lögreglunnar í Lima, höfuðborg Perú, eru við öllu búnir hjá hóteli sem hýsir George W. Bush Bandaríkjaforseta næstu daga. Bush er í Lima til að taka þátt í leiðtogafundi Efnahagsbandalags Kyrrahafsríkja, APEC.

Viðskiptabankarnir eiga þúsundir listaverka eftir marga virtustu listamenn landsins:

# Milljarður í listaverkum banka

**VIÐSKIPTI** „Verðmæti þessara verka er að minnsta kosti milljarður króna, það hlýtur að vera. Sum verkanna eru einfaldlega ómetanleg,“ segir Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali og uppboðshaldari. Í listaverkasöfnum viðskiptabankanna, sem komust í eigu ríkisins þegar bankarnir voru yfirteknir, eru um það bil 4.080 listaverk.

Það er mat Tryggva að um fjórðungur safnanna sé mjög góð verk sem ættu heima á söfnum.

Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir ekkert athugavert við að listaverk í eigu viðskiptabankanna hafi fylgt með fasteignum og öðrum eignum bankanna í nýju félögin sem stofnuð voru um rekstur þeirra.

Hann segir kröfuhafa í væntanleg þrotabú bankanna ekki tapa á þeim gjörningi, frekar en þeir tapi á því að fasteignir, húsbúnaður og aðrar eignir hafi færst í nýju fyrirtækin. Ekkert af þessu verði fært í nýju fyrirtækin án endurgjalds, sem verði metið þegar uppgjör bankanna fari fram.

Í listaverkasafni Landsbankans eru um 1.800 verk, þar af mörg eftir Jóhannes Kjarval. Um 1.080 verk eru í safni Glitnis og um 1.200 í safni Kaupþings.

**- bj, kg /** **sjá síðu 4**








**PALLI FERMETER** Stal senunni á kraftlyftingamóti í Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjö gullverðlaun Íslendinga:

## Palli fermetri lyftir tonni

**FÓLK** „Palli fermetri öðlaðist nýtt viðurnefni á mótinu. Tonnatak,“ segir Ingvar „Ríngó“ Jóel. Hópur kraftlyftingamanna er nýkominn heim en þeir gerðu góða ferð á HM í kraftlyftingum sem haldið var í Austurríki. Liðið kom heim með sjö gullverðlaun, tvö silfur og tvö brons. Heimsmetin fuku og íslenskir heimsmeistarar fæddust. Að öðrum ólöstuðum hlýtur stjarna mótsins að teljast Páll Logason, sem enginn þekkir undir öðru nafni en Palli fermetri. „Góðan daginn. Hann stal senunni þessi krakki. Tuttugu og tveggja ára gamall. Heimsmeistari unglinga. Lyfti samanlagt einu tonni!“ segir Ingvar Jóel og leiðist ekki að segja af afrekum félaga sinna í kraftlyftingafélaginu Metall.

**- jbg /** **sjá síðu 50**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

## Ræddu lán til Íslands í gær

**EFNAHAGSMÁL Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ræddi tveggja milljarða dala lán til Íslands á fundi í Washington í Bandaríkjunum í gær.**

**Stjórnarfundurinn hófst klukkan átta í gærkvöldi að íslenskum tíma. Fundinum var ólokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en fastlega var gert ráð fyrir að stjórnin myndi samþykkja lánið á grundvelli skilmála sem Íslendingar gengu frá við sendinefnd sjóðsins 24. október síðastliðinn. Búist er við að um tíu dagar líði áður en fyrstu greiðslur úr láninu skila sér til Íslands. - gar**




## SPURNING DAGSINS



*Auður, fylgir þessu auður?*

„Já. Vonandi ekki auður auður.“

Eitt stærsta bókaforlag heims, Random House, hefur keypt útgáfurétt á skáldsögunni Vetrarsól eftir rithöfundinn Auði Jónsdóttur.

Samkeppniseftirlitið segir auglýsingadeild RÚV hafa stundað vöruskipti:

# Tjá sig ekki um vöruskipti RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Í áliti samkeppniseftirlitsins um stöðu og háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði ljósvakamiðla, sem birt var á föstudag, kemur fram að RÚV hafi boðið birtingar á auglýsingum í skiptum fyrir vörur. Í ályktuninni er ekki útskýrt nánar hvers konar vöruskipti er um að ræða. Auglýsingastjóri RÚV vill ekki tjá sig um málið.

Í ályktun samkeppniseftirlitsins segir að miklir afslættir RÚV hafi gert samkeppnisstöðu á markaðnum enn verri. Auk þess segir orðrétt: „Samkeppniseftirlitið hefur einnig upplýsingar um að RÚV hafi boðið vöruskipti í stað peningagreiðslu fyrir auglýsingar.“



EINAR LOGI VIGNISSON



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir eftirlitið hafa fengið upplýsingar um vöruskipti RÚV í trúnaði. „Ef ég tilkynnti hvaða vörur hefði þarna verið um að ræða yrði mjög auðvelt að finna út hvaða fyrirtæki RÚV átti í vöruskiptum við. Að mati þeirra sem í hlut eiga myndi það skaða viðskiptasambönd þeirra. Þetta eru staðfestar upplýsingar, en við virðum trúnaðinn,“ segir Páll og bætir við að hann hafi ekki upplýsingar um hversu mörg tilfelli vöruskipta hafi átt sér stað.

Einar Logi Vignisson, auglýsingastjóri RÚV, segist vísa í tilkynningu Páls Magnússonar útvarpsstjóra frá því fyrir helgi. Í henni er ekkert minnst á vöruskipti. „Ég hef engu við þetta að bæta. Það skiptir engu hvort þú spyrð mig einnar eða þrjátíu spurninga,“ segir Einar. **- kg**

Hugsanleg ESB-aðild Íslands:

# Norska stjórnin bíður átekta

**NOREGUR Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, sagðist á norska þjóðþinginu í gær ekki ætla að láta gera neina sérstaka rannsókn á því hvaða afleiðingar það hefði fyrir Noreg ef Ísland gengi í Evrópusambandið.**

**Inge Lønning, þingmaður Íhaldsflokksins, hóf umræður um málið á norska þinginu í gær og sagði líklega skammt í að Íslendingar sæktu um aðild. Hann vildi fá svör um hvernig ríkisstjórnin muni bregðast við því.**

**Samkvæmt frásögnum norskra fjölmiðla sagðist Stoltenberg ekki sjá ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða strax.** **- gb**



**Á FATASAUMSNÁMSKEIÐI** Marta Hlín og Margrét Unnur skapa nýjar og nothæfar flíkur úr gömlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Unglingar á saumanámskeiði:

# Gömlu breytt í nýjasta nýtt

**TÍSKA „Ég er búin að breyta kjól og slá sem mamma mín átti. Kjólinn stytti ég og rykkti í mittið en sláuna lagaði ég til og gerði nýtískulegri,“ segir Margrét Unnur Guðmundsdóttir sem ásamt vinkonu sinni, Mörtu Hlín Þorsteinsdóttur, er á fatasaumsnámskeiði þar sem áherslan er lögð á að breyta fötum og bæta.**

**Vinkonurnar hafa mikinn áhuga á fatasaumi og gaman af að skapa nýjar flíkur úr gömlum mæðrum sínum og ömmum.**

**- eö / sjá allt**

Þingflokkur sjálfstæðismanna:

# Ræddu FME og Seðlabankann

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Sjálfstæðismanna ræddi í gær um að skipuð yrði nefnd til að móta tillögur um sameiningu Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabankans. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær telja þingmenn Samfylkingarinnar að skapa verði traust á Seðlabankanum með breytingum á stjórn bankans áður en íslensku krónunni verður ýtt á flot. Slík breyting gæti orðið samfara sameiningu bankans og FME. Sjá Samfylkingarmenn þannig leið til að koma Davíð Oddssyni úr stóli seðlabankastjóra. Geir Haarde forsætisráðherra segir hins vegar að óraunhæft sé að sameina Seðlabankans og FME áður gengi krónunnar verður látið fljóta á ný. **- gar**

# Saksóknara brigslað um að misbeita valdi

**Verjandi manns sem Kompás sýndi hóta og ganga í skrokk á manni vill frávísun vegna ágalla. Segir saksóknara hafa gefið út tvær ákærur og dagsett aðra þeirra aftur í tímann. Saksóknari segist ekki skilja hvað verjandinn sé að fara.**

**DÓMSMÁL** Verjandi manns sem ákærður er fyrir tvær líkamsárásir sakar Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóra um að misbeita valdi sínu með því að gefa út tvær ákærur í málinu og dagsetja aðra þeirra aftur í tímann. Hann segir þetta eiga að leiða til frávísunar.

„Ég skil ekki hvað hann er að fara að kokka, ég hef ekki séð þetta,“ sagði Jón, þegar málið var borið undir hann í gær. Hann vildi ekki svara því nánar hvort gefnar hefðu verið út fleiri en ein ákæra í málinu, né hvort hann hafi dagsett ákæru í málinu aftur í tímann.

Benjamín Þór Þorgrímsson er ákærður fyrir tvær líkamsárásir. Aðra árásina festi fréttaskýringaþátturinn Kompás á filmu og sýndi í þættinum í september. Hin er talin hafa átt sér stað á bar Hiltonhótelsins í júlí.

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, verjandi Benjamíns, sendi í gær ríkissaksóknara kvörtun vegna framferðis saksóknara í málinu.

Benjamín mætti ekki í fyrstu þingfestinguna í málinu og ákæran var því ekki formlega þingfest, þótt Vilhjálmur hafi fengið hana afhenta. Ákæran var í tveimur liðum og segir Vilhjálmur að sér hafi brugðið þegar hann las frétt á Vísi seinna sama dag um að ákæran sé í þremur liðum.

Vilhjálmur segir að í ljós hafi komið að saksóknari Lögreglu höfuðborgarsvæðisins, Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri, hafi gefið út tvær ákærur, dagsettar sama daginn. Önnur var í tveimur liðum en hin í þremur. Sá liður sem við bættist sneri að hótunum



**ÁRÁS** Sýnt var í þætti Kompáss í september hvernig Benjamín réðst á mann við hafnarvogina í Hafnarfirði í lok júlí. MYND/KOMPÁS

Benjamíns í garð manns sem hann réðist á.

Viðameiri ákæran var svo þingfest síðar, þegar Benjamín mætti í héraðsdóm. Því mótmælti verjandi hans og krafðist þess að ákæruliðnum sem bættist við yrði vísað frá. Daginn eftir lýsti ákæruvaldið því yfir að það myndi falla frá þeim ákærulið.

Ákæra telst gefin út og sakamál höfðað þegar saksóknari hefur undirritað ákæru og því deginum ljósara að lög hafa verið brotin með því að tvær ákærur hafi verið gefnar út vegna sömu atvika, segir Vilhjálmur.

Hann segir að vart komi til greina að Jón hafi skrifað undir tvær mismunandi ákærur vegna sama málsins sama daginn. Því sé líklegt að viðameiri ákæran hafi verið gefin út talsvert síðar, en dagsett aftur í tímann, sem sé afar alvarlegt hjá saksóknara.

Vilhjálmur bendir á að saksóknari eigi að meta hvort ákæra eigi mann þegar rannsókn sé lokið. Í fyrri ákærunni komist hann að því að ekki eigi að ákæra vegna hótana, en í síðari að ákæra eigi vegna þeirra. Enn alvarlegra sé að nýrri ákæru, dagsettri aftur í tímann, hafi verið laumað til dómstólsins í stað þess að gefa út framhaldsákæru, eða afturkalla fyrri ákæru, eins og lög heimili.

Vilhjálmur segir það hlutverk ríkissaksóknara að meta hvort kvörtun sín sé réttmæt og þá hvaða afleiðingar atvikið muni hafa fyrir saksóknarann. **brjann@frettabladid.is**



**NÝIR FINNBOGASTAÐIR** Húsið sem kom norður á Strandir í gámum er nú risið.

Finnbogastaðir í Trékyllisvík:

# Nýtt hús risið eftir brunann

**FÓLK** Nýtt íbúðarhús er nú risið í stað gamla hússins sem brann í fyrravetur á Finnbogastöðum í Trékyllisvík. Að því er segir á trekyllisvik.blog.is styttist nú óðum í að hægt verði að flytja inn í nýja húsið. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu dugðu brunatryggingar ekki fyrir nýju húsi og hefur því staðið yfir fjársöfnun til að styrkja bóndann á Finnbogastöðum. Nýja húsið er kanadískt einingahús „sem kom til landsins um það bil sem þjóðarskútan íslenska sigldi í strand“, eins og segir á trekyllisvik.blog.is. „Svo það er bjart fram undan á Finnbogastöðum, þótt sólin sé að búa sig undir að kveðja Trékyllisvík í þrjá mánuði eða svo.“ **- gar**

Bruninn á Baldursgötu:

# Staðfest að kveikt var í

**LÖGREGLUMÁL Sannað þykir að um íkveikju hafi verið að ræða þegar yfirgefið hús við Baldursgötu í Reykjavík brann á laugardag. Að sögn lögreglu hefur enginn verið handtekinn og enginn yfirheyrður vegna málsins, en rannsókn þess verður haldið áfram.**

**Húsið sem brann hefur staðið autt síðan um síðustu áramót. Þá komu nágrannar í veg fyrir að eigandi hússins fengi leyfi til að rífa það og byggja fjölbýlishús á lóðinni.**

**Síðustu mánuði hafa nágrannar margsinnis kvartað til lögreglu vegna útigangsfólks sem sótti í autt húsið.** **- kg**




Innflutningsleyfi veitt fyrir 60 tonnum af íslensku hvalkjöti í Japan:

# Hvalkjöt loks á leið í verslanir

**SJÁVARÚTVEGUR** Innflutningsleyfi fyrir 65 tonn af hvalkjöti frá Íslandi og Noregi hefur verið gefið út af viðskiptaráðuneytinu í Japan. Kjötið hefur legið í frystigeymslu síðan í byrjun júní. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fagnar niðurstöðunni og vonar að hvalveiðar verði aftur „alvöru atvinnuvegur á Íslandi“.

Kjötið er af sjö langreyðum sem veiddar voru af níu dýra kvóta haustið 2006, alls 60 tonn. Einnig er um að ræða fimm tonn af norsku hrefnukjöti sem sent var til Japan ásamt íslenska kjötinu. Það hefur legið í frysti í tæpa sex mánuði og þess beðið að það yrði tollafgreitt. Háværar raddir hafa verið uppi, sérstaklega frá verndunarsinnum og hvalaskoðunarfyrirtækjum, um að markaður sé ekki fyrir kjötið.

Sjávarútvegsráðherra segir að



**HVALKJÖT** Innflutningsleyfi fyrir hvalkjöti frá Íslandi og Noregi hefur verið gefið út af viðskiptaráðuneytinu í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

svo virðist sem stutt sé í að kjötið komist í verslanir og um þáttaskil í umræðunni sé að ræða. „Þeir sem hafa andmælt hvalveiðum hafa vísað til þess að tilefnislaust sé að stunda hvalveiðar þar sem afurðirnar væru óseljanlegar. Ég hef alltaf sagt að svo sé ekki og það er komið á daginn. Hrakspárnar voru ekki á rökum reistar.“

Í atvinnulegu tilliti segir Einar að hann hafi alltaf haft löngun til að hér verði stundaðar alvöru hvalveiðar. „Það væri góð búbót fyrir okkar atvinnulíf og ekki veitir af nú um stundir. Þetta skapar mörg störf og færir gjaldeyri inn í landið. Þetta eru tækifæri sem við hljótum að horfa til.“ Sjávarútvegsráðherra getur ekki sagt til um hvort eða hvenær verður gefinn út kvóti. Ný staða sé rétt komin upp sem leggjast þurfi yfir.

Einar telur að hvalveiðar muni ekki hafa neikvæð áhrif á ímynd Íslands, sem sé vissulega rislág um þessar mundir. „Sjálfbærar veiðar geta ekki skaðað ímynd Íslands.“ **- shá**

# Laumaðu ævintýri í útlöndum undir jólatréð!



Fiton/SÍA

## Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark

Áttu vini og ættingja sem hafa gaman af ferðalögum? Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg leið til að gleðja þína nánustu um jólin. Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is/jolagjafabref

Verð:

**25.900 kr.**

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2008.

Iceland Express
með ánægju

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2009:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2008–31. janúar 2009.
Ferðatímabil: 15. janúar–15. maí 2009.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2009:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 19.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 139,03 | 139,69 |
| Sterlingspund | 209,19 | 210,21 |
| Evra | 175,51 | 176,49 |
| Dönsk króna | 23,559 | 23,697 |
| Norsk króna | 19,686 | 19,802 |
| Sænsk króna | 17,268 | 17,37 |
| Japanskt jen | 1,4347 | 1,4431 |
| SDR | 205,03 | 206,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,1288

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarþingmaður hvetur ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til að svara fyrir hlutabréfasölu sína:

# Árni kveðst ekki hafa vitað um hlutabréf Baldurs

**EFNAHAGSMÁL** „Fjármálaráðherra hefur upplýst mig um að hann hafi ekki vitað um hlutabréfaeign Baldurs [Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins],“ segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. Helgi hefur kallað eftir svörum um viðskipti Baldurs með hlutabréf í Landsbankanum og hvatt hann til að endurskoða söluna.

Baldur seldi hlutabréf sem hann átti í Landsbankanum skömmu áður en Fjármálaeftirlitið yfirtók rekstur bankans. Hann hélt því svo í fyrstu fram að hann hefði ekki haft neinar upplýsingar um stöðu bankans sem ekki lægju fyrir á


BALDUR GUÐLAUGSSON


HELGI HJÖRVAR

markaði. Síðar kom í ljós að tveir breskir sérfræðingar höfðu gefið út skýrslu um laka stöðu Landsbankans og kynnt snemma á þessu ári. En þar fyrir utan er vitað að í byrjun september sat Baldur fund ásamt Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra og Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, þar sem farið var yfir Icesave-innlánsreikninga Landsbankans.

Helgi segist hafa rætt við Baldur að undanförnu um þessa sölu, minnt hann á eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdavaldinu og hvatt hann til að endurskoða afstöðu sína. Spurningarnar sem hann vill fá svör við eru hvaða dag salan á bréfunum fór fram, hve umfangsmikil viðskiptin voru og hvort þau voru á vegum félags. Spurningunum neitar Baldur að gefa svör við að sögn Helga.

Ekki fengust svör frá Fjármálaeftirlitinu um hvort málið væri þar til rannsóknar. Forstjóri Kauphallarinnar vildi ekki tjá sig um hvort hann teldi að þarna hefði verið um innherjaviðskipti að ræða og Baldur sjálfur sagðist ekki þurfa að bæta neinu við það sem hann hefur áður haldið fram í fjölmiðlum.

Helgi segir að allt þetta veki spurningar um hæfi. Um óvenjulega gróft dæmi sé að ræða og óhjákvæmilegt sé að ræða málið áfram. Ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti þurfi umfram aðra að sýna grandvarleika þar sem hann er gæslumaður yfir fjármálum ríkisins.

- kdk


**Í LAUFÁSI** Prestssetrasjóður vill endurheimta jörðina.

Fjölskyldan í Laufási:

## Húsið fær að vera fram á vor

**FÓLK** Sonur séra Péturs Þórarinssonar heitins í Laufási hefur fengið endurnýjaðan frest til að fara burt með hús sem hann setti niður á jörðinni á meðan faðir hans lifði. Þórarinn Pétursson og fjölskylda hans hafa rekið 600 kinda bú í Laufási og ekki viljað fara. Nærri allir íbúar Grýtubakkahrepps sendu biskupi á sínum tíma ákall um að fjölskyldan fengi að vera áfram. Af hálfu prestssetrasjóðs kemur það ekki til greina. Lokafrestur Þórarins til að fara með húsið rann út 15. nóvember síðastliðinn. Fresturinn er nú framlengdur til 1. mars á næsta ári. Fjölskyldan má að auki stunda búskap á jörðinni í fjögur ár.

- gar

### NÝR FULLTRÚI VG

**Skipt um fulltrúa í nefndum**

Friðrik Dagur Arnarsson tekur sæti Þorleifs Gunnlaugssonar í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur fyrir hönd Vinstri grænna. Þorleifur tekur sæti áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd af Svandísi Svavarsdóttur.

### LEIÐRÉTTING

**Enginn makrílkvóti**

Í blaðinu í gær var ranghermt að Íslendingar hefðu veitt umfram kvóta af makríl. Hið rétta er að enginn kvóti er á makríl í íslenskri lögsögu.

# Listaverk bankanna metin á yfir milljarð

**Viðskiptabankarnir þrír eiga rúmlega 4.000 listaverk, þar á meðal fjölda verka eftir virtustu listamenn þjóðarinnar. Uppboðshaldari segir augljóst að verkin séu virði í það minnsta eins milljarðs króna. Sum séu hreinlega ómetanleg.**

**VIÐSKIPTI** Listaverkasöfn viðskiptabankanna komust í eigu ríkisins þegar bankarnir voru yfirteknir. Í söfnunum eru um það bil 4.080 listaverk. Lögmaður segir að meta verði verkin og gera upp við þrotabú bankanna.

„Verðmæti þessara verka er að minnsta kosti milljarður króna, það hlýtur að vera,“ segir Tryggvi Páll Friðriksson, listmunasali og uppboðshaldari. „Sum verkanna eru einfaldlega ómetanleg.“

Það er mat Tryggva að um fjórðungur sé mjög góð verk sem ættu heima í söfnum. Fjórðungur til viðbótar sé sæmileg verk, en ekki jafn merkileg. Helmingur sé svo minna merkilegur.

Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir ekkert athugavert við að listaverk í eigu viðskiptabankanna hafi fylgt með fasteignum og öðrum eignum bankanna í nýju félögin sem stofnuð voru um rekstur þeirra.

Hann segir kröfuhafa í væntanleg þrotabú bankanna ekki tapa á þeim gjörningi, frekar en þeir tapi á því að fasteignir, húsbúnaður og aðrar eignir hafi færst í nýju fyrirtækin. Ekkert af þessu verði fært í nýju fyrirtækin án endurgjalds, sem verði metið þegar uppgjör bankanna fari fram.

Allir viðskiptabankarnir eiga gott safn málverka og annarra listaverka eftir íslenska höfunda. Sýnu veglegast er safn Landsbankans. Í því eru um 1.800 verk, segir Haukur Þór Hallsson, framkvæmdastjóri eignadeildar hjá bankanum.

Bankinn á mikið af verkum eftir Jóhannes Kjarval, þar á meðal er verkið Hvítasunnudagur. Það verk keypti bankinn fyrir metverð á uppboði í Kaupmannahöfn í febrúar 2007. Verkið var slegið á 1,3 milljónir danskra króna, sem voru um 15,3 milljónir á gengi þess tíma. Með kostnaði uppboðshaldara komst upphæðin í um 19,3 milljónir króna. Þá átti eftir að flytja verkið til Íslands og greiða virðisaukaskatt.

Um 1.080 myndir eru í listaverkasafni Glitnis, sem færðist með öðrum eignum yfir í nýja bankann, segir Már Másson, forstöðumaður kynningarmála hjá bankanum.


**DÝRAST** Málverkið Hvítasunnudagur er trúlega dýrasta einstaka verk íslensku viðskiptabankanna. Landsbankinn keypti verkið fyrir 15,3 milljónir króna í febrúar 2007.

SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

TRYGGVI PÁLL FRIÐRIKSSON

Hann segir verkin að meginstofni komin frá forverum Glitnis, Útvegsbankanum, Verzlunarbankanum, Iðnaðarbankanum og Alþýðubankanum.

Kaupþing á um 1.200 listaverk, segir Klara Stephensen, sem vann að skráningu verkanna fyrir bankann. Klara segir afar erfitt að áætla verðmæti safnsins í krónum talið, en menningarverðmætin séu augljóst.

Í safni Kaupþings eru verk eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar, en á undanförnum árum hefur áhersla verið lögð á samtímalist.

brjann@frettabladid.is

Strand í Óslóarfirði:

## Flutningaskip sökk við Noreg

**NOREGUR Norska sementsflutningaskipið Creta Cement, sem er skráð á Bahamaeyjum, sigldi í strand í Óslóarfirði við Noreg og sökk til hálfs í gærmorgun.**

**Um borð í skipinu eru 5.000 tonn af sementi, en einnig eru í skipinu 115 tonn af þungolíu auk 14 tonna af dísilolíu. Óttast var að þungolían gæti lekið út, en mikill viðbúnaður var á staðnum til að bregðast við því.**

**Skipið sigldi fyrst í strand við eyjuna Aspond og urðu skemmdir töluverðar, en þá var reynt að sigla því í höfn skammt frá, sem þó tókst ekki. Lekinn var það mikill að áhöfnin varð að yfirgefa skipið.**

**Skipstjórinn er rússneskur og áhöfnin frá Króatíu, Litháen, Póllandi og Indónesíu. Lögregla ræddi við áhöfn skipsins í gær, til að fá útskýringar á því sem úrskeiðis fór.**

- gb

Frestun á ferjusmíði:

## Eyjamenn eru afar vonsviknir

**SAMGÖNGUR** Vestmannaeyingar eru afar vonsviknir með þá ákvörðun samgönguráðuneytisins að ganga ekki að þýsku tilboði um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Bæjarráð Vestmannaeyja minnir á að ríkið hafi sagst mundu standa vörð um grunnþjónustu og til hennar teljist samgöngur. Bilanir í Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi valdi bæði töfum og óþægindum. Þess utan hafi flug á Bakka lagst af. Bæjarráð hvetur til að smíði skipsins verði boðin út aftur. Í ljósi efnahagsástandsins verði leitað allra leiða til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að bjóða í nýsmíðina. Þá verði einnig að halda áfram með framkvæmdir í Landeyjahöfn.

- gar






## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HLÝNAR Á LAUGARDAG**

Kalt verður í veðri í dag og á morgun en á laugardag kemur lægð með hlýindum og vætu að landinu. Úrkomulítið verður framan af degi austast en síðan má búast við slydduhenndri úrkomu undir kvöld. Á sunnudag hallar hann sér á ný í norðanátt með snjóeða slydduéljum nyrðra.



Á MORGUN 8-13 m/s allra austast annars mun hægari

LAUGARDAGUR 8-15 m/s V-og NV-til annars hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 14° |
| New York | 4° |
| Orlando | 21° |
| Osló | 1° |
| París | 12° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

*Matreiðslubók á íslensku með 150 uppskriftum fylgir*




# Heimsins vinsælasta hrærivél

*- efst á sölulistum í 65 ár*






**TILBOÐ**

**20%**
**AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ
**69.920**
FULLT VERÐ **87.500**

KitchenAid KSM150 ***Hvít***



## *Grænmetiskvörn fylgir tilboði*

*Sneiðir eða rífur stökkt grænmeti, harða ávexti og harðan ost.*

KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®



KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

# Eigið kaffihús heima *- frábær tilboð á betri kaffivélum*

*Kimbo kaffi fylgir frítt með þessum kaffivélum*





**TILBOÐ**

**28%**
**AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ
**79.990**
FULLT VERÐ **139.900**

### Saeco Incanto Deluxe

- Digital skjár og SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi
- Panarello flóunarstútur
- Hitaplata fyrir bolla
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- 1200 wött
- Á snúningsfæti



**TILBOÐ**

**43%**
**AFSLÁTTUR**

TILBOÐSVERÐ
**89.990**
FULLT VERÐ **158.900**

### Saeco Talea Touch

- Stór skjár og snertiflötur
- Snúningsfótur
- Forritar skammt, styrk ofl.
- SBS kerfi
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Þrýstingur: 15 bör
- 1300 wött
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,7 lítrar
- Keramík kvörn
- Tekur einnig malað kaffi

Saeco

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## KJÖRKASSINN



*Er eftirsjá að Guðna Ágústssyni úr stjórnmálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 60,7% |
| Nei | 39,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Komast stelpurnar okkar upp úr dauðariðlinum á EM í knattspyrnu í sumar?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Vaxandi þrýstingur á alþjóðlegar aðgerðir gegn sjóræningjum:

# Sjórán færa velsældina heim

**SÓMALÍA, AP** Íbúar á sjóræningjaslóðum í Sómalíu er margir hverjir býsna ánægðir með velsældina sem sjóránin veita íbúum landsins.

Sjóræningjarnir, sem oftast eru ungir menn, hafa sívaxandi tekjur af glæpaverkum sínum. Þeir lifa hátt og aðrir landsmenn hafa óspart fengið að njóta afraksturins.

Erlendis eykst hins vegar þrýstingur á að gripið verði til alþjóðlegra aðgerða gegn sjóránum sem eru vaxandi plága fyrir sjófarendur á hafinu í kringum Sómalíu.

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, sagðist í gær ætla að hafa forystu fyrir því að Evrópusambandið grípi til ráðstafana gegn sjóræningjum.



**NÝTUR HERVERNDAR** Indverskt herskip sést fylgja indversku flutningaskipi skammt undan ströndum Sómalíu. NORDICPHOTOS/AFP

Hinir sádiarabísku eigendur olíuflutningaskipsins Sirius Star, sem rænt var um helgina, hafa átt í samningaviðræðum við ræningjana um lausnargjald.

Á þessu ári hafa sómalísku sjóræningjarnir rænt meira en átta hundruð skipum og fengið lausnargjald fyrir rúmlega þrjú hundruð þeirra.

Indverski herinn er farinn að veita indverskum flutningaskipum vernd á siglingaleiðum á Indlandshafi og stundum verða ræningjarnir að lúta í lægra haldi. Þannig tókst indversku herskipi að granda skipi sjóræningja á Adenflóa í gær, skammt undan ströndum Sómalíu. - gb

Samtök fjármálafyrirtækja:

# Elín formaður

**VIÐSKIPTI** Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri Landsbankans, er nýr formaður Samtaka fjármálafyrirtækja. Var hún kjörin formaður á stjórnarfundi á fimmtudag.



**ELÍN SIGFÚSDÓTTIR**

Elín settist í stjórnina ásamt Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Glitnis og Finni Sveinbjörnssyni, bankastjóra Kaupþings. Tóku þau þrjú sæti forvera sinna í bönkunum í stjórninni.

Varaformaður Samtaka fjármálafyrirtækja er Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. - bþs

## AKUREYRI

### Fótboltamöstur í fluglínu

Þar sem ljósamöstur á svæði KA á Akureyri ganga upp fyrir hindranaflöt Akureyrarflugvallar verður að setja á þau rauð hindranaljós sem verða að loga allan sólarhringinn og vera þannig tengd að ekki verði slökkt á þeim af vangá.

## FINNLAND

### Áfengisskattur hækkaður

Finnsk stjórnvöld hafa ákveðið að hækka áfengisskatt um tíu prósent frá og með næstu áramótum í þeirri von að draga úr drykkju landsmanna. Þetta er í annað sinn á rúmu ári sem skatturinn er hækkaður.

# IMF benti á áhættu bankanna í sumar

**Bankarnir stóðu andspænis verulegum áhættuþáttum í sumar, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fjármögnunarþörf, lán til tengdra aðila, sókn á nýja markaði og óvissa um fjárhagslegan styrk hluthafa var meðal þess sem sjóðurinn benti á.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenski bankageirinn stóð andspænis verulegum og margvíslegum áhættuþáttum í sumar, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Formlegt mat þess efnis kom fram í áliti sendinefndar sjóðsins sem heimsótti Ísland dagana 24. júní til 4. júlí.

Í álitinu var íslenska hagkerfið metið auðugt og sveigjanlegt en það sagt standa á erfiðum og óvissum tímamótum. Stjórnvöld hefðu þá þegar gripið til aðgerða til að efla traust og voru hækkun stýrivaxta, víkkun lausafjárákvæða í lánveitingum og gjaldeyrisskiptasamningar nefnd í því til staðfestingar. Þá sagði að þegar horft væri fram á veg hefðu stjórnvöld það erfiða verkefni að greiða fyrir aðlögun hagkerfisins og draga úr áhættu til að auka tiltrú á hagkerfið. Afar brýnt væri að stefnan í peningamálum og ríkisfjármálum væri samstillt sem og aðgerðir til að leysa veikleika í fjármálakerfinu.

Í álitinu sagði að halda ætti áfram af krafti framkvæmd stefnuúrræða til að draga úr áhættuþáttum bankageirans. Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn voru sögð hafa unnið að því undanfarin ár með auknu eftirliti, greiningu og álagsprófum varðandi lausafé, útlán og markaðsáhættu. Lagt var til að eigið fé bankanna yrði aukið, þanþol lausafjárstöðu endurskoðað og almennt gegnsæi varðandi aðgerðir til að draga úr viðskiptum milli tengdra aðila aukið.

Þá var sagt að yfirvöld ættu að styrkja viðlagaundirbúning og viðbragðsáætlanir enn frekar, sameina bæri öll stig viðbragðsáætlana í eina heildstæða rammaáætlun og efla viðbragðsáætlun vegna bankanna með því að veita Fjármálaeftirlitinu auknar lagaheimildir. bjorn@frettabladid.is



### ÁHÆTTUÞÆTTIR BANKAGEIRANS

Í kafla álitsins um fjármálastöðugleika er fjallað um þá áhættuþætti sem bankarnir stóðu frammi fyrir.

***Lausafjár- og fjármögnunaráhætta*** tengist háu hlutfalli markaðsfjármögnunar í fjármögnun bankanna, umtalsverðri fjármögnunarþörf næstu tvö árin og erfiðleikum við öflun viðunandi lausafjár á lánamörkuðum.

***Útlána- og markaðsáhætta,*** er tengist gjaldmiðlaáhættu og hárri skuldsetningu einkageirans, auk lána til tengdra aðila og stórum einstökum lántakendum (einkum í tengslum við eignarhaldsfélög).

***Rekstraráhætta*** vegna örrar stækkunar bankanna á undanförnum árum, m.a. sókn á nýja markaði og ný viðskiptasvið, sem gæti reynt á áhættustjórnun og innra eftirlit.

***Önnur áhætta*** í tengslum við flókið eignarhald, meint veruleg lán til tengdra aðila, óvissu varðandi fjárhagslegan styrk hluthafa og áhrif þessara þátta á gæði eiginfjár.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mikið álag í vinnunni?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Oft koma fyrstu einkenni streitu fram sem stöðug þreyta og óþægindi í maganum og ónæmiskerfið starfar af minni krafti en áður. Rannsóknir sýna að LGG+ vinnur gegn þessum neikvæðu áhrifum og dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



NÝR JÓLABAKKI FRÁ SÓMA

Nú geturðu valið um níu veislubakka. Skoðaðu úrvalið á **www.somi.is**

Pantaðu í síma **565 6000** eða á www.somi.is Frí heimsending*



Fyrir fjóra **2.870 kr.**

SÓMI

*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

**Neytendur:** Tannheilsa Íslendinga lakari en annarra Norðurlandabúa

# *Enn um tennur í krepputíð*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Eins og hér kom fram á þriðjudaginn er forvarnarskoðun á tönnum barna þriggja og tólf ára í boði ríkisins til áramóta. *„Fleiri börn á þessum aldri skiluðu sér í tanneftirlit með tilkomu samningsins, en þó er enn ákveðinn hópur sem á eftir að nýta sér skoðunina,“* skrifar Hólmfríður Guðmundsdóttir hjá Lýðheilsustöð. Hún segir allt óljóst um framtíðina í þessum málum. *„Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnar átti að beita sér fyrir markvissum aðgerðum í þágu barna og barnafjölskyldna, meðal annars með gjaldfrjálsu tanneftirliti, forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum. Umræddur samningur var fyrsta skrefið í stærri áætlun. Allt er hins vegar mjög óljóst eins og staðan er í dag.“*

Árni Gunnarsson leggur orð í belg. *„Í kreppu er líklegt að fólk spari við sig ferðir til tannlækna, enda reikningar þeirra með ólíkindum. Þetta er hreint afleitt þegar vitað er að tannheilsa Íslendinga er lakari en í hinum norrænu löndunum. Auðvitað ætti ríkið, fyrir löngu, að hafa tekið upp greiðslur fyrir börn og unglinga að 17 ára aldri. Það er einfaldlega hluti af forvörnum og getur dregið úr kostnaði heilbrigðiskerfisins á öðrum sviðum.“*



OFURDAGUR BENSÍNORKUNNAR




FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI

# Í dag er Ofurdagur á Orkustöðvunum

# -5 kr.

## af dæluverði á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla

## Fáðu þér lykil að sparnaði

## Alltaf 2 króna afsláttur

af dæluverði Bensínorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum aftur og aftur og enn aftur!




**Vertu með og veldu sparnað.** Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum **2 króna** afslætti og **5 króna** afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Byrjaðu sparnaðinn á www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.

DYNAMO REYKJAVÍK

Háskólinn á Akureyri

RÁÐSTEFNA UM SKRÁNINGU ÞEKKINGARVERÐMÆTA

FÖSTUDAGINN 21. NÓVEMBER

kl. 12:35 - 12:40 **Setning ráðstefnu**
Hans Kristján Guðmundsson, deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar HA

kl. 12:40 - 13:25 **Measuring and Managing Knowledge Assets for Company's Value Creation**
Giovanni Schiuma, professor Università della Basilicata in Italy, rannsóknarstjóri Institute of Knowledge Asset Management á Ítalíu.

kl. 13:25 - 14:10 **Meðferð óefnislegra eigna í reikningsskilum**
Erling Tómasson, endurskoðandi hjá Deloitte

kl. 14:10 - 14:30 **Kaffihlé**

kl. 14:30 - 15:15 **Skráning þekkingarverðmæta á Landspítala Háskólasjúkrahúsi**
Magnús Örn Stefánsson, verkefnastjóri á skrifstofu mannauðsmála LSH

kl. 15:15 - 16:00 **Virði þekkingarverðmæta**
Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks

kl. 16:00 - 16:05 **Slit málþings**
Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við viðskipta- og raunvísindadeild HA

Háskólinn á Akureyri
stofa K201 á Sólborg

Aðgangur ókeypis
Allir velkomnir

**Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar**



Í FJÖLBRAUTASKÓLA GARÐABÆJAR
LAUGARDAGINN 22. NÓVEMBER KL. 12.30

**Dagskrá:**

- **Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur**, formanns Samfylkingarinnar
- **Evrópumál**
- **Almennar umræður um stjórnmálaástandið með þátttöku ráðherra Samfylkingarinnar**

**Málefnanefndir og Verkalýðsmálaráð Samfylkingarinnar funda frá kl. 9.00 á sama stað**

**Samráð um atvinnumál fundar frá kl. 10.30 á sama stað**

**Allir velkomnir!**

Nánari upplýsingar á *www.samfylking.is*

Samfylkingin

Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður:

# Telur bankalög vera brot á stjórnarskrá

**LÖGFRÆÐI** Hæstaréttarlögmaðurinn Ragnar H. Hall telur ný lög sem fela meðal annars í sér bann við lögsókn gegn fjármálastofnunum í greiðslustöðvun vera gróft brot á stjórnarskrá Íslands. Þetta kom fram í viðtali við Ragnar á Stöð 2 í fyrrakvöld. Lögin sem um ræðir voru samþykkt á Alþingi í síðustu viku. Ragnar sagði lögin inngrip í þann rétt hvers manns að geta borið réttarágreining undir óháðan og sjálfstæðan dómstól án ástæðulausrar tafar. Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði í samtali við visir.is að flokkurinn hefði árangurlaust varað forseta Alþingis við lagafrumvarpinu. Lögfesting þess væri hneyksli. - gar



**RAGNAR H. HALL** Ekki hægt að banna lögsókn gegn bönkum.



**BORGARSTJÓRN** Samþykkt var heimild til 5,8 milljarða láns á fundi borgarstjórnar á þriðjudag. Lánið verður nýtt til framkvæmda og með því er vonast til að ekki þurfi að segja upp fólki, skera grunnþjónustu niður eða hækka gjaldskrár.

# Atvinnustigi haldið uppi með lántöku

**Borgarstjórn hefur samþykkt lánsheimild að upphæð 5,8 milljarðar króna til framkvæmda. Liður í að komast hjá uppsögnum. Formaður borgarráðs kallar eftir því að ríkisvaldið og önnur sveitarfélög grípi til sambærilegra aðgerða.**

**EFNAHAGSMÁL** Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að falast eftir 5,8 milljarða láni. Það verður nýtt til framkvæmda en gert er ráð fyrir framkvæmdum fyrir 7 milljarða króna á næsta ári.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir lánsheimildina vera í fullu samræmi við aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar þar sem áherslan er á að standa vörð um grunnþjónustuna, störfin og gjaldskrána. Hún ítrekar að þetta sé ekki rekstrarlán heldur ætlað til framkvæmda.

„Það er mikil pólitísk sátt um málið og þetta er liður í því að reyna að halda úti mannaflsfrekum framkvæmdum á næsta ári," segir Hanna Birna. „Skuldastaða borgarinnar við núverandi aðstæður er ásættanleg. Borgarsjóður skuldaði um áramót tæpa fimm milljarða og það er mikilvægt að þetta lán fari í framkvæmdir."

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, segir að markmiðið með lántökunni sé að fara í framkvæmdir á næsta ári til að halda uppi atvinnustigi í borginni. „Verður þá sérstaklega horft til mannaflsfrekra framkvæmda svo sem viðhalds," segir Óskar. Hann segir lánsheimildina vera lið í aðgerðaráætlun sem borgarstjórn samþykkti samhljóða í haust.

Samkvæmt henni er áformað að fjárfesta í samgöngumannvirkjum og fasteignum fyrir rúmlega sjö milljarða króna. Óskar segir hluta af því verða greiddan af eigin fé borgarinnar. Hann segir



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



**ÓSKAR BERGSSON**

það muni koma í ljós við fjárhagsáætlun í hvaða framkvæmdir verður farið.

„Við erum ekki endilega að horfa til einstakra stórra framkvæmda, heldur lítum við heilt yfir sviðið. Mannaflsfrekar aðgerðir eru til að mynda viðhaldsverk. Þar fer oft 70 prósent af kostnaði í mannafl en 30 prósent í efni. Í sumum framkvæmdum er hlutfallið akkúrat öfugt. Við munum þannig skoða þetta heildstætt og meta hvaða framkvæmdir verður farið í."

Óskar kallar eftir því að fleiri grípi til sambærilegra aðgerða og Reykjavíkurborg. Það eigi sérstaklega við um ríkisvaldið, en einnig önnur sveitarfélög.

Lánið verður til 25 ára og verður aflað með skuldabréfaútboði með tryggingu í tekjum sveitarfélagsins. Fjármálastjóri semur um lánið fyrir hönd borgarstjórnar, sem samþykkir endanlega niðurstöðu.

Lánsheimildin var samþykkt samhljóða í borgarstjórn. Ólafur F. Magnússon sat hjá.

kolbeinn@frettabladid.is

# NÓATÚN



**Lambabógur**
Verð áður 899

**798** kr. kg



**Móa krydduð kjúklingalæri**
40% afsláttur

**519** kr. kg



**Grísakótilettur**
Verð áður 1.498

**998** kr. kg



**Naggalínan**
Kjötbollur

**389** kr. pk.



**Uxahalar**
40% afsláttur

**179** kr. kg

## Veisluuppskriftir
úr eldhúsi Nóatúns




250 blaðsíður af gómsætum forréttum, aðalréttum og eftirréttum.

Myndir af öllum réttum.

*Til styrktar Fjölsmiðjunni*
**1.290** kr.
Verð

Allt söluandvirði bókarinnar rennur til styrktar Fjölsmiðjunni sem er vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára.






**Egils 0,5 L**
Malt og appelsín

**129** kr. stk.




**Cheerios**
518 g

**372** kr. pk.




**Katla**
Brauðrasp 500 g

**199** kr. pk.




**Kötlu**
Kartöflumús

**235** kr. pk.




**Coka Cola**
1 L

**99** kr. stk.



EXPO • www.expo.is



## Sköpun – Þroski – Samvera

Prentarablek og ljósmyndapappír fyrir myndina í jólakortið.
Vönduð spil og þroskandi leikföng fyrir ánægjulegar samverustundir með fjölskyldunni.
Gefðu *myndarlegar* og vandaðar jólagjafir.



Smiðjuvegi 5 + Höfðabakka 3
Borgartúni 29 + Glerárgötu 34
sala@a4.is + www.a4.is
Sími: 515 5100

A4


**NEISTAR AF NEISTA:** Matur á Íslandi — Grein 7 af 8

# Matur er landsins megin

### Greiða þarf götu sjálfstæðra framleiðenda

Minnka og einfalda þarf regluverk og ryðja hindrunum úr vegi svo hægt sé að nýta sérstöðu hvers framleiðanda og fullvinna vöru. Líta þarf á landbúnaðarframleiðslu sem fyrirtækjarekstur og auka skilvirkni og sérstöðu einstaka framleiðenda, héraða og atvinnusvæða. Fjárfesta þarf í matvælageiranum á fjölbreytilegan hátt, en líta ekki á hann sem magnframleiðslu undir stjórn ríkis og bændasamtaka.

### Aukið þverfaglegt samstarf

Hvetja þarf til þverfaglegs samstarfs frá upphafi framleiðslu. Framleiðendur þurfa að vera óhræddir við að leita sérfræðiaðstoðar s.s. til vöruhönnuða, tæknimanna, markaðsfræðinga, fjárfesta og þeirra sem þekkja hindranir og tækifæri hvers framleiðsluferlis.

Virkja þarf atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og viðskiptatengla til að styðja við rannsóknir og þróun í framleiðslu á gæðamatvælum.

Menntastofnanir bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi þurfa að leggja aukna áherslu á menntun sem styður við matvælarannsóknir, þróunarstarf, framleiðslu og markaðssetningu matvæla og auka þarf samstarf rannsóknarsamfélagsins svo sem MATÍS, háskólanna og atvinnulífsins í heild.

### Styrkjum smáframleiðendur

Vinna þarf með ferðaþjónustunni að því að bjóða íslenskan mat úr gæðahráefni hringinn í kringum landið. Nýta hefðina og hugmyndaflugið við að bjóða upp á fjölbreytilegan kost. Skyr, söl, íslenska geitin og sólþurrkaður saltfiskur getur verið dæmi um slíkt. Líta þarf heildrænt á hvert framleiðslusvæði fyrir sig og auðvelda sameiginlega markaðssetningu og sölu á smáframleiðslu. Markvisst þarf að kynna starf eins og samtakanna Beint frá býli sem hafa beitt sér fyrir gerð kynningar- og kennsluefnis um helstu þætti framleiðslu og markaðssetningar smáframleiðenda. Jafnframt þarf að líta til þeirra klasa smáframleiðenda í matvælaiðnaði sem hafa verið stofnaðir í kringum landið, til dæmis Ríki Vatnajökuls, Toskana Suðurlands og kræklingaeldi, þorskeldi og kísil- og þörungavinnsla á Vestfjörðum.

### Í HNOTSKURN:

Matvælaframleiðsla á Íslandi getur orðið mikilvæg stoð undir íslenskt hagkerfi á næstu árum. Framleiðslugeta og þekking er til staðar í matvælageiranum, en aukið samstarf og samráð þarf að eiga sér stað í tengslum við endursköpun framleiðslu- og þekkingarumhverfis og tengsla við aðra geira. Matvælaframleiðsla á Íslandi getur orðið þekkt fyrir gæði, hreinleika, sjálfbærni, lífræna framleiðslu, rekjanleika (uppruna), frumleika og gott siðgæði. Tækifæri Íslendinga í matvælaframleiðslu liggja helst á sviðum sjávarfangs, jarðhitaræktaðs grænmetis og ávaxta, lambakjöts auk annarrar gæða-kjötframleiðslu og sérstæðra mjólkurafurða. Matvælaiðnaður er sjálfbær grein sem getur verið lykill í því að byggja upp sjálfbært samfélag á Íslandi.

Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs H.R., hafði umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta á vinnuborði um mat.

Erlendar stefnumótanir í nafni „Slow food“ eru góðar fyrirmyndir í stað „fast food“.

### Mikilvægi vottunar

Kortleggja þarf vottunarmáta, íslenska sem og alþjóðlega, auðvelda aðgengi að vottun með einfölduðu reglukerfi og hvetja framleiðendur til að sækja sér vottun sem lið í að ná alþjóðlegri viðurkenningu. Vekja þarf til meðvitundar um að vottun á bæði við um einstaka framleiðslu og um framleiðslusvæði, til dæmis hefur vottunarstofan Tún vottað ræktunarland á Vestfjörðum, en slík lönd verða æ verðmætari þegar eftirspurn eftir lífrænni framleiðslu eykst.

### Holl fæða á Íslandi

Ná þarf upp vakningu og neytendapressu um hollt gæðafæði. Fjölmiðlar gegna þar lykilhlutverki t.d. fræðsluþáttur um matvælaframleiðslu hjá RÚV þar sem saga og sérstæði hvers framleiðanda fyrir sig er rakin og gefin innsýn í forsendur framleiðslunnar. Slíkt fræðsluefni væri síðan hægt að nota sem kynningarefni um Ísland erlendis. Einnig þarf að bæta matarkost í flugvélum sem fljúga til landsins.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn nattura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á nattura.info.





N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9
SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
N1 verslanir um allt land: Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Höfn, Reyðarfirði og Ólafsvík.

Samgöngustefna í Reykjavík:

## Vistvænar samgöngur efldar

**SAMGÖNGUR** Innleiða á vistvænar samgöngur í starfsemi borgarinnar samkvæmt nýrri samgöngustefnu sem samþykkt var í borgarstjórn á þriðjudag. Reiðhjól og visthæfir bílar munu standa starfsmönnum til boða vegna vinnuferða.

Samgöngustefnunni er ætlað að draga úr bílastæðaþörf og umferðarmyndun á háannatíma. Borgin ætlar sér að ganga á undan með góðu fordæmi og í því skyni gera samgöngusamninga við nýja starfsmenn í stað akstursamninga. Þeir stuðli að því að auka hlut vistvæna ferðamáta í vinnuferðum á vegum borgarinnar. - kóp

Forráðamaður stílistanámskeiðs dæmdur til að greiða nemendum bætur:

## Milljónabætur vegna náms

**DÓMSMÁL** Forráðamaður stílistanámskeiðs, sem haldið var hér á landi, hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða nítján nemendum nær sjö milljónir króna samtals.

Námið sem um ræðir var auglýst í blöðum sem alþjóðlegur skóli, The Academy of Colour and Style, sem kenndi útlitsráðgjöf. Í auglýsingunni birtist mynd af Önnu F. Gunnarsdóttur, eiganda og framkvæmdastjóra Fágunar ehf., og hún kynnti einnig námskeiðið í fjölmiðlum. Dómurinn taldi það koma skýrlega fram í auglýsingunni að erlent fyrirtæki, The Academy of Colour and Style, væri að bjóða upp á þetta námskeið. Ekkert hefði gefið til kynna að Anna ætti og hefði rekið fyrirtækið í mörg ár. Það hafi verið eðlilegt að gera ráð fyrir því að hún hefði einhverja sérfræðikunnáttu á þessu sviði. Fyrir liggi, að hún hafi lokið 150 klukkutíma fjarnámi frá Regent Academy í „Successful Interior Design“ og kostaði það nám 315 pund.

Nemendurnir nítján kröfðust skaðabóta vegna þess að námið hefði ekki verið í samræmi við fyrirheit og dómurinn féllst á það sjónarmið. - jss




**HÉRAÐSDÓMUR** Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Síðbúin kosningaúrslit:

## Stevens tapaði naumlega

**BANDARÍKIN, AP** Ted Stevens, öldungadeildarþingmaður frá Alaska, tapaði naumlega þingsæti sínu í kosningunum 4. nóvember.

Stevens er 85 ára og hefur setið lengur á þingi en nokkur annar repúblikani, eða allt frá dögum Lyndons B. Johnson forseta fyrir nærri fjörutíu árum.

Talning dróst á langinn vegna þess hve mjótt var á mununum milli hans og demókratans Marks Begich. Það var ekki fyrr en á þriðjudag sem ljóst var að Stevens hafi látið í minni pokann fyrir Begich, sem þar með verður fyrsti demókratinn frá Alaska sem situr í öldungadeildinni í þrjátíu ár. - gb

Bók um Jón Ásgeir í uppnámi:

## Ísmaður hvergi sjáanlegur

**VIÐSKIPTI** Ekkert hefur heyrst af útgáfu bókarinnar Ísmaðurinn kemur, sem fjalla átti um Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann Baugs UK Ltd. Jonathan Edwards, annar tveggja breskra blaðamanna sem skrifaði bókina, segir að viðræður við útgefanda séu enn í gangi.




**ÍSMAÐURINN KEMUR** Bókin um Jón Ásgeir átti upphaflega að bera titilinn Kynlíf, lygar og stórmarkaðir.

Edwards vildi ekki segja hvað hafi orðið til þess að fresta útgáfu bókarinnar, sem átti upphaflega að koma út í nóvember í fyrra.

Aðspurður neitaði Edwards því að Baugur Group eða Jón Ásgeir hafi með einhverjum hætti reynt að koma í veg fyrir útgáfu bókarinnar. Hann segist svartsýnni um að bókin verði gefin út eftir því sem tíminn líði, enda þurfi að uppfæra hana ef af útgáfu eigi að verða. - bj



**ÚTFÖR Í FLÓTTAMANNABÚÐUM** Um 250 þúsund manns hafa hrakist að heiman.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin í Kongó:

## Vonir bundnar við viðræður

**KONGÓ, AP** Liðhlaupum fjölgar jafnt og þétt úr stjórnarher Kongó og vopnasveitir hliðhollar stjórninni eru farnar að berjast innbyrðis. Uppreisnarsveitir hafa þó dregið sig frá helstu vígstöðvunum til þess að gefa færi á viðræðum.

Uppreisnarsveitir undir forystu Laurents Nkunda hafa verið sigursælar, en ástandið í stjórnarhernum er svo slæmt að Joseph Kabila forseti hefur rekið yfirmann hersins.

Átökin í austanverðu landinu hófust í ágúst síðastliðnum og hafa hrakið 250 þúsund manns að heiman. - gb

ÁFRAM ÍSLAND
– fyrir hag heimilanna

Fundarherferð ASÍ um landið í samstarfi við aðildarfélögin

**Í dag:** **Ísafjörður, Edinborgarhúsið - kl. 20.00**

**Staðir:** Akureyri , Sjallinn - 24. nóvember kl. 17.15
Egilsstaðir, Hótel Hérað - 25. nóvember kl. 20.00
Selfoss, Hótel Selfoss - 26. nóvember kl. 18.00
Reykjavík - Útifundur á Ingólfstorgi - 27. nóvember kl. 17.00

**Dagskrá:** **Áfram Ísland** - fyrir hag heimilanna. Hvert skal halda?
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

**Pallborð:** Formenn landssambanda og stærstu félaga ASÍ sitja fyrir svörum
Tónlistaratriði, skipulagt í samvinnu við FÍH
Forystumaður stéttarfélags í heimabyggð kynnir drög að ályktun fundarins
Í lokin verður boðið upp á kaffispjall

ASÍ
Alþýðusamband Íslands



**LITRÓF REGNBOGANS** Svanfríður Jónsdóttir, Ásbjörg Elín Kristjánsdóttir og Ingvar Þór Ásmundsson voru við afhendingu listaverksins Litróf regnbogans á Barnaspítalanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gylfaflöt gefur veglega gjöf:

# Barnaspítalinn fær listaverk að gjöf

**SAMFÉLAGSMÁL** Litróf regnbogans er yfirskrift listaverks sem Gylfaflöt, dagþjónusta fyrir fatlaða á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, afhenti Barnaspítala Hringsins í gær.

Grunnhugmynd verksins er að þess megi njóta, það megi snerta, finna og faðma auk þess sem það gefi hlýju og gleðji augað.

Listaverkið er afhent samkvæmt fimm ára samningi sem kveður á um að Gylfaflöt gefi Barnaspítalanum þrjú listaverk sem prýða munu stóran vegg á spítalanum.

Hugmyndin að baki samningnum er að gefa til baka til samfélagsins í stað þess að vera einungis þiggjandi. - ovd









## Ný bók um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar

# Davíð sá meinbugi á hjónabandi forsetans

**Davíð Oddsson þóttist sjá ágalla á hjónavígslu forsetahjónanna og skrifaði forsetanum bréf þess efnis tíu vikum eftir athöfnina. Þetta kemur fram í nýrri bók Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Guðjón segir bréfið aðför að forsetahjónunum, ekki síst heiðri Dorritar Moussaieff. Lögmaður forsetans segir að forsætisráðherra hafi farið langt út fyrir valdssvið sitt. Markmiðið hafi verið að gera hjónin að athlægi.**



**Í HNAPPHELDUNA** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff ganga í það heilaga á Bessastöðum, 14. maí 2003. Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, gefur þau saman. Skömmu síðar komu vöflur á Guðmund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Málavextir eru þeir að í maí 2003 gengu Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff í hjónaband, eftir að hafa verið trúlofuð í þrjú ár. Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, gaf þau saman. Í bók Guðjóns, sem ber titilinn *Saga af forseta*, segir að fyrir athöfnina hafi Ólafur Ragnar spurt Guðmund hvaða gögn þyrfti að leggja fram til að hjónavígslan teldist lögleg. Öllum þeim skilyrðum hafi verið fullnægt; Ólafur Ragnar hafi í tvígang spurt Guðmund hvort einhvers fleira þyrfti með en hann neitað því.

Dorrit var áður gift Neil Zarach en þau verið skilin í aldarfjórðung þegar hún giftist Ólafi Ragnari. Síðan þá hafði Zarach gengið í hjónaband í þrígang. Bókarhöfundur segir að í slíkum tilfellum sé ekki farið fram á formlegt skilnaðarvottorð fyrir nýja hjónavígslu heldur sé drengskaparheit hlutaðeigandi látið nægja.

### Sér hnökra á ráðahagnum

Í bókinni segir að nokkrum vikum eftir hjónavígsluna hafi Guðmundur Sophusson sýslumaður hringt í Sigurð G. Guðjónsson, lögfræðing Ólafs Ragnars, greinilega mikið niðri fyrir, og beðið hann að hitta sig vegna hnökra á þeim gögnum sem hann hefði undir höndum um hjónaband Ólafs Ragnars og Dorritar. „Greinilega var mikil pressa á honum því hann var nánast óðamála í símanum," er haft eftir Sigurði, sem fór og hitti Guðmund sem hafði tekið saman minnisblað í tveimur atriðum. Hið fyrra laut að dánarbúi Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur, eiginkonu Ólafs Ragnars, sem hafði ekki verið gengið formlega frá gagnvart dætrum þeirra hjóna. Úr því var bætt eftir fundinn.

Í öðru lagi spurði Guðmundur Sigurð hvort hann gæti aflað einhverra pappíra um að hjónabandi Dorritar og fyrri manns hennar væri lokið. Sigurður kvaðst mundu ganga úr skugga um það við Ólaf og Dorrit hvaða pappíra væri hægt að fá umfram gögnin sem sýslumaðurinn hafði þegar fengið. Óskað var eftir vottorði frá Bretlandi. Tölvuskráning um skilnað Dorritar og Zarachs fannst en dýpra var á vottorði um endanlega staðfestingu skilnaðarins. Útskýrði Sigurður fyrir Guðmundi að það myndi taka nokkrar vikur að afla þess.

### Þrýstingur frá Hagstofu

Í framhaldinu fékk Sigurður símhringingu frá Hagstofunni, sem þá heyrði undir forsætisráðuneytið, og var tilkynnt að ekki væri hægt að skrá hjónabandið vegna fyrrgreindra hnökra. Því væri ekki hægt að skrá Dorrit til heimilis að Bessastöðum. Hún yrði að sækja um dvalarleyfi á Íslandi á meðan þessum formsatriðum væri ekki fullnægt.

Sigurður gekk í það að sækja um dvalarleyfi fyrir hana. „En það var sama stressið á Hagstofunni og hjá sýslumanni út af málinu," er haft eftir Sigurði. Hann segir stöðuga pressu hafa verið á sér í júlímánuði 2003 að skila hjúskaparstöðuvottorði Dorritar, þó að hann hefði sagt að það myndi taka nokkrar vikur.

### Ólafur hringir í Davíð

Föstudaginn 31. júlí barst bréfið frá Davíð Oddssyni forsætisráðherra, sem birt er hér til hliðar.

Eftir að hafa lesið bréfið hringdi Ólafur Ragnar beint í Davíð, sagðist hafa fengið frá honum „skrýtið bréf" og útskýrði fyrir honum málavexti.

Símtalinu lauk á þá leið að forsætisráðherra sagðist mundu athuga málið og tala við forsetann eftir helgina. Það símtal kom aldrei og lauk þar með málinu. Hjúskaparstöðuvottorð Dorritar barst frá Bretlandi stuttu síðar.

### Vildi gera hjónin að athlægi

Guðjón Friðriksson segir að túlka megi bréfið sem aðför að forsetahjónunum, ekki síst heiðri Dorritar. Auk þess sé sýslumaðurinn í Hafnarfirði vændur um embættisafglöp.

Sigurður G. Guðjónsson segir málið tortryggilegt, meðal annars í ljósi þess að sifjamál eru á valdssviði dómsmálaráðuneytisins en ekki forsætisráðherra.

„Hvernig vissi Davíð Oddsson til dæmis um samskipti mín við sýslumanninn í Hafnarfirði?" er haft eftir Sigurði. „Ef ógilda á hjúskap þarf auðvitað að höfða mál til að ógilda hann. Þegar ég sá bréfið hjá forsetanum sagði ég honum að hann yrði að setja það í skjalasafn forsetaembættisins. Hann væri sjálfur með allt sitt á hreinu þó að það tæki smátíma að fá gögnin um skilnað Dorritar. Hins vegar væri það stórfrétt að forsætisráðherra, sem ekki færi með dómsvald, væri að skipta sér af þessu."

Sigurður telur að tilgangur Davíðs hafi verið að leka því út að hjónaband forsetans væri ógilt og gera forsetahjónin að athlægi á heimsvísu. „Þetta er maður sem fyrirlítur forsetann og taldi sig þarna vera búinn að ná honum í net sem Ólafur kæmist ekki úr," er haft eftir honum í bókinni.




**BERGSTEINN SIGURÐSSON**
bergsteinn@frettabladid.is


## BRÉF DAVÍÐS ODDSSONAR TIL ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR, 31. JÚLÍ 2003.



**DAVÍÐ ODDSSON**

„Forsætisráðherra þykir miður að þurfa að senda forsetanum þessa nótu en óhjákvæmilegt er að gera athugasemdir við framkvæmd hjónavígslunnar á Bessastöðum hinn 14. maí s.l. Sýslumaðurinn, sem framkvæmdi athöfnina að kröfu forsetans, þrátt fyrir að formskilyrða, sem allir verða að sæta að lögum, hafi ekki verið gætt, segist hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá rétt gögn í hendur, enda hefði forsetinn gefið drengskaparloforð um að slík gögn bærust strax dagana eftir hjónavígsluna, en nú er liðið á þriðja mánuð frá vígslunni! Ljóst er að sýslumanni urðu á mistök að verða við óskum forsetans um framkvæmd hjónavígslu, enda loforð af þessu tagi ekki tekin gild í tilvikum annarra. Naumast þarf að árétta að allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum en þó verður að telja að enn gætilegar verði að fara þegar þjóðhöfðinginn sjálfur á hlut að máli.

Þá er þess að geta að hagstofustjóri hefur einnig áhyggjur af málinu, enda hefur Þjóðskrá ekki getað framkvæmt viðeigandi skráningar tengdar brúðhjónunum og hefur hagstofustjóri tjáð hagstofuráðherra að auk framangreindra annmarka hafi ekki verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að unnt sé að skrá lögheimili eiginkonunnar að Bessastöðum eins og brúðhjónin óskuðu eftir á hjónavígsluskýrslu.

Hafa forráðamenn Þjóðskrár og sýslumaður margoft haft samband við hr. Sigurð G. Guðjónsson hrl., lögmann brúðgumans, án fullnægjandi árangurs. Er óskiljanlegt og óverjandi með öllu að ekki hafi verið bætt úr þeim ágöllum sem á vígslunni voru og því sem að öðru leyti á vantar til að ganga megi frá færslum Þjóðskrár með ágallalausum hætti. Verður að krefjast þess að úr öllum þeim ágöllum verði bætt án tafar, enda er þetta mál allt hið vandræðalegasta og óheppilegt hvernig til þess var stofnað.

*Davíð Oddsson."*

# Frábær helgartilboð!

netto



GOÐI

FROSIÐ LAMBALÆRI

**1.049 kr/kg**



40% afsláttur

ÍSFUGL

TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR

**269 kr/kg**

~~449~~ kr/kg



30% afsláttur

GOÐI

GRÍSAHRYGGUR 1/2

**979 kr/kg**

~~1.398~~ kr/kg

COOP HOLLENSK GRÆNMETISBLANDA 750g

**239 kr/pk.**

~~299~~ kr/pk.




COOP FORMIDABLE PENNE PASTA HEILHVEITI, 500g

**149 kr/pk.**

~~199~~ kr/pk.

25% afsláttur







31% afsláttur

COOP HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 í pk.

**199 kr/pk.**

~~289~~ kr/pk.

BERTOLLI GARLIC EÐA SPICY PASTASÓSUR 450g

**279 kr/pk.**

~~399~~ kr/pk.

30% afsláttur




TILBOÐIN GILDA 20. - 23. NÓVEMBER

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Jól í Blómavali

HÚSASMIÐJAN



**Jólastjarna**
**999 stk**



**Jólakúlur**
12 stk í pk
**999**

12108593-5



**Jólatré**
gervi

210 sm
2718505
**12.699**

180 sm
2718504
**8.599**

150 sm
2718503
**5.999**

135 sm
2718502
**4.999**

90 sm
2718501
**2.799**

**GOTT VERÐ**



**Sýpris**
**399 stk**



ótrúlegt verð
299 kr/m

Slönguljós
2701576

SAMA VERÐ
ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA



# Blick

yfir 20 ára reynsla
í Húsasmiðjunni/Blómavali

ódýrt
Hefðbundnar inni og útiseríur, hagkvæmar og fallegar.

| inniseríur | | útiseríur | |
|---|---|---|---|
| 10 ljósa | 199 | | |
| 20 ljósa | 299 | 40 ljósa | 879 |
| 35 ljósa | 459 | 80 ljósa | 1.399 |
| 50 ljósa | 589 | 120 ljósa | 2.239 |
| 100 ljósa | 999 | 200 ljósa | 3.999 |

# Chrissline

útiseríur

Frábær “warmwhite” ljósasería sem endist lengur.

verð frá
1.990
50 ljósa



# Betra verð fyrir jólin



frábært verð
899

**Aðventuljós**
hvít, viðar og rauð
5899631-3



699

**Grenilengja**
9 ft x 8”
2718500



1.299

**Aðventukrans**
2705536

# Harðir pakkar á góðu verði

GJÖF SEM NÝTIST

blómaval



**Hleðsluskrúfvél**
3.6V, LI-ON rafhlaða.
5246008
6.999



**Verkfærasett**
Bleikt fyrir frúna!
5000464
4.999




**Topplyklasett**
Toolux 3/8” sett 22 stk.
5052530
2.999
~~5.999~~

SJÓÐFÉLAGAFUNDUR

Í KVÖLD

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins boðar til kynningarfundar fyrir sjóðfélaga kl. 20.00 í kvöld, 20. nóvember 2008, á Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta, en á fundinum verða veittar upplýsingar um rekstur og afkomu sjóðsins.

DAGSKRÁ

Kl. 19.45 Húsið opnað

Kl. 20.00 Fundarsetning

Umfjöllun um stöðu sjóðsins
Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar

Upplýsingar um rekstur
Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Áhrif fjármálakreppunnar á lífeyrissjóðarekstur
Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

Umræður og fyrirspurnir

Kl. 21.45 Áætluð fundarlok

Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000
mottaka@lifeyrir.is • lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
648 **-0,85%**

**Fjöldi viðskipta:** 46
**Velta:** 145 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ALFESCA** | +12,68% | **CENT. ALUMINUM** | -23,30% |
| | | **BAKKAVÖR** | -8,09% |
| | | **ATL. PETROLEUM** | -5,00% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** **295,37** +26,4%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +12,68% ... Atorka 0,60 -4,76% ... Bakkavör 2,50 -8,09% ... Eimskipafélagið 1,33 -0,75% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 82,30 -2,95% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 102,50 -1,91%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Engin skylda ríkisins vegna Icesave

„Geti [Tryggingarsjóðurinn] ekki staðið undir skuldbindingum sínum, þá er ekkert um það í EES-reglum að íslenska ríkið þurfi að hlaupa undir bagga.“ Svo skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson, sem bankaráðsmaður í Seðlabanka Íslands, í bandaríska stórblaðið Wall Street Journal.

Bretar settu Ísland á hryðjuverkaskrá. Hannes segir það óskiljanlegt. Stjórnvöld hafi oft sagst munu standa við skuldbindingar gagnvart innlánseigendum á EES-svæðinu. Tryggingasjóður innlánseigenda og fjárfesta,ábyrgist þær upp að um 20 þúsundum evra. Um 19 milljarðar eru í sjóðnum. Stjórnvöld virðast ætla að ábyrgjast um 600 milljarða. Geir H. Haarde, forsætisráðherra, vitnar í Björgólf Guðmundsson um að eignir Landsbankans í Bretlandi standi undir skuldbindingunni. **- ikh**



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar segir fyrirtæki mega vænta heimildar til að skrá hlutafé í evrum snemma á nýju ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Evruáætlun stendur

„Málið er enn í vinnslu hjá okkur. Við vonumst til að fyrirtæki geti fært hlutafé sitt í evrur fljótlega á næsta ári,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Fram kom í Fréttablaðinu fyrir hálfum mánuði að stefnt hafi verið að því að veita fyrirtækjum heimild til að skrá hlutafé í evrum um miðjan mánuðinn. Við fall bankanna frestaðist málið fram yfir áramót. Þórður segir þær áætlanir standa.

Þá var haft eftir Ólafi Ólafssyni, stjórnarformanni Alfesca, í Markaðnum í gær að hluthafar félagsins væru orðnir langþreyttir á biðinni eftir evruskráningu hlutafjár. Hafi verið íhugað að afskrá félagið af þeim sökum. Tvö önnur félög hafa verið í svipuðum hugleiðingum, samkvæmt heimildum Markaðarins. **- jab**

# Kröfur í þrotabú Samsonar yfir 110 milljarðar

**Kröfur lánadrottna í þrotabú Samsonar nema líklega um 87 milljörðum króna. Til viðbótar eru útistandandi skuldabréf fyrir 24 milljarða. Stærsta eign Samsonar var Landsbankinn. Skiptastjóri segir virði eigna óvíst, en gjaldeyrisafleiðusamningar séu þar á meðal.**



**BJÖRGÓLFSFEÐGAR** Kröfur í þrotabú þeirra feðga Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar nema rúmum 110 milljörðum króna. Óvíst er hvort eignir nái upp í kröfur.

„Það eru verðmæti í afleiðusamningum sem eru fastir inni í gamla Glitni. Þetta eru gjaldeyrisskiptasamningar sem voru með hagnaði,“ segir Helgi Birgisson, skiptastjóri þrotabús Samsonar eignarhaldsfélags.

Hann bætir því við að óvíst sé hvort takist að ná þessu til baka.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, segir að félagið hafi verið með gengisvarnir, vegna skuldbindinga í erlendri mynt, en ekkert umfram það.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var verðmæti afleiðusamninganna um fimm milljarðar króna í byrjun október.

Helgi Birgisson segir að skuldir Samsonar við lánardrottna nemi um 87 milljörðum króna. Skuldir hafi verið við Landsbanka, Straum, Kaupþing og Glitni, auk þýsku bankana Commersbank og Standard. Að auki nemi skuldabréfaútgáfa Samsonar um 24 milljörðum króna. Í allt virðast kröfur á Samson því nema um 111 milljörðum króna.

Ábyrgð Eimskipafélagsins vegna gjaldþrots XL Leisure hvílir enn á félaginu. Eftir því sem næst verður komist, er hún því ekki fjötur um fót um sinn, að mati Eimskipsmanna. Samson keypti ábyrgðina með láni frá Landsbankanum. Það stendur nú í 36 milljörðum og er hluti af væntanlegum kröfupakka.

Um það leyti sem Samson fór í greiðslustöðvun voru skuldajafnaðar allar skuldbindingar gagnvart Straumi. Helgi Birgisson segir að enn sé um tveggja milljarða krafa frá Straumi í þrotabúinu. Ekki sé ákveðið hvort skuldajöfnunin á dögunum standist. „Við þurfum að skoða það,“ segir Helgi.

Hann bætir því við að óvíst sé um verðmæti eigna í þrotabúi Samsonar. Langstærsta eignin hafi verið hlutur í gamla Landsbankanum. Einnig eigi félagið hlut í Eimskipafélaginu og í Novator Properties. „Það er ljóst að sumar eigurnar eru lítils eða einskis virði,“ segir Helgi.

Hann bætir því við að næsta skref sé að kröfum verði formlega lýst í búið. Innköllun verði fljótlega og þá hafi menn tvo mánuði. **ingimar@markadurinn.is**

## Baugur tapar milljónum dala á Saks

Bókfært tap Baugs af hlut sínum í bandarísku munaðarversluninni Saks nemur rúmum 180 milljónum Bandaríkjadala.

Baugur flaggaði 8,6 prósenta hlut í Saks í júlí í fyrra. Kaupverð var ekki gefið upp. Miðað við meðalverð upp á 18 dali á hlut frá áramótum fyrir kaupin og til flöggunartíma nam kaupverðið í kringum 217 milljónum dala, jafnvirði um þrettán milljarða króna á þávirði.



**FLAGGSKIP SAKS** Afkoma bandarísku verslunarinnar Saks hefur versnað í takt við aðstæður í efnahagslífinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gengi bréfa Saks hefur fallið hratt samfara erfiðleikum í bandarísku efnahagslífi og snerti botninn í fyrradag með 2,71 dal á hlut.

Saks tapaði 42,8 milljónum dala, á þriðja ársfjórðungi. Hagnaður í fyrra nam 21,6 milljónum.

Stephen Sadove, forstjóri verslunarinnar, sagði á símafundi með greinendum þrengingarnar geta skilað sér í frekari erfiðleikum á yfirstandandi fjórðungi. Verslunin gæti þó vel siglt í gegnum erfiðleikana enda með digra sjóði.

„Saks er gríðarlega verðmætt vörumerki með mjög traustar eignir. Efnahagsástandið nú endurspeglar það ekki,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs og bætir við að Saks sé öflugt til lengri tíma litið. Muni verðmætin skila sér til baka síðar. **- jab**

BSRB

Verðtrygging til góðs eða ills?

OPINN FUNDUR Á VEGUM BSRB Í DAG
KL. 16:30 - 18:00 Í BSRB - HÚSINU GRETTISGÖTU 89

Á fundinum verður fjallað um kosti og galla verðtryggingar og hvort æskilegt sé að afnema hana tímabundið eða til langframa

Framsögu hafa
*Ingólfur H. Ingólfsson* félagsfræðingur
*Pétur H. Blöndal* alþingismaður

Fundarstjóri
*Helga Jónsdóttir:* framkvæmdastjóri BSRB

Að loknum framsöguerindum verður opnað fyrir spurningar úr sal







30% AFSLÁTTUR!
JÓLATILBOÐ REKKJUNNAR
CHERY
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr. AFSLÁTTUR!
PRIME
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr. AFSLÁTTUR!
VIKTORIA
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr. AFSLÁTTUR!
GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT
20% AFSLÁTUR!
HEILSUKODDAR
í miklu úrvali á einstöku jólatilboði
VERÐ FRÁ 5.900 KR
KAUFFMANN
Hitajöfnunar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.
10% AFSLÁTTUR!
Verð frá 25.920 kr.
MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGURFÖTUM Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI
20% AFSLÁTTUR
Verð frá 4.240 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Seðlabankinn vann þessa lotu.

## Sikileyjarvörnin

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Sú harka sem fram kom í gagnrýni bankastjórnar Seðlabankans á forsætisráðherra á fundi Viðskiptaráðs í vikunni kom flestum í opna skjöldu. Hins vegar kom ekki á óvart að bankastjórarnir freistuðu þess að hræra í þeirri pólitísku deiglu sem nú kraumar.

Formaður Sjálfstæðisflokksins kynnti í síðustu viku áform um að afstaða til Evrópusambandsaðildar yrði tekin á landsfundi í janúar. Á þessum vettvangi var af því tilefni bent á að fróðlegt yrði að fylgjast með viðbrögðum bankastjórnar Seðlabankans. Þau létu ekki á sér standa.

Líta verður til þess að bankastjórnin náði ekki fram þjóðstjórnarhugmynd sinni á dögunum og hafði farið halloka í átökum við ríkisstjórnina um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og samningana við Breta. Henni hefur trúlega þótt skörin vera farin að færast upp í bekkinn þegar Evrópuumræðan var boðuð ofan í þau kaup.

Forsætisráðherra sagði á síðasta ársfundi Seðlabankans að endurskoða þyrfti peningastefnuna. Bankastjórnin borgar nú fyrir sig með því að segja: „Það er látið nægja að segja að endur-skoða beri peningastefnuna. Það er mátulega þokukennd yfirlýsing til að fara vel í munni þeirra sem ekki vita nákvæmlega um hvað þeir eru að tala.“

Bankastjórarnir segjast hafa varað forsætisráðherra við yfirvofandi falli bankanna í febrúar. Þeir láta ekki þar við sitja. Í þeim tilgangi að grafa undan trúverðugleika ríkisstjórnarinnar fullyrða þeir að forsætisráðherrann hafi tekið meira mark á orðum stjórnenda viðskiptabankanna. Áður hafði bankastjórnin lýst þeim sem óreiðumönnum.

Loks segist bankastjórnin búa yfir vitneskju um hvað leiddi til þess að breska ríkisstjórnin beitti hryðjuverkalögum gegn íslensku bönkunum í London. Þessa vitneskju ætlar bankastjórnin ekki að opinbera að svo stöddu. Leikfléttan er eins konar póli-tísk Sikileyjarvörn. Eftir lögmáli hennar liggur í loftinu að sú vitneskja kunni að verða opinberuð þegar bankastjórninni þykir henta í þeim pólitísku átökum sem fram undan eru.

Markmið bankastjórnarinnar með Viðskiptaráðsræðunni sýnist hafa verið tvíþætt. Annars vegar að þvo hendur sínar. Hins vegar að sýna að hún getur ákveðið dagskrá pólitískrar umræðu. Seinna markmiðið náðist. Ríkisstjórnin komst í vörn.

Til marks um þann árangur er sá sterki stuðningur sem bankastjórnin fékk frá talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Honum fylgdi viðurkenning á málefnalegri röksemdafærslu. Óhjákvæmileg gagnrýni sérfræðinga á hvítþvottinn gat verið eðlilegur fórnarkostnaður til að ná þessu pólitíska markmiði.

Við slíkar aðstæður er stjórnarandstaðan ekki líkleg til að vilja hrófla við bankastjórninni. Samfylkingin hefði allt eins getað notað ræðuna til að slíta stjórnarsamstarfinu. Bankastjórnin hefði fagnað því. Þá hefði sannast það sem þeir, er næst henni standa, vöruðu við í upphafi. Það hefði einnig getað leitt til kosninga í janúar. Þannig hefði mátt tefja Evrópuumræðuna.

Stjórnarflokkarnir ræða nú um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Sikileyjarvörn bankastjórnarinnar gæti hins vegar hafa verið teflt fram gegn þeim möguleika að áform af því tagi breyti stöðu hennar. Bankastjórnin sigraði þessa lotu. Fróðlegt verður að sjá hvernig þeirri næstu lyktar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rannsókn

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók upp hanskann fyrir Davíð Oddsson og Seðlabankann í samtali við DV í gær. Bjarni segist líta svo á að Davíð hafi í ræðu sinni á þriðjudag verið að verja bankann fyrir einkennilegum árásum frá forystumönnum í ríkisstjórn. Þá tók Bjarni undir með Davíð að nauðsynlegt sé að rannsaka orsakir og aðdraganda bankahrunsins „og í því sambandi verði horft til eftirlitsstofnana og stjórnvalda og hvernig þau fóru með sínar valdheimildir og hvort rétt hafi verið brugðist við þeirri stöðu sem uppi var“.

### Álitamál

Það er auðvitað hárrétt hjá þingmanninum að það þarf að fara í saumana á bankahruninu. Og auðvitað eðlilegt að í því sambandi verði horft til eftirlitsstofnana og stjórnvalda. En þarf að rannsaka sérstaklega hvort rétt hafi verið brugðist við þeirri stöðu sem uppi var? Hagkerfi Íslands er rjúkandi rúst. Þarf Bjarni frekari vitnanna við?





### Eftirsjá

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi formaður bankastjórnar Landsbankans og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins – sá sami og vill ekki vera kallaður óreiðumaður – segist betur hefði tekið meira mark á Davíð Oddssyni seðlabankastjóra – þeim sama og sagðist ekki ætla að borga skuldir óreiðumanna. „Ég segi fyrir mig og hugsa að ég tali fyrir munn margra annarra að ég vildi að ég hefði hlustað betur,“ sagði Kjartan í samtali við Markaðinn í gær, og vísaði þar í gömul viðvörunarorð Davíðs. Þar fékk sjálfstæðismaðurinn að kenna á kvöðum sjálfstæðrar hugsunar.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Rök fyrir utanþingsstjórn



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Kreppa í þrem þáttum

Kreppan nú er þríþætt og snýst um fjármál, gjaldeyrismál og stjórnmál. Fjármálakreppan skall á, þegar þrír stærstu bankar landsins hrundu eins og spilaborg. Gjaldeyriskreppan fylgdi í kjölfarið, þar eð erlendir bankar lokuðu að mestu fyrir viðskipti við íslenzku bankana. Seðlabankinn gat ekki komið erlendum gjaldeyri í gagnið nema með herkjum og hóf því að skammta gjaldeyri. Útflytjendur hættu að færa erlendan gjaldeyri heim til Íslands. Stjórnmálakreppan var undirrót hinna tveggja, þótt margir kæmu ekki auga á hana fyrr en um seinan. Fólkið í landinu fann smjörþefinn í Reykjavík, þegar borgarfulltrúar helmingaskiptaflokkanna reyndu fyrir nokkru bak við luktar dyr að koma orkulindum borgarbúa í hendur útrásarvíkinga líkt og fiskimiðunum fyrr. Málið snerist svo í höndum þeirra, að úr varð glundroði í borgarstjórninni. Nú stefnir í svipað ástand á landsvísu, nema gripið verði í taumana. Forsagan er lengri en margir virðast halda.

**Tvær reginskyssur**

Ríkisstjórn helmingaskiptaflokkanna afhenti útvegsmönnum fiskimiðin á silfurfati 1984. Hún bætti gráu ofan á svart með því að einkavæða bankana eftir forskrift fiskveiðistjórnarinnar án þess að skeyta um hag réttra eigenda, fólksins í landinu. Bankarnir voru seldir á lágu verði í hendur vel tengdra manna, sem keyrðu þá í kaf á kostnað almennings. Samband flokkanna og bankanna var nánara en svo, að vænta mætti nokkurs skilvirks aðhalds eða eftirlits af hálfu ríkisins.

Rangsleitnin í fiskveiðistjórninni og einkavæðing bankanna eftir sömu forskrift afhjúpa ábyrgðarleysi og getuleysi stjórnmálastéttarinnar, einkum gömlu helmingaskiptaflokkanna. Þeir þurfa því að víkja líkt og kommúnistaflokkar Austur-Evrópu gerðu árin eftir 1990. Að því marki eru tvær leiðir færar. Önnur er að veita þessum flokkum rækilega ráðningu í næstu þingkosningum eða jafnvel þurrka þá út líkt og gerðist á Ítalíu fyrir nokkrum árum af ápekku tilefni. Fljótlegra væri að fá þá til að draga sig í hlé. Til þess þyrfti ríkisstjórnin sem fyrst að biðjast lausnar, svo að forseti Íslands geti skipað utanþingsstjórn til að skipuleggja og halda utan um hreingerningu og endurreisn efnahagslífsins og semja með hraði um inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sýnt, að hann er ófær um að sinna því verki. Hinir flokkarnir hafa litlu meiri burði. Af þessu ástandi helgast þörfin nú fyrir utanþingsstjórn.

**Verkefni nýrrar utanþingsstjórnar**

Íslendingar hafa einu sinni búið við utanþingsstjórn, í miðju stríði 1942-44. Hún var skipuð vegna þess, að þingflokkarnir komu sér ekki saman um myndun meirihlutastjórnar. Ríkisstjóri Íslands þurfti því að taka af skarið og skipaði stjórn undir forsæti dr. Björns Þórðarsonar, héraðsdómara í Reykjavík. Björn hafði boðið sig fram til þings 1927 fyrir Framsóknarflokkinn, en ekki náð kjöri. Með honum í stjórninni sátu við fimmta mann Björn Ólafsson stórkaupmaður, sem var tengdur Sjálfstæðisflokknum og síðar þingmaður hans 1948-59, og Vilhjálmur Þór, forstjóri SÍS og síðar seðlabankastjóri, nátengdur Framsóknarflokknum. Utanþingsstjórnin var í daglegu tali kölluð „Coca Cola“-stjórnin, þar eð eigendur verksmiðjunnar voru Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór, holdgervingar helmingaskiptanna.

Utanþingsstjórn nú yrði líkt og fyrr litin hornauga á Alþingi. Sex ráðuneyti myndu duga: forsætis, utanríkis, fjármála, heilbrigðis- og menntamála, atvinnuvega (byggða, iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs, viðskipta), og innanríkis (dóms, kirkju, félagsmála, samgöngu, umhverfis). Höfuðverkefni stjórnarinnar yrðu að beita framkvæmdarvaldinu án atbeina Alþingis til að (a) koma bankamálunum og samskiptum við útlönd í eðlilegt horf, (b) fá erlenda menn til að taka út aðdraganda og eftirleik bankahrunsins, (c) skipa hæfa embættismenn í stað þeirra, sem ekki hafa dugað síðustu ár, (d) semja um inngöngu Íslands í ESB og upptöku evrunnar og (e) leggja fram drög að nýrri stjórnarskrá, þar sem þingmönnum væri fækkað úr 63 í 49, 35 eða 21 og forseta Íslands væri veitt heimild til að vísa til þjóðaratkvæðis ekki aðeins lagafrumvörpum, sem þingið samþykkir líkt og fjölmiðlafrumvarpið illræmda 2004, heldur einnig frumvörpum, sem þingið hafnar. Með því móti væri girt fyrir getu Alþingis til að halda Íslandi utan ESB og til að taka sér óhófleg eftirlaun gegn vilja fólksins í landinu. Eftir allt, sem á undan er gengið, þyrfti trausti rúið Alþingi að taka sér tak til að hafa roð við slíkri stjórn í hugum og hjörtum kjósenda. Þess vegna munu flokkarnir á Alþingi ekki ótilneyddir veita kost á myndun utanþingsstjórnar. Ef svo er, verður uppreisn almennings gegn flokkunum í næstu alþingiskosningum ekki umflúin.

# Hvað skulda útgerðarfyrirtæki?

**UMRÆÐAN**

Grétar Mar Jónsson skrifar um sjávarútveg



**GRÉTAR MAR JÓNSSON**

Það er mjög mikilvægt að fá að vita hver staðan er í sjávarútvegi hér á landi, til þess að gera sér grein fyrir ástandi mála. Hvorki sjávarútvegsráðherra né framkvæmdastjóri LÍÚ virðast þess umkomnir að veita svör við þessari spurningu, en ég hefi margsinnis spurt ráðherra á þinginu en sá hinn sami komið sér hjá svörum.

Ég spyr hverjar voru skuldir í íslenskum sjávarútvegi 1984, þegar kvótakerfinu var komið á, og hverjar eru þær hinar sömu skuldir nú? Að öllum líkindum erum við að horfa upp á veðsetningar sem teknar hafa verið gildar í bönkum í hinu arfavitlausa kerfi, sem nú eru verðlausar. Hver er framlegðin, tekjurnar og skuldir fyrirtækjanna?

Því hinu sama þurfa stjórnvöld að svara.

Tilraunir sjávarútvegsráðherra til þess að stagbæta lögin um stjórn fiskveiða sem fram kom á þinginu nýlega um hærra hlutfall afla sem útgerðir megi færa milli fiskveiðiára, er einungis í þágu stórútgerðarmanna. Breytingar gera ráð fyrir því að hlutfallið hækki úr 20% í 30%. Leiguverð verður hærra en ella sem aftur gerir kvótalitlum útgerðum enn erfiðara fyrir. Ég er alfarið á móti því að fara þessa leið, að auka prósentu í færanlegu aflamarki milli ára. Ef eitthvað er hefði átt að lækka prósentu í stað þess að hækka og eins og áður sagði er enn verið að verja sægreifana sem sitja að sínu eftir allt það brask sem kom til sögu 1991 við frjálsa framsalið.

Einu sinni enn er því verið að auka ójöfnuð og hygla þeim stærstu á kostnað hinna smæstu leiguliðanna í kerfinu í stað þess að tekið sé til við að leiðrétta mannréttindabrot sem stjórnvöld eiga enn eftir að hefjast handa um að leiðrétta.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**Ingólfur Margeirsson** rithöfundur skrifar þessa sögu af þjóðþekktu innsæi, stílgæðum og innlifun. Ingólfur hefur lagt óhemjumikla vinnu í heimildasöfnun og viðtöl við ótal manns sem stækka og dýpka frásögnina.



## Fögnum með Sæma og Ingó

... **í Iðnó** á **sunnudaginn**
frá kl. 15.00-17.00
**Sæmi** og **Didda** dansa
**Raggi Bjarna** syngur
**Stefán** og **Lúdó** syngja og leika
**Sæmundur** og **Ingólfur** árita bækur
sem seldar verða
**með sérstökum afslætti**
**Ókeypis** aðgangur

**Allir velkomnir!**

**KOMIN Í VERSLANIR**














**Sæmi Rokk** - ein litríkasta og umtalaðasta persóna á Íslandi - segir frá lífi sínu, uppvexti í fátækt, rokkdansi og rokkárunum, ástinni og að vera lífvörður Bobby Fischers í „skákeinvígi allra tíma“ og starfa sem lögregluþjónn í slagsmálum við áflogahunda og vopnaða afbrotamenn.

Sæmi segir einnig á átakanlegan hátt frá síðustu árum Fischers á Íslandi og sársaukafullum vinslitum þeirra. Lýsingar sem svara mörgum spurningum varðandi afdrif og hinstu daga Fischers.

Einlæg og einstök saga!

ALMENNA ÚTGÁFAN

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.760
Bókatíðindaverð 5.790,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.130
Bókatíðindaverð 4.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Bókatíðindaverð 5.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.100
Bókatíðindaverð 4.790,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.230
Bókatíðindaverð 4.980,-

6 titlar




50%* afsláttur
TILBOÐ 749
Alm. verð 1.499,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.090
Bókatíðindaverð 2.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.390
Bókatíðindaverð 1.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum
* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir 20.-23. nóvember

# 30-50% afsláttur

## af vinsælum bókum




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.270
Bókatíðindaverð 4.680,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.110
Bókatíðindaverð 4.790,-




Bókin Með lífið að láni fylgir frítt með bókinni Þú getur...
TILBOÐ 2.999




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140
Bókatíðindaverð 4.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 8.390
Kynningarverð 11.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.790
Bókatíðindaverð 3.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.580
Bókatíðindaverð 3.690,-




3 bækur í pakka
TILBOÐ 4.990

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Aðsteðjandi krónubréfavandi

**UMRÆÐAN**
Gunnar Tómasson skrifar um krónubréf


GUNNAR TÓMASSON

Eigendur krónubréfa bíða nú tækifæris að flytja ca 400 milljarða króna úr landi á gengi sem verður langtum óhagstæðara en markaðsgengi í ágústbyrjun (ca $1=80 kr.). Af líkum má ráða að trúverðugleika íslenzkra stjórnvalda og hagstjórnarstefnu þeirra bíði hliðstætt gengishrun meðal krónubréfafjárfesta eftir opnun gjaldeyrisviðskipta.

Af 19. gr. viljayfirlýsingar stjórnvalda vegna lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er ljóst að stjórnvöld ætla að beita háum stýrivöxtum til að spyrna gegn slíku gengishruni eigin trúverðugleika og hagstjórnarstefnu.

„Sé litið til mjög skamms tíma ætlum við að beita eftirfarandi blöndu af hefðbundnum og óhefðbundnum aðgerðum til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði,“ segir þar um fjóra valkosti, sem eru (1) hækkun stýrivaxta, (2) lítill sem enginn aðgangur lánakerfisins að lánum frá Seðlabanka Íslands, (3) notkun gjaldeyrisvarasjóðs til að koma í veg fyrir „of miklar“ sveiflur í gengi krónunnar, og (4) gjaldeyrishöft á fjármagnsviðskipti.

Hér er margs að gæta og þess fyrst að stjórnvöld virðast ganga út frá því sem gefnu „að gengi krónunnar sé nú mjög undir raunvirði hennar.“ Þetta var líka skoðun stjórnvalda fyrir gengishrun krónunnar síðustu vikurnar, en væntanlega láta fæstir sér detta í hug að raunvirði krónunnar sé af stærðargráðunni $1=80 kr. sem var markaðsgengi í upphafi ágústmánaðar sl. Ofmat á raunvirði krónunnar byggt á pólitískum forsendum getur leitt af sér ómældan skaða í mynd ábyrgðarlausrar útsölu á þeim gjaldeyrisforða sem þjóðin hefur úr að spila á komandi tíð.

Slíkt ofmat myndi líka vinna gegn meintu hlutverki hárra stýrivaxta við að draga úr fjármagnsútflæði – krónubréfafjárfestar munu vart láta freistast af 5-10% hækkun stýrivaxta á ársgrundvelli á móti þeirri áhættu að stjórnvöld myndu endurskoða mat sitt á raunvirði krónunnar frá einum degi til annars um 5-10% eða meira.

Frá sjónarhóli atvinnustarfsemi og verðmætasköpunar í hagkerfinu liggur samt mesta hættan í þeirri ráðagerð stjórnvalda að „leyfa litla sem enga aukningu í lánum frá Seðlabanka [til að byrja með]“ sem lið í samstilltum aðgerðum til að draga úr fjármagnsflæði frá Íslandi.

Eigið fé fjölda fyrirtækja hefur brunnið upp vegna hagstjórnaróreiðu síðustu misserin og endurspeglast í ört vaxandi rekstrarerfiðleikum, uppsögnum starfsfólks og gjaldþrotum. Án skjótrar endurfjármögnunar atvinnulífs mun atvinnuleysi og þjóðfélagsupplausn fara ört vaxandi og stefna í voða þeirri endurreisn hagkerfisins sem er brýnasta þörf samfélagsins.

Aðsteðjandi krónubréfavandi er bein afleiðing af misráðinni stýrivaxtastefnu Seðlabanka Íslands um langt árabil. Með hliðsjón af ofangreindu væri það algjört glæfraspil að fela núverandi yfirstjórn Seðlabankans varðveizlu þess fjöreggs þjóðarinnar sem felst í faglegri og farsælli yfirstjórn íslenzkra peninga- og gengismála á komandi tíð.

*Höfundur er hagfræðingur.*

RISALAGERSALA
STENDUR TIL 13. DESEMBER




Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400

# Sterk ímynd Íslands er hrunin

**UMRÆÐAN**
Jón Hákon Magnússon skrifar um ímyndarvanda Íslands


JÓN HÁKON MAGNÚSSON

Ímynd og ásjóna Íslands er hrunin. Traust á Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum er fokið út í veður og vind. Trúverðugleikinn, sem var sterkur, er ekki upp á marga fiska.

Erlendir fjölmiðlar sem höfðu, til skamms tíma, mikinn áhuga á öllu sem íslenskt var, gera nú grín að þjóðinni. Verra er að við gerum lítið sem ekkert til að verja ímynd lands og þjóðar. Traust ímynd og ásjóna er ein dýrmætasta eign einnar þjóðar rétt eins og gott orðspor er verðmætasta eign hvers einstaklings. Það tekur áratugi að byggja upp trausta ímynd og gegnheilt orðspor, en örskamma stund rústa því.

Orðspor okkar hrundi á fáeinum dögum eftir áratuga vinnu við að skapa Íslandi verðugt sæti í fjölskyldu þjóðanna. Í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar var Ísland afskekkt óþekkt danskt yfirráðasvæði á N-Atlantshafi. Einangruð eyja utan alfaraleiðar. Þegar breski herinn tók sér bólfestu hér til að koma í veg fyrir að her Hitlers næði kverkataki á Bretum fóru að birtast erlendis fréttir frá Íslandi.

Eftir stríð vorum við aftur nánast gleymd og áhugi fjölmiðla var lítill sem enginn. Framsýnir landsmenn létu það ekki á sig fá og dugmiklir athafnamenn byggðu upp sterk alþjóðleg fyrirtæki sem drógu athyglina að landinu þ.m.t. SH og Loftleiðir. Landhelgisdeilur við Breta komu Íslandi í heimsfréttir, með oftast jákvæðum formerkjum fyrir okkur.

Skákin átti mikinn þátt í að skapa Íslandi gott nafn. Stærsti atburðurinn, einvígi Bobbys Fischer og Boris Spassky, kom landinu í heimspressuna, svo eftir var tekið. Ísland var að nálgast það að komast á heimskortið til frambúðar. Fólk í fjarlægum heimsálfum var farið að átta sig á að hér byggi menningarþjóð við öflugt lýðræði. Ímynd og ásjónu Íslands óx fiskur um hrygg. Sterkt orðspor Íslendinga á alþjóðavettvangi styrktist að sama skapi.

Loks komst Ísland á heimskortið til framtíðar á leiðtogafundi Ronalds Reagan og Mikhails Gorbatsjev í Höfða 1986. Tveir framsýnir ráðherrar, Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra og Matthías Á. Mathiesen utanríkisráðherra ákváðu að nota viðburðinn til þess að koma Íslandi á framfæri við heimspressuna. Reglan er sú að gestgjafi slíkra funda heldur sig til hlés, en þeir sáu gullið tækifæri til að styrkja ímynd Íslands gagnvart heimsbyggðinni. Þeir spöruðu hvorki tíma, fé né fyrirhöfn til þess að það tækist. Með nokkurra daga fyrirvara var opnuð vel mönnuð alþjóðleg fjölmiðlamiðstöð í Haga- og Melaskóla, sem fékk það hlutverk að gera allt til að þjóna heimspressunni sem fjölmennti hingað. Komið var á fót fréttamiðstöð sem útbjó íslenskar fréttir, upplýsingaefni og ítarefni fyrir erlendu fréttamennina. Að auki allt var gert til að hjálpa þeim að búa til frétta- og fræðsluefni um Ísland.

Þessa októberdaga naut Ísland ómældrar athygli fjölmiðla um víða veröld. Fyrstu daga Höfðafundarins var Ísland aðalfréttin. Þegar Gorbatsjev kom á tuttugu ára afmæli fundarins kom hann að máli við mig í Höfða og sagðist ekki skilja hvernig við gátum haldið heimspressunni rólegri í tíu daga og bætti við: „Það var ekki fyrr en ég hélt blaðamannafundinn í Háskólabíói sem fjölmiðlarnir fengu áhuga á sjálfum fundinum.“

Ísland var komið á heimskortið. Við höfum notið orðsporsins hvar sem er á sviði utanríkis-, viðskipta-, banka-, menningar- og ferðamála frá þeim tíma. Sterk ímynd hefur reynst vel þar til fáeinum útrásarmönnum tókst að eyðileggja trausta ímynd með þöglu samþykki þjóðarinnar. Það er ekki nóg. Stjórnvöld hafa með ótrúlegum klaufaskap bætt um betur og látið fjölmiðla um allan heim vaða yfir okkur á skítugum skóm án þess að reyna að snúa vörn í sókn. Nú er ímynd landsins rústir einar og vörumerkið Ísland er illa leikið. Ísland er í augum alheimsins eins og FL Group í okkar augum. Það er t.d. með ólíkindum að áhrifamiklir miðlar eins og Wall Street Journal nái ekki sambandi við forsætisráðuneytið. Mörg fleiri dæmi mætti nefna. Stjórnvöld gorta nú af því að notast við krísuáætlun NATO-herja. Hún gerir ekkert til að leiðrétta óteljandi rangfærslur um okkur í erlendum fjölmiðlum. Eigum við líka að fórna ímynd lands og þjóðar? Er ekki nóg að bankakerfið sé ónýtt? Er ekki nóg að erlendir bankar og ríkisstjórnir vilja ekki við okkur tala? Var nauðsynlegt að rústa á fáeinum dögum ásjónunni sem tók áratugi að skapa. Er það ekki hlutverk stjórnvalda að gera sitt ýtrasta til verja ásjónu Íslands með „kjafti og klóm“? Eða er ég að misskilja þetta eitthvað?

*Höfundur er ráðgjafi í almannatengslum.*

# Hvert skal stefna?

**UMRÆÐAN**
Hlini Melsteð Jóngeirsson skrifar um framtíð Íslands


HLINI MELSTEÐ JÓNGEIRSSON

Framtíð Íslands byggist á því að við tökum ábyrgð á fortíðinni, jafnt sem framtíðinni. Við verðum að tala í lausnum í stað þess að standa kyrr og benda hvert á annað. Það að taka ákvörðun um stefnu í Evrópumálum mun skipta öllu í stefnumótun næstu árin, jafnvel áratugi.

Ég er einn af þeim sem er ekki sannfærður um að hagsmunum okkar sé borgið innan ESB. En á sama tíma tel ég það glapræði að fara ekki í aðildarviðræður og fá allar staðreyndir á hreint og geta þá tekið endanlega afstöðu. Þar eru þrjár meginstoðir sem verður að tryggja í aðildarviðræðum að mínu mati. Í fyrsta lagi að fæðuöryggi okkar verði ekki stefnt í hættu með skilmálum sem fara illa með landbúnað okkar. Það að nýting auðlinda okkar verði ekki framseld til útlendinga. Að sjávarútvegurinn verði viðurkenndur sem grunnatvinnuvegur Íslendinga og því verðum við að eiga síðasta orðið um nýtingu lögsögu okkar. Það er enginn sem getur sagt að þetta sé staðreyndin ef við förum í viðræður á morgun. En hér verðum við að vera tilbúin að taka slaginn og vera reiðubúin að verja hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum, þá fyrst mun ég líta jákvæðum augum til ESB-aðildar. En eina leiðin til þess er að fara í sjálfar aðildarviðræðurnar.

Það má ekki áætla að ég telji aðild að Evrópusambandinu einu lausnina að enduruppbyggingu íslensks samfélags. Í besta falli er það einn liður af margþættri áætlun sem þarf til þess að upphefja íslenskan efnahag til fyrri styrks.

Það verður að koma á stöðugu efnahagsumhverfi til þess að sprotafyrirtæki geti vaxið og dafnað. Menntakerfið þarf að fá enn meiri stuðning og klára verður verkefni sem liggja fyrir í orkumálum.

*Höfundur er ritstjóri SUF.*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÍSLENSKT Á GÓÐU VERÐI

**45% AFSLÁTTUR**
HOLTA FERSKAR PÍRI PÍRI KJÚKLINGABRINGUR
**1869 kr./kg.** MERKT VERÐ 3398 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
ALI FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
**659 kr./kg.** MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
FROSNIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.

KJARNAFÆÐI

**25% AFSLÁTTUR**
KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
25% AFSLÁTTUR **1424 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
**398 kr./kg.** MERKT VERÐ 664 KR./KG.

**1155**
KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
**1155 kr./kg.** 15% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1359 KR./KG.

## ÍSLANDSGRÍS AF NÝSLÁTRUÐU *40% AFSLÁTTUR*

**40% AFSLÁTTUR**
GÚLLAS **1122 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
HAKK **528 kr./kg.**
MERKT VERÐ 879 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
ÍSLANDSGRÍS RIFJASTEIK
**598 kr./kg.** MERKT VERÐ 998

**40% AFSLÁTTUR**
ÍSLANDSGRÍS LUNDIR
**1498 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
KÓTILETTUR **1068 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1779 KR./KG.

**40% AFSLÁTTUR**
SNITSEL **1122 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

## JÓLASMJÖRIÐ Í BÓNUS

TILBOÐS JÓLASMJÖR **500g**

**137**
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
**770g 137 kr.**

**298**
KARTÖFLUGRATÍN
**600g 298 kr.**

**259**
GK SUÐUSÚKKULAÐI
**300 gr 259 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# Ábyrgð Samfylkingarinnar

**UMRÆÐAN**

Hallgrímur Helgason skrifar um pólitíska ábyrgð



HALLGRÍMUR HELGASON

Með hverjum deginum sem líður síast inn sú furða og sú staðreynd að hér hefur land verið sett á hvolf og enn hefur ekki nokkur maður sagt af sér. Þeir sem blésu upp þá bankabólu sem sprakk svo illa framan í þjóðina eru reyndar flestir flúnir ofan í sínar vel fóðruðu matarholur en þeir og þau sem áttu að hemja vandann sitja enn.

Og nú er von á tröllaláni frá alþjóðasamfélaginu, mörg hundruð milljörðum króna, sem afhentar skulu þeim sem mesta ábyrgð bera á efnahagshruninu. Er skippernum, sem svaf af sér siglinguna en vaknaði við strandið, treystandi fyrir líflínu þjóðarinnar? Nei. Það má ekki gerast að sömu mönnum og settu Ísland á hausinn sé ætlað að reisa það við. Það bara gengur ekki.

Og með hverjum deginum sem líður vex ábyrgð Samfylkingar. Allt frá því Glitnir brotlenti í Seðlabankanum í lok september var tilfinningin lengi sú að Sjálfstæðisflokkurinn réði för í öllum helstu viðbrögðum. Samfylkingarráðherrar voru ekki með í þeirri bílferð. Meira jafnvægi virtist nást eftir að Inigibjörg Sólrún sneri heim úr veikindaleyfi. Myndugleiki hennar og mælska var vel þegin eftir langar vikur af moðmælum og misvísandi skilaboðum. Á blaðamannafundum stjórnarpars gaf að líta tvo leiðtoga; þann sem kann að tala við þjóð sína og hinn sem kann það ekki.

En það verður að segjast eins og er að vikurnar á undan hafði Samfylkingin verið jafn veik og stýra hennar. Án formanns síns var hún sem höfuðlaus her. Það var líkt og Sjálfstæðisflokkurinn sæti einn í stjórn. Og þrátt fyrir endurkomu formannsins, sem létti nokkuð af brjóstum samfylkingarmanna og kvenna, er þessi tilfinning því miður ekki alveg horfin, um leið og hún er blönduð áhyggjum af heilsu Ingibjargar Sólrúnar.

Hvað sem því líður virðist mörgum formaðurinn ekki alveg með á þeim nótum sem nú eru leiknar í íslensku samfélagi. Ekki síst þegar hún þvertekur fyrir mannabreytingar í ríkisstjórn. Stundum virðist manni meginmarkmið Samfylkingar með stjórnarsetunni sé það eitt að sýna þá ábyrgð að slíta því ekki á örlagastundu.

En það er hægt að sýna ábyrgð með öðrum hætti.

### Nýjan ráðherra bankamála

Samfylkingar er ráðuneyti viðskipta og bankamála. Undir það heyrir Fjármálaeftirlitið, það eldvarnareftirlit sem brást svo herfilega að eftir stendur land í ljósum logum. Það er gersamlega óverjandi að þeir sem því stjórna sitji áfram. Og það er jafn óverjandi að ráðherrann sem fyrir því fór sitji áfram. Þegar allir bankar eru hrundir er augljóst að bankamálaráðherra er ekki lengur sætt. Þau rök að hann hafi ekki vitað um aðsteðjandi hættur, að Fjármálaeftirlitið hafi ekki sagt honum frá þeim, halda ekki. Ráðherra getur ekki skýlt sér á bak við undirstofnun sína. Hann er og verður YFIR henni en ekki á BAKVIÐ hana.

Samfylkingunni er skylt að sýna gott fordæmi og stokka upp Fjármálaeftirlitið og skipa nýjan mann eða konu í ráðuneyti bankamála. Enginn á lengur von á því að sjálfstæðismenn segi sjálfviljugir af sér en þegar Samfylkingin þvertekur fyrir það, sitjandi í ríkisstjórn sem farið hefur með okkur í gegnum heilt þjóðargjaldþrot, er fokið í flest skjól. Við sem héldum að við værum að kjósa „nútímalegan jafnaðarmannaflokk“, flokk sem væri eitthvað aðeins skárri en gömlu

*Og með hverjum deginum sem líður vex ábyrgð Samfylkingar. Allt frá því Glitnir brotlenti í Seðlabankanum í lok september var tilfinningin lengi sú að Sjálfstæðisflokkurinn réði för í öllum helstu viðbrögðum. Samfylkingarráðherrar voru ekki með í þeirri bílferð.*

helspilltu helmingaskiptaflokkarnir. Við héldum að við værum að kjósa flokk lýðræðis, samræðustjórnmála og siðbótar í stjórnmálum.

Á Norðurlöndum hafa kollegar jafnaðarmanna sagt af sér af ýmsum tilefnum svo frægt er. Ráðherra jafnréttismála í Noregi varð uppvís að því að skora á vinkonu sína að sækja um stöðu sem hann átti að úthluta. Mona Sahlin varð uppvís að því að kaupa bleyjur og toblerone á kreditkort ríkisins. Hér á landi þyrfti ráðherra sjálfsagt að kaupa bleyjur og toblerone handa öllum kjósendum sínum á kostnað ríkisins áður en honum dytti í hug að segja af sér.

### Fjármálaráðherra verður að víkja

Þegar Samfylkingin er búin að skipa nýja manneskju í bankamálaráðuneytið og reka yfirstjórn FME er hún komin með „móralskt umboð“ til að þrýsta enn og aftur á breytingar í yfirstjórn Seðlabanka og fjármálaráðuneytis. Á báðum stöðum sitja menn í umboði þjóðarinnar sem eru rúnir öllu trausti. Hennar jafnt sem umheimsins.

Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins varð uppvís að því að selja bréf í Landsbankanum nokkrum vikum fyrir hrun, stuttu eftir að hann sat fund bankamálaráðherrans okkar og fjármálaráðherrans breska, um málefni þessa sama banka. Fjármálaráðherra verður að lúta sömu örlögum og bankamálaráðherra, honum er ekki sætt eftir að fjármálakerfið, peningamálastefnan, gjaldeyrisviðskiptin, krónan, bankarnir … allt er hrunið.

Um Seðlabankann þarf svo ekki að fara mörgum orðum. Raðmistök stjóra hans eru nú orðið tíunduð í erlendum miðlum og jafnvel virtustu stórblöð Evrópu eru farin að uppnefna hann „König David“ svo aðeins er tímaspursmál hvenær nafn hans öðlast endemisfrægð á heimsvísu. Og á meðan sá maður situr enn með sín víðtæku baktjaldavöld mun traust og heiður Íslands njóta sömu frægðar.

Nú síðast undirstrikaði Seðlabankastjóri eigið vanhæfi með sínum sérlundaða hætti þegar honum var ætlað að tala við þjóð sína undir yfirskriftinni „Fjármálakreppan – Er lausn í sjónmáli?“ en eyddi klukkutíma sínum í ræðustól í að tala eingöngu um sjálfan sig og aðeins í fortíð. Peningamál þjóðarinnar eru ein rjúkandi rúst en yfirmaður þeirra „lætur allt snúast um sjálfan sig,“ svo vitnað sé í hans næstbesta vin. Og auðvitað var tilgangurinn sá að frýja sig ábyrgð og benda á alla aðra. Stórmannlegt.

Að auki las svo seðlastjórinn yfir hausamótunum á ríkisstjórn með alvarlegum ásökunum um dug- og ráðaleysi. Hvers konar stjórn er það sem situr undir slíkum ávirðingum frá manni sem á að heita embættismaður hennar? Hve lengi enn þurfum við að vakna við slíkar ræður? Hve lengi enn ætlar hin undirgefna ríkisstjórn að leyfa manninum að „persónugera“ vanda heillar þjóðar í sjálfum sér?

### Þolinmæði á þrotum

Á meðan Samfylkingin situr í ríkisstjórn sem býður okkur upp á þennan farsa getur hún ekki búist við stuðningi okkar mikið lengur.

Ríkisstjórn sem ekki getur rekið þá sem reka þarf verður á endanum rekin sjálf. Ef ekki næsta laugardag, þá þarnæsta laugardag. Og ef ekki þá, þá þann þar á eftir. Hún verður rekin á hverjum laugardegi fram að kosningum. Því loforð um bráðlegar kosningar er eina loforðið sem þjóðin getur tekið af þessari ríkisstjórn.

Þolinmæði okkar er ekki endalaus en af réttlætiskenndinni eigum við meira en nóg.

*Höfundur er rithöfundur.*




# TROÐFULL BÚÐ RAFTÆKJA

## VÖNDUÐ VARA Á GÓÐU VERÐI



**Dantax R40**
Lítið og nett FM FERÐAÚTVARP með innbyggðu loftneti. Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V. Dönsk framleiðsla.

VERÐ 3.490
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips CD1501**
Þráðlaus DECT sími með 50 númer í minni, 12 tíma hleðsla í notkun og 6 dagar í bið. Endurval í síðustu 5 númer.

VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ



**Sandisk Clip2GB**
Agnarsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.

Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm

VERÐ 9.990
FRÁBÆRT VERÐ

## FERÐATÆKI · SÍMTÆKI · MP3 SPILARAR



**Toshiba SD180**
DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.

VERÐ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ



7.1 MILLJÓN PUNKTA

LEICA DC LENS

**Panasonic DMCLS70**
Digital MYNDAVÉL með 7,0 mp upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hreyfimyndatöku. Tekur SD/SDHC kort.

VERÐ 17.990
FRÁBÆRT VERÐ

INNBYGGÐ **KYRRMYNDAVÉL**



**JVC GRD740**
Digital DV TÖKUVÉL me› 2,7" LCD skjá me› 1/6 CCD upptökuflögu me› 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

## DVD SPILARAR · MYNDAVÉLAR · HLJÓMTÆKI



**MÁ HENGJA Á VEGG**

**Philips MCD288**
Míkró DVD DivX HLJÓMTÆKI með 100w RD-klassa MS magnara, fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, 2 hát. og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvam., Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB tengi, Aux inn ofl.

VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 20W300PG**
20" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, 20w Nicam Stereó, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ



**FRONT SURROUND**

**JVC NXF3**
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, Progressive Scan, Upconversion í 720p/1080p í gegnum HDMI, 350w RMS magnara, Front Surround - alvöru heimabíóhljómur úr 3 hátölurum, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með minnum, USB 2.0 ofl.

VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ

## TÖKUVÉLAR · SJÓNVÖRP · HEIMABÍÓ

PHILIPS · JVC · Panasonic · GRUNDIG · Dantax · UNITED · enox. · JBL

KENWOOD · Nikon · OLYMPUS · CASIO · harman/kardon · Infinity · MONSTER

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

**SÆNSKI RITHÖFUNDURINN SELMA LAGERLÖF FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1858.**

*„Guð, láttu sál mína ná þroska áður en kemur að uppskerutímanum.“*

***Selma Lagerlöf hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1909. Meðal bóka hennar eru Gösta Berlings saga og Jerúsalem.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 20. NÓVEMBER 1763**

## *Dómkirkjan á Hólum vígð*



Dómkirkjan sem stendur á Hólum í Hjaltadal var vígð þennan dag árið 1763. Gísli Magnússon vígði kirkjuna. Laurids de Thurah, yfirhúsameistari Dana, gerði tillöguuppdrátt að steinkirkjunni og fól múrarasveininum Johan Christhop Sabinsky að fara til Íslands og stjórna verkinu. Hún var byggð fyrir danskt og norskt gjafafé. Rauði steinninn sem kirkjan er byggð úr var fenginn úr Hólabyrðu í nágrenninu. Meðan á kirkjubyggingunni stóð voru gerðar þó nokkrar breytingar frá tillöguuppdrætti Thurahs og réði þar mestu ýmsar ákvarðanir Gísla biskups.

Sú kirkja sem nú stendur er sjöunda kirkjan sem stendur á Hólum og fimmta dómkirkjan.

Nokkur menningarsöguleg verðmæti eru í kirkjunni, meðal annars altarisbrík sem talið er að Jón Arason hafi gefið kirkjunni í upphafi sextándu aldar, önnur brík í síðgotneskum stíl sem er talin gerð í Nottingham í Englandi um 1470 og róðukross í fullri líkamsstærð, í gotneskum stíl, líklega frá fyrri hluta sextándu aldar.

Altarisbríkin hefur varðveist vel miðað við aldur, en þegar gert var við hana á árunum 1985 til 89 fundust mörg af einkennistáknum líkneskjanna bak við eitt myndverkið og því hefur verið hægt að gera hana sem líkasta upprunalega eintakinu. Lengi var haldið fram að bríkin væri frá Niðurlöndum en listfræðingar telja hana líkari þýskum bríkum.

**MERKISATBURÐIR**

**1917** Úkraína er úrskurðað lýðveldi.

**1940** Ungverjaland, Rúmenía og Slóvakía ganga til liðs við öxulveldin í seinni heimsstyrjöldinni.

**1945** Nürnberg-réttarhöldin hefjast í Þýskalandi.

**1959** Viðreisnarstjórnin, samsteypustjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, tekur við völdum. Hún situr til ársins 1971.

**1993** Atkvæðagreiðsla er um sameiningu sveitarfélaga. Þeim hefði getað fækkað úr 196 í 43 en aðeins ein tillaga af 32 er samþykkt.

**1998** Afganskir dómstólar úrskurða Osama bin Laden syndlausan mann eftir sprengjuárásir á bandarísk sendiráð í Kenía og Tansaníu sama ár.





# Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafn hefur á umliðnum mánuðum óskað eftir aðstoð almennings við að bera kennsl á konur á myndum er settar voru inn í sígarettupakka frá fyrirtækinu Teofani árin 1929 og 1930. Myndirnar eru 50 að tölu og hefur Kvennasögusafn nöfn á 40 þeirra. Nú birtast myndir í síðasta sinn og óskað er aðstoðar lesenda sem fyrr. Skoða má allar myndirnar á vef Kvennasögusafns Íslands: www.kvennasogusafn.is. Kvennasögusafn Íslands þakkar lesendum Fréttablaðsins kærlega fyrir aðstoðina.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Erlendur Steingrímsson**

Prestbakka 9, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 18. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

**Guðný Björg Guðmundsdóttir**
**Steingrímur Erlendsson**
**Ingibjörg Erlendsdóttir** **Ómar Ingi Gylfason**
**Henrik Erlendsson**
**Ásgeir Erlendsson**
**og barnabörn.**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR



Við hönnum legsteininn að þínum óskum.

Komdu við eða kíktu á heimasíðuna og skoðaðu úrvalið.

15% lækkun á innfluttum legsteinum.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval

Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 - www.mosaik.is


RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS: FAGNAR EINS ÁRS AFMÆLI

# Það á engin hindrun að vera fyrir fólk að leita til okkar

Hlýlegt húsnæðið vekur athygli þegar komið er inn í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands við Skógarhlíð. Þar er bókasafn, tölvuaðgangur og þar er líka boðið upp á veitingar. Það besta er þó auðvitað hinn andlega hressing sem þær Ragnheiður Alfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur og Gunnjóna Una Guðjónsdóttir félagsráðgjafi veita þeim sem á þurfa að halda en þær sinna einstaklingum sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra.

Ráðgjafarþjónustan fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. Hún var sett á fót sem tilraunaverkefni til þriggja ára og hefur sannað gildi sitt því um 3.000 manns á aldrinum níu ára til níræðs hafa þegar notið góðs af henni.

Það er Ragnheiður sem verður fyrir svörum þegar forvitnast er um starfsemina. „Að greinast með krabbamein hefur mikil áhrif á líf fólks og við aðstoðum það við að ná jafnvægi á ný og takast á við breyttar aðstæður. Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu sem byggist á viðtölum, fræðslu, stuðningi og ráðgjöf. Oft eiga nánustu aðstandendur og vinir enn erfiðara en sá sem greinist og við kappkostum við að styðja þá. Það er andleg líðan fólks sem mikilvægast er að sinna,“ segir hún.

Ragnheiður lýkur lofsorði á þjónustu Landspítalans við krabbameinssjúka en segir að þegar meðferð ljúki skapist stundum tómarúm. Þá séu þær Gunnjóna til staðar. „Það er allt mögulegt sem kemur inn á okkar borð. Samskipti innan fjölskyldunnar breytast, oft eru gömul mál sem þarf að leysa og átak getur verið fyrir fólk að fara aftur í vinnu. Einmanaleiki og dapurleiki kemur oft upp eftir svona áföll. Þá getur verið gott að koma til einhvers og ræða málin á hlutlausu svæði.“

Ragnheiður segir samskipti við skjólstæðingana bæði fara fram á staðnum en einnig gegnum síma og tölvupóst. „Við förum út á land og höldum fyrirlestra fyrir almenning. Svo þjónustum við Íslendinga erlendis, hvort sem það eru aðstandendur eða sjúklingar. Stundum eru það aðstandendur einhvers sem er veikur hér heima.“

Í Skógarhlíðinni er opið virka daga frá 9 til 16 og á kvöldin og um helgar eru oft námskeið og fyrirlestrar. „Við erum með hádegisfyrirlestra tvisvar í mánuði sem ýmist tengjast krabbameini eða ekki,“ tekur Ragnheiður fram. „Þangað eru allir velkomnir enda hafa mætt um 30 til 100 manns hverju sinni. Í gær var séra Hólmgrímur Bragason hjá okkur og talaði meðal annars um hvernig á að halda í vonina.“

Þess má geta að ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er ókeypis. „Það á engin hindrun að vera fyrir fólk að leita til okkar,“ segir Ragnheiður. „Hvorki búseta né fjárhagur.“

gun@frettabladid.is



**HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG HJÁLPARHELLA** „Það er sorglegt þegar maður heyrir fólk segja að það hafi ekki fengið stuðning sem það þurfti á að halda af því að það hefur ekki vitað af þessu úrræði,“ segir Ragnheiður Alfreðsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Jakobína Guðmundsdóttir (Bíbí)**

Vatnsstíg 15, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00.

**Örn Scheving**
**Bragi Reynisson** **Eulogia Medico**
**Guðrún Hanna Scheving** **Gísli Hermannsson**
**Sigmar A. Scheving** **Hjördís Jóhannsdóttir**
**Brynja A. Scheving** **Karl Jóhann Guðsteinsson**
**Egill A. Scheving** **Laufey Þórðardóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Nanna Jónsdóttir**

frá Mýri í Bárðardal,
Rauðumýri 7, Akureyri,

verður jarðsungin frá Glerárkirkju þriðjudaginn 25. nóvember kl. 13.30.

**Konráð Erlendsson** **Gréta Áseirsdóttir**
**Karl Erlendsson** **Eyrún Skúladóttir**
**Jón Erlendsson**
**Aðalbjörg Erlendsdóttir** **Stefán Aðalsteinsson**
**Helgi Erlendsson** **Steinunn Kristjánsdóttir**
**og ömmubörnin öll.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**SPILADÓS** er skemmtilegt skraut sem skapar notalega stemningu á heimilinu. Spiladósir sem minna á jólin og spila jafnvel þekkt jólalög geta komið öllum í hátíðaskap.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447






LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN




Þórunn hannar ullarfatnað og gerir einnig bútasaumsteppi og púða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlýr og fallegur fatnaður

**Þórunn Símonardóttir hefur stundað handavinnu nánast frá því að hún man eftir sér en hún rekur Textíl Gallerý í Skipholti þar sem hún framleiðir og selur ullarflíkur undir merkinu Hjá Tótu.**

„Ég vinn aðallega úr soðinni ull og ég geri nokkrar týpur af svona jökkum eins og ég er í. Síðan geri ég húfur, grifflur, trefla, hatta og ýmislegt úr ull,“ segir Þórunn Símonardóttir sem starfrækir Textíl Gallerý í Skipholti. „Ég er búin að vera með galleríið í fimm ár en svo hef ég stundað handavinnu alla ævi,“ segir Þórunn en hún er að eigin sögn mikil áhugamanneskja um hvers konar handavinnu. „Ég sauma úr leðri, hnýti körfur, vinn úr gleri og hitt og þetta.“

Þórunn er að stórum hluta sjálfmenntuð en hún var í verknámi á saumabraut á sínum tíma og hefur sótt ýmis námskeið. „Síðastliðið haust fór ég til Danmerkur í Skalls Håndarbejdeskole í Viborg á Jótlandi í hálfan mánuð. Það var frábært en ég hef gælt við að fara þangað í ein tíu eða tólf ár og lét drauminn loks rætast,“ segir Þórunn með blik í augum. Þórunn vann auk þess í Virku í tólf ár og er mikil áhugamanneskja um bútasaum. „Ég geri teppi og púða með bútasaumi en ég hef líka gert púða úr ull.“

Verslunin hjá Þórunni gengur vel og segir hún að í raun gangi alltaf betur og betur. „Ég finn sérstaklega fyrir því núna að mikil vakning er í samfélaginu og áhugi fyrir öllu sem íslenskt er,“ segir Þórunn ánægð.

*hrefna@frettabladid.is*




# ;TÍSKA

**GÍNUR** eru ekki svo ný uppfinning því strax í lok 14. aldar voru dúkkur notaðar til þess að sýna nýjustu tísku. Tískudúkkur Parísar voru síðan á 17. öld aðalsendiboðar tískunnar í Evrópu.
















Vinkonurnar langar báðar að læra fatahönnun en þær hafa auðugt ímyndunarafl og gaman af því að sauma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þær Marta Hlín (til vinstri) og Margrét hafa breytt kjólum og búið til slár.

# Breyta og endurbæta

**Vinkonurnar Marta Hlín Þorsteinsdóttir og Margrét Unnur Guðmundsdóttir, sem báðar eru í áttunda bekk í Smáraskóla, skapa nýjar flíkur úr gömlum spjörum á fatasaumsnámskeiði í Kvöldskóla Kópavogs.**

Þær Marta Hlín og Margrét Unnur eru saman á fatasaumsnámskeiði í Kvöldskóla Kópavogs þar sem megináhersla er lögð á að breyta fötum og endurbæta. Þær hafa báðar mikinn áhuga á fatasaumi og beita ímyndunaraflinu við að skapa nýjar og nothæfar flíkur úr gömlum spjörum af mæðrum sínum og ömmum.

„Ég er búin að breyta kjól og slá sem mamma mín átti. Kjólinn stytti ég og rykkti í mittið en slána lagaði ég til og gerði nýtískulegri," segir Margrét. „Ég er líka búin að breyta og þrengja kjól sem var allt of stór á mig," segir Marta Hlín sem hefur auk þess breytt kápu í slá. „Ég tók bara ermarnar af henni og saumaði fyrir," útskýrir hún en þær stöllur njóta dyggrar aðstoðar kennarans og klæðskerameistarans Guðrúnar Svövu Viðarsdóttur.

Vinkonurnar hafa hingað til mestmegnis fengist við að sauma í textílmennt í Smáraskóla auk þess sem Marta hefur kynnst saumaskap hjá langömmu sinni. „Hún saumaði á sínum tíma fyrir Spútnik og Kjallarann og hef ég aðallega verið að breyta fötum frá henni."

Þær Margrét og Marta segjast báðar ætla á námskeið eftir áramót og ekki kemur á óvart að þær dreymir báðar um að læra fatahönnun.

*vera@frettabladid.is*



















## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Húðflett milli lífs og dauða

Fastur liður í tískuheiminum síðustu ár er að H&M sendir frá sér tískulínu frá frægum hönnuði um miðjan nóvember. Í síðustu viku kom á markað lína frá hönnuði Comme des Garçons, hinni japönsku Rei Kawakubo. Þrátt fyrir kreppu mátti sjá biðraðir fyrir utan H&M búðir í París líkt og oft áður, til dæmis á Haussmann-búlvarði þar sem ein sú stærsta í París er til staðar. Viðskiptavinum var hleypt inn í hollum og sérhannaðir innkaupapokar sáust víða. Rei Kawakubo er einn af virtari hönnuðum heims en vildi gefa stærri hópi tækifæri til að kynnast hönnun sinni og hannar því fyrir H&M. Þannig fylgir hún í fótspor Karls Lagerfeld og Robertos Cavalli svo nokkrir séu nefndir.

Stella McCartney var hönnuður H&M 2005. Hún er sérstakur stílisti sem hefur tekist að skapa sér nafn á eigin verðleikum þó að Paul McCartneysdóttir sé. Stella hefur frá upphafi þverneitað að nota loðfeldi. Hún notar engar dýraafurðir í hönnun sína, ekki einu sinni leður í töskur og skó heldur gerviefni, enda grænmetisæta frá blautu barnsbeini. Móðir hennar, Linda McCartney, var einnig grænmetisæta og eldaði fyrir fjölskylduna grænmeti sem hún ræktaði sjálf. Stella var að opna fyrstu búðina sína í París en hönnun hennar hefur um langt skeið verið seld í stórverslunum Parísar. Hún framleiðir einnig lífrænt ræktaðar snyrtivörur, Care, því náttúruleg efni eru hennar ær og kýr.

Á dögunum seldi ein af samstarfskonum í tískuhúsinu, þar sem ég eyði töluverðu af tíma mínum þessar mundir, kápu úr skinni með einstaklega stuttum og mjúkum hárum. Kápan kostaði 8.600 evrur og fyrir vikið vakti áferðin athygli mína. Ég fékk þær upplýsingar að feldurinn væri símjúkur vegna þess að skinnið væri af nýfæddu lambi. Ekki nóg með það, móðirin var kviðrist til að ná því út. Þessi flík hefur því kostað mörg líf því það þarf örugglega nokkur lömb í eina kápu.

Fyrir vikið opnuðust allar gáttir starfsfélaganna og hver hafði sína dýrasögu að segja. Til dæmis hvers vegna hárin eru oft mjög upprétt á loðfeldi en ekki flöt. Það er vegna þess að feldurinn er tekinn af áður en dýrið er dautt og hræðslan veldur því að dýrið ýfir hárin. Ekki er hægt annað en hugsa til Dýrasögu Ástu Sigurðardóttur. Enn annar sagði að oft væri járnstöng notuð til að koma í veg fyrir að aflífunin gerði göt á dýrmætan feldinn.

Stella McCartney segist einmitt vera algjörlega á móti því að nota dýr með þessum hætti til að skreyta ríkar konur þegar önnur efni bjóðast. Skyndilega hækkaði Stella McCartney mikið í áliti hjá mér og spurning hvort ekki sé tími kominn til að endurskoða aðferðafræði tískunnar hvað loðfeldi varðar.

*bergb75@free.fr*

# Gengið á glerbrotum

**Glamúrinn var allsráðandi á tískusýningu Victoria's Secret þar sem fyrirsætur spígsporuðu innan um blaktandi silfurpálma.**

Árleg tískusýning Victoria's Secret fór fram á Miami Beach á laugardag. Yfirskrift sýningarinnar var afturhvarf til glamúrsins en glamúr mun einkenna vörur nærfataframleiðandans í ár.

Það stirndi á sýningarpallinn sem var alsettur glerbrotum og þurftu fyrirsætur á borð við Heidi Klum og Adriana Lima að stíga varlega til jarðar til að fara sér ekki að voða.

Fyrirsæturnar sýndu 68 mismunandi klæði og þar á meðal fimm milljóna dala svartan demantshaldara eftir skartgripahönnuðinn Martin Katz. Hann er alsettum svörtum og hvítum demöntum og er hægt að nálgast í gegnum nýjasta sölubækling framleiðandans. *- ve*






Sparifötin komin. Skoðaðu úrvalið
www.vefta.is
Hólagarði & Mjódd
Vefta
Tískuföt
Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2051



PEYSUVIKA
Í SIGURBOGANUM
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM PEYSUM.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL.
SIGURBOGINN
Laugavegi 80, 101 Reykjavík • sími 561 1330
www.sigurboginn.is



ný vara
20%
afsláttur
B&S
KONUR
BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
SAND
B&S Kringlunni | 553 4141

FIMMTUDAGS
ecco TILBOÐ



Country
40064 00809
Litir: Svart
Stærðir:
41 - 47 ~~21.995~~
16.995
GORE-TEX



Country
40084 00809
Litir: Svart
Stærðir:
41 - 47 ~~25.995~~
19.995
GORE-TEX



Eindhoven
84913 00101
Litir: Svart
Stærðir:
37 - 41 ~~14.995~~
11.995



Image
45073 00101
Litir: Svart, Brúnt
Stærðir:
36 - 42 ~~24.995~~
19.995

KRINGLAN SMÁRALIND LAUGAVEGUR
the most comfortable place on earth
ecco®

**BARNARÚM** sem hægt er að stækka er mjög hagkvæmur kostur inn í barnaherbergið. Rúmið vex þá með barninu og ekkert mál er að minnka það aftur þegar næsta barn tekur við því.



# Lykilatriði að elda heima

**Heimilishald kostar sitt og á erfiðum tímum getur reynst þrautin þyngri að ná endum saman. Þeir Einar Már Birgisson og Örvar Jens Arnarson í fyrirtækinu Fjárvit kunna þó ýmis ráð. Sjá www.fjarvit.is**

„Númer eitt er að hafa yfirsýn yfir fjármálin og að fólk viti í hvað það er að eyða. Það er fyrsta skrefið og það stærsta. Svo er hægt að skoða útgjöldin.“ Þetta eru þeir sammála um, Einar Már Birgisson og Örvar Jens Arnarson sem stofnuðu fyrirtækið Fjárvit í september síðastliðnum og reka þar alhliða fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga. Sáu þeir fjármálahrunið fyrir?

„Nei,“ fullyrða þeir. „Við sáum hins vegar þörf fólks af yngri kynslóðinni fyrir ráðgjöf og almenna fræðslu um fjármál. Svo kom bankakreppan og þörfin varð enn brýnni. Margir eru með yfirdrátt, Visakort og bílalán í rugli. En hingað kemur líka fólk með allt í góðum farvegi og vill bara læra meira um peningamálin.“

Beðnir um sparnaðarráð stendur ekki á þeim.

„Sem neytendur eigum við að taka þátt í virkri samkeppni og leita bestu fáanlegu kjara á föstum útgjaldaliðum eins og tryggingum, síma, internetþjónustu og yfirdráttarvöxtum. Fólk á að vera óhrætt við að fá tilboð í þessa liði reglulega, sýna þau tilboð svo hjá samkeppnisaðilunum og spyrja hvort þeir bjóði betur. Þetta getur munað nokkrum þúsundköllum á mánuði.

Heimabankinn er reyndar gott tæki til að fylgjast með stöðu fjármálanna í stað þess að láta allt eiga sig þar til krafan frá lögfræðingnum kemur. Eitt ráð til að spara er að sleppa því að fá greiðsluseðla senda heim. Þeir kosta 250 kall stykkið. Þannig sparast nokkrir þúsundkallar á mánuði. Svo er sniðugt að gera áætlun fram í tímann yfir falda kostnaðarliði eins og afmæli, jól og ferðalög. Þá er hægt að spara fyrir þeim og losna við yfirdrátt, vísareikning og óþarfa kostnað.

Við ráðleggjum fólki að gera innkaupalista fyrir vikuna og fara eina ferð í lágvöruverslun til að kaupa inn það sem er á listanum. Þá veit það að til er matur í öll mál. Þetta sparar aukaferðir í dýrar klukkubúðir, skyndibitakaup og bensíneyðslu. Við mælum líka með nesti í skólann og vinnuna,“ segja þeir félagar. Reikna þeir sem sagt með að eldað sé heima öll kvöld? „Já, það er lykilatriði ef á að spara,“ segja þeir ákveðnir og bæta við glettnir: „Eða fara í mat! Góðir foreldrar og tengdaforeldrar eru auðvitað gulls ígildi.“ *gun@frettabladid.is*



„Sniðugt er að gera áætlun fram í tímann yfir falda kostnaðarliði eins og afmæli, jól og ferðalög. Þá er hægt að spara fyrir þeim og losna við yfirdrátt og visareikning,“ segja þeir félagar í Fjárviti, Einar Már og Örvar Jens. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Útsölumarkaður du pareil au même verður opinn:**

Nú fer hver að vera síðastur

Fimmtudaginn 20. Nóv 12:00-18:00
Föstudaginn 21. Nóv 12:00-18:00
Laugadaginn 22. Nóv 10:00-18:00
Sunnudagurinn 23. Nóv 13:00-18:00

Verslunin hættir, fullt af frábærum tilboðum á barnafatnaði 0mán-14ára.

du pareil... au même
Garðatorgi 7, Garðabæ. 5886750

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

;ALLT HELGIN
Alla föstudaga

Jólatré til skreytinga fyrir fyrirtæki og stofnanir



Sígræna jólatréð – eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

Spennandi nám, miklir atvinnumöguleikar



zetor

Raftækniskólinn kynnir

Grunnám rafiðna - Hraðdeild
Undirbúningur fyrir framhaldsnám í rafiðngreinum. Tekur tvær annir í stað fjögurra. Inntökuskilyrði er stúdent eða sambærileg menntun.

Rafeindavirkjun
Menntun í rafeindavirkjun gefur mikla atvinnumöguleika í raf- og hátækniiðnaði. Menntun í rafeindavirkjun er góður undanfari fyrir rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfræðimenntun.
*Tölvur, netkerfi, staðarnet, víðnet, hub, switch, router, rauntímanet, IP, VHF, GPS, radar, AIS Linux, Windows, jaðarbúnaður, loftnetskerfi, fjarskiptakerfi, iðnstýringar, radíófjarskipti, sjónvarp, hljóð, video streaming, miðlun, hátækni, LCD, Plasma, CanOpen, I2C, forritun.*

Rafvirkjun
Menntun í rafvirkjun gefur mikla atvinnumöguleika í raf- og hátækniiðnaði. Menntun í rafvirkjun er góður undanfari fyrir nám á hærra skólastigi.
*Raflagnir, stýringar, lýsing, segulliðar, PLC tölvur, forritanlegt raflagnaefni, tengi, dósir, kló, innstunga, lekaliði, útsláttaröryggi, símkerfi, tölvulagnir, reglugerðir um raforkuvirki, tæknilegir tengiskilmálar, raflagnateikning, loftstýringar, rökrásastýringar, stjórnbúnaður, rafalar, rafmótorar, spennar, rafdreifikerfi.*

www.tskoli.is/skolar/raftaekniskolinn/

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is

# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 20. NÓVEMBER 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Grundvöllur tækifæra

„Við hugsum smiðjuna fyrir smáframleiðslu matvæla og snýr hugmyndin helst að bændum, útgerðaraðilum og þeim sem eiga hráefni,“ útskýrir Guðmundur H. Gunnarsson, deildarstjóri hjá Matís á Hornafirði sem opnaði á dögunum Matarsmiðjuna fyrir þá sem vilja koma eigin matvælaframleiðslu á markað.

Fyrir hráefnisframleiðendur getur það verið stórt stökk að þróa afurðir fyrir neytendamarkað. Stofnkostnaður er mikill og nokkur áhætta fólgin í að markaðsetja óþekkta vöru. Guðmundur segir hlutverk Matarsmiðjunnar að brúa þetta bil.

„Framleiðandi þarf að yfirstíga tvær kostnaðarsamar hindranir. Í fyrsta lagi þarf aðstöðu með sérhæfðum tækjabúnaði og svo að eiga við reglugerðir og lög sem snúa að matvælaframleiðslu. Fólk lætur oft milljóna króna stofnkostnað stoppa sig. Stóra spurningin er líka: Mun varan seljast? Hugmyndafræðin á bak við Matarsmiðjuna er að útvega fólki það sem þarf til að byrja í húsnæði sem uppfyllir allt regluverkið.“

Hráefnisframleiðendur alls staðar á landinu geta sett sig í samband við Matís með hugmyndir sínar og í framhaldinu leigt sér aðstöðu í Matarsmiðjunni. Þar fá þeir aðgang að sérþekkingu fagaðila við framleiðslu og þróun vörunnar en Matarsmiðjan er eina aðstaða sinnar tegundar á landinu. „Ef vel gengur getur fólk síðan farið út í stofnkostnaðinn við eigið fyrirtæki.“

*- rat*



**Hráefnisframleiðendur geta nú leigt sér aðstöðu til að þróa neytendavæna vöru.**

# Gefa hönnun og mat

Fyrirtækið Valfoss og hönnuðurinn Sigga Heimis ætla að láta ágóða af hönnun þeirrar síðarnefndu renna óskiptan til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur fyrir jólin í ár. Hönnunin er hvítur borðklútur með svartri, rauðri eða grænni áprentun sem er í laginu eins og Ísland og er meðal hluta í jólagjafakössum sem útbúnir eru af Valfossi.

Í jólagjafakössunum er áherslan á íslenska hönnun, íslenska matvöru og vandaðar hönnunarvörur. Meðal innihalds er íslenskt kjöt, meðlæti frá Ora, kex frá Frón, kertin frá kertaverksmiðjunni Heimaey og súkkulaði frá Nóa og Síríus, ásamt skandinavískri hönnunarvöru.

Sigga Heimis var hönnuður hjá Ikea um árabil og starfar í dag hjá Fritz Hansen. Valfoss er fyrirtæki í fararbroddi í sölu og þróun á vandaðri gjafavöru og meðal vörumerkja eru Erik Bagger, Stelton, Menu og Rosendahl.

Að auki mun Valfoss láta hluta af ágóða af öllum seldum matarkössum renna til mæðrastyrksnefndar með von um að sem flestir geti átt gleðileg jól því mæðrastyrksnefnd úthlutar mat og fötum til þeirra sem eiga í fjárhagserfiðleikum.

*-gun*



**Borðklútarnir hennar Siggu Heimis eru listaverk út af fyrir sig.**



**Matarkassarnir frá Valfossi eru með ýmsu móti en allir innihalda þeir íslenska framleiðslu.**




**Halldór G. Eyjólfsson segir mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að eitthvert lag komist á gengismálin en að óbreyttu munu vörur óhjákvæmilega hækka í verði. Þrjátíu prósenta vöxtur hefur þó verið hjá 66° Norður á hverju ári síðustu ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikill vöxtur síðustu ár

**Fyrirtækið 66° Norður á sér langa sögu í íslensku samfélagi og hefur hróður þess borist víða. Mikil aukning hefur verið í sölu til ferðamanna.**

Sögu fyrirtækisins 66° Norður má rekja til ársins 1926 þegar Sjóklæðagerð Íslands hóf starfsemi sína í bakhúsi við Laugaveg. „Þá hannaði fyrirtækið og framleiddi skjólfatnað fyrir sjómenn. Síðan var farið í almennan vinnufatnað en ævintýrið hófst á Suðureyri við Súgandafjörð,“ útskýrir Halldór Gunnar Eyjólfsson, forstjóri fyrirtækisins.

„Fyrirtækið flutti til Reykjavíkur nokkrum árum eftir stofnun og störfuðu þá 150 manns við framleiðslu á almennum vinnufatnaði,“ segir Halldór. „Síðar flutti fyrirtækið í nýtt hús við Skúlagötu, sem félagið byggði, og var þar í fjölda ára. Einnig voru reknar saumastofur með verktaka um allt land.“

Fyrirtækið hóf að hanna útivistarfatnað um þrjátíu árum síðar. „Um 1977 til 1979 litu fyrstu útivistarflíkurnar dagsins ljós. Á þessum árum hafði fjöldi fyrirtækja sameinast og árið 1986 runnu þau endanlega saman í það snið sem nú er,“ segir Halldór og nefnir að síðastliðin þrjátíu ár hafi fyrirtækið haldið áfram framleiðslu á vinnufatnaði og komið stöðugt með nýjungar. „Við höfum meðal annars framleitt fatnað fyrir Landsbjörg í tæp fjörutíu ár.“

Áherslur breyttust í hönnun útivistarfatnaðar hjá 66° Norður fyrir um fimm árum en þá var farið að bjóða upp á hversdagslegrifatnað. „Við höfum kallað þessa línu Icelandic Living, eða Íslenskur lífsmáti, sem er meiri götufatnaður,“ útskýrir Halldór.



**Nýi útivistarfatnaðurinn hentar vel til daglegra nota.**

Útflutningur á sjófatnaði hófst fyrir 21 ári. „Útflutningur á nýja útivistarfatnaðinum hófst hins vegar fyrir um sex árum,“ útskýrir Halldór og segir þau viðskipti hafa vaxið mikið síðustu ár. Framleiðslan var flutt til Lettlands árið 2001 þar sem erfitt var að fá vinnuafl á Íslandi auk þess sem tækniþekkingin í iðnaðinum hafði dalað hér árin á undan. „Fyrirtækið keypti eigin verksmiðjur í Lettlandi og hefur rekið frá árinu 2002 með um 180 starfsmenn. Það hefur gengið vel en sú afkastageta hefur ekki dugað. Því hefur fyrirtækið líka farið út í framleiðslu í Kína.“



**Til er falleg barnalína hjá 66°Norður.**

Ferðamönnum sem kaupa vörur af 66° Norður hefur fjölgað frá í fyrra. „Aukningin í október var 123 prósent en það er líka vegna þess að varan er enn mjög ódýr hjá okkur á Íslandi miðað við hvað hún kostar erlendis,“ segir hann og nefnir sem dæmi vinsæla Parkaúlpu með skinnhettu sem kostar í dag 53.000 krónur á Íslandi en 79.000 krónur í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og New York. Hann viðurkennir að vörurnar eigi óhjákvæmilega eftir að hækka í verði miðað við núverandi gengi.

*- hs*

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA
sími 511 4466

Ómótstæðilegar sælkeravörur við öll tækifæri...

Cumberlandsósa - Piparrótarsósa - Hindberja vinaigrette - Fíkjuhunang - Mangó - og eplachutney - Graflaxssósa - Valhnetuhunang




Fæst í Osta-og sælkeraborðinu í Hagkaupum í Kringlunni

KORTER.IS




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 9025 · Actavis 708003

# Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*




**Notkunarsvið:** Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

actavis
*hagur í heilsu*

# Sigurför um heiminn

„Núna á mánudaginn seldi ég fyrsta úrið til Kínverja sem er þar með orðinn eini Kínverjinn í heiminum sem á svona úr,“ segir Gilbert Ólafur Guðjónsson úrsmiður, sem hefur framleitt íslensk karlmannsúr síðustu þrjú ár sem hafa að hans sögn farið sigurför um heiminn.

„Núna er stanslaus straumur af útlendingum sem koma til okkar að kaupa. Svo erum við einnig með verslun á netinu sem við auglýsum í Atlantica, bæklingum Icelandair,“ segir hann og bætir við: „Margt fólk pantar hjá okkur úr í gegnum netið og við sendum vöruna út um allan heim. Til dæmis er fullt af íslenskum úrum í Ástralíu.“

Hönnunin er öll í höndum Íslendinga og smíðar Gilbert úrin úr hlutum sem eru sér-framleiddir í verksmiðjum í Sviss og Þýskalandi. Sigurður Gilbertsson, sonur hans, Júlíus Heiðarsson og Grímkell Sigurþórsson hanna úrin og öskjurnar, en íslenskur listamaður hefur auk þess grafið í þær.



Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmiður og Sigurður Gilbertsson hönnuður.

Úrsmíðin og frágangurinn tekur rúman hálfan mánuð. „Eftir að við fáum alla hlutina byrjum við að raða saman. Svo fer úrið í alls konar prufur, meðal annars í tæki sem líkist því að vera með úr á hendi og þar er það í tíu til fjórtán daga.“

Gilbert verður svo með nýja línu til sölu í desember. „Þetta eru tíu karlmannsúr. Aðeins tíu verða gerð og hafa níu þegar verið pöntuð.“ *- aöv*



Aðeins tíu úr verða búin til og er þegar búið að panta níu. Úrið kostar 1,3 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# Spekingar hanna framtíðina

**Á ráðstefnunni Hönnum framtíðina! í Iðnó í dag verður vöngum velt yfir nýsköpun í hönnun.**

„Hefði ég ekki orðið rithöfundur væri ég sennilega arkitekt en þegar ég var yngri að velja mér ævistarf ríkti kreppa og þá las ég í viðtali við Steve Christer, arkitekt ráðhússins við Tjörnina, að hann hefði teiknað einn bílskúr síðan hann teiknaði ráðhúsið. Ég veit ekki hvort það voru ýkjur, en fannst þá liggja beinast við að fara að skrifa. Þannig er maður líka frjálsari og getur byggt sína loftkastala án þess að setja traust sitt á verktaka,“ segir rithöfundurinn Andri Snær Magnason, einn sjö frummælenda í Iðnó í dag.

„Undanfarin ár hef ég deilt skrifstofu með arkitektum og þeir platað mig til að taka þátt í hönnunarkeppnum með sér. Þannig hef ég getað nært þennan áhuga um leið og við höfum unnið nokkrar keppnir, eins og Krikaskóla sem nú rís í Mosfellsbæ og Íslandsbankakeppnina um endurhönnun fallega frystihússins á Kirkjusandi,“ segir Andri Snær, sem í hlutverki rithöfundar hefur einnig mikla skoðun á bókahönnun.

„Hönnun og nýsköpun hverfa oft fyrst þegar slaknar á atvinnulífinu, en eru þó lykill að endurreisn í alls kyns greinum. Á sama tíma snýst þróunin við og í stað þess að hanna eftir pöntun, þurfa hönnuðir að gerast uppfinningasamir á nýsköpun,“ segir Andri Snær og bætir við að 90 prósent nýrra íbúða nú séu eftiröpun og lítil sem engin hönnun í gangi.

„Nú þurfum við að endurhugsa borgarlandið okkar, því borgin fór algjörlega úr böndum í bullinu. Mikið af nýuppbyggðum hverfum eru ekki eins vel gerð og við hefðum viljað gera þau og því þurfum við að endurmeta hlutina, svo þeir standist tímans tönn og séu til sóma,“ segir Andri Snær og minnir á að borgin hafi oftast byggst upp á góðæristímum, en í kjölfarið komið svo djúpar lægðir að menn geti vart ímyndað sér að byggt verði aftur í Reykjavík.



Andra Snæ Magnasyni rithöfundi fannst skynsamlegt að kveðja arkitektadrauminn og hefja ritstörf þegar arkitektar höfðu úr litlu að moða í síðustu kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/

„Og svo verða menn svo fegnir þegar eitt hús verður byggt að þeir gera engar kröfur og þannig varð Borgartún til. Þá fær verktakinn svo mikil völd að hann byggir eftir eigin höfði og sveitarfélögin þora ekki að standa í lappirnar vegna innbyrðis samkeppni um verkefni. Þannig hefur myndast vítahringur sem við þurfum að komast út úr,“ segir Andri Snær sem í fyrirlestri sínum ætlar einnig að róa á önnur mið.

„Við eigum svo margt til, sem nú er tími til að sinna; hvort sem það er vetrarferðamennska eða sérstaða okkar í forngripum. Nú er tímabært að huga að framsetningu á menningar- og náttúruarfi okkar, sem enn hefur ekki verið gert gagnvart skólakerfi og í söfnum. Þjóðminjasafnið er flott, en öll náttúruvísindi eru enn óframsett, sem og framsetning á handritum Íslendinga, sem ætti að vera á miklu stærra sviði; eitthvað í ætt við Smithsonian-söfnin. Nú er því góður tími til að vera viðbúin þegar við getum farið að byggja aftur og hafa þá einhverja sýn. Því við höfum farið óhannaðar leiðir inn í framtíðina og því miður ekki ólíklegt að tekin verði Hringbrautarnálgun á næstu stórframkvæmd, því skortur er á vinnu fyrir vélar og verktaka. Eingöngu af því við höfum aldrei tíma til að hugsa.“

Ráðstefnan Hönnum framtíðina! stendur frá 16 til 18 í dag. *- þlg*

# Meðbyr með prjónavöru

Glófi ehf. er stærsti prjónavöruframleiðandi á Íslandi. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru sokkar, vettlingar, húfur, hárbönd, treflar og sjöl. Einnig alls kyns flíkur úr íslenskri ull svo sem slár, peysur og kápur ásamt ýmsum vörum úr íslensku lambaskinni.

Eigendur fyrirtækisins eru þeir Logi A. Guðjónsson og Páll Kr. Pálsson en Logi hefur verið viðriðinn prjónaiðnaðinn síðastliðin 40 ár og upplifað bæði uppsveiflu og miklar lægðir. Um þessar mundir segir hann mikinn meðbyr með íslenskri prjónaframleiðslu.

„Iðnaðurinn var um það bil að líða undir lok rétt fyrir síðustu aldamót, eða um það leyti sem við keyptum Glófa, enda margir af fyrri eigendum komnir á efri ár. Við keyptum nokkur bitastæðustu fyrirtækin og reyndum að púsla þeim saman í heildstæða lífvænlega einingu.

Nú fer starfsemin fram á þremur stöðum. Á Akureyri er framleiðsla á smávörum og mokkavörum. Á Hvolsvelli eru flíkur og stærri vörur framleiddar og í Kópavogi er sölu- og markaðsstarfsemin til húsa,“ segir Logi.

Hann segir mikla aukningu í allri starfsemi fyrirtækisins, bæði eigin framleiðslu og framleiðslu fyrir aðra og þá einkum hönnuði og tískuverslanir. Auk þess selur Glófi afurðir sínar, sem framleiddar eru undir merkinu Varma of Iceland, hjá hinum ýmsu smásölukeðjum og sérverslunum bæði hér heima og erlendis. *- ve*



Logi, framkvæmdastjóri Glófa, hefur verið viðriðinn prjónaiðnaðinn síðastliðin 40 ár en hér er hann ásamt Pamelu J. Svavarsson, sölu- og markaðsstjóra fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Glófi framleiðir sjöl, húfur, vettlinga og trefla í úrvali.



# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Skrifstofan – Planta

Síðan að við mannfólkið förum að hreiðra um okkur innan dyra hafa plönturnar fylgt okkur eftir. Nálægð við gróðurinn er mikilvæg á margan hátt. Plöntur þjóna því hlutverki í náttúrunni að fylla loftið af súrefni* svo að á jörðinni þrífist líf. Plöntur innan dyra auka súrefnisflæði, jafna rakastigið og hreinsa eiturefni úr loftinu. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa plöntur þar sem mikið af rafmagnstækjum eru í gangi t.d. á skrifstofunni.



*Með ljóstillífun grænna plantna er koltvíoxíð ($CO_2$) úr andrúmsloftinu notað til að mynda kolvetni eða sykrur. Um leið er vatnssameind ($H_2O$) klofin í frumum til að halda uppi ljóstillífun og afleiðing þess er sú að súrefni ($O_2$) losnar.
Talið er að jörðin hafi verið súrefnislaus fyrir 3,5 milljónum ára en síðan hafi smám saman myndast súrefni við ljóstillífun örvera. Nú er súrefni um 20% í andrúmsloftinu.

*Meira um alla hluti í skrifstofunni á: http://www.natturan.is/husid/1352/*



Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund



Margt fallegt verður á boðstólum hjá MS-félaginu á laugardaginn.

# Handunnið og hentugt

**Kerti og jólakort ásamt munum úr gleri og ull eru meðal söluvara á markaði MS félagsins að Sléttuvegi 5 næsta laugardag milli 13 og 16.**

Ótal fallegir hlutir sem unnir hafa verið í dagvist MS-félagsins verða til sölu á opnu húsi hjá félaginu að Sléttuvegi 5 nú á laugardaginn, 22. nóvember. Þar má nefna glerbakka, handunnin kerti og skartgripi úr hinum ýmsu efnum. Einnig grjónapoka til að hita og prjónaðar hlífar utan um vasapela og flöskur, sem líta út eins og lopapeysur. Nú er því tækifæri til að kaupa fallegar og hlýlegar jólagjafir og styrkja góð samtök í leiðinni.
Boðið verður upp á súkkulaði og vöfflur með rjóma á vægu verði meðan húsið er opið en það er á milli klukkan eitt og fjögur.

*- gun*


Kommóður
á tilboði













Hirzlan
www.hirzlan.is






INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF



KAUPAUKI
Pottasett fyrir spanhellur ( verðmæti kr. 25.000 ) Þegar þú verslar við okkur fyrir a.m.k. kr. 500.000 færð þú vandað STÁLPOTTASETT í kaupbæti.

NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP. TIL AFGREIÐSLU AF LAGER EÐA MEÐ STUTTUM FYRIRVARA

AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM 25% AFSLÁTTUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
VIÐ BJÓÐUM VISSAR GERÐIR BAÐINNRÉTTINGA OG FATASKÁPA MEÐ 50% AFSLÆTTI.
Einnig vissar gerðir raftækja með 40-50% afslætti
(ofnar, keramikhelluborð, háfar, gaseldavélar, gashelluborð)
NÚ GETUR ÞÚ GERT REYFARAKAUP!!!

25%-50% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM, ÞEGAR ÞAU ERU KEYPT MEÐ INNRÉTTINGU !



ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLI -OG FRYSTISKÁPAR

OPIÐ
MÁN. - FÖST. KL. 10-18
LAUGARDAG KL. 11-16

ELBA scan SNAIGÉ
NÝ VEFSÍÐA - VELKOMIN 24/7
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Inntekk

Geymsludagar
frá 20.11 - 01.12

elfa hillur og vírkörfur, Halogen ljós, límtrésborðplötur hnota birki og beyki, skápahöldur, Hailo ruslafötur, hnífaparabakkar, búrskápar, hilluefni 30 og 40 cm og margt fleira.

40 - 60%
afsláttur

Opnunartími mán til föstudags 08.00-18.00
10.00-15.00 á laugardögum







Inntekk ehf Klettagarðar 6 104 Reykjavík • sími 580 6767
Fax 580 6768 • e-mail: inntekk@inntekk.is

Til leigu 85fm 4ra herb. íbúð í Fossvogi. Leiga 90þ. + hiti & rafm. Ekkert fyrirfram. S. 660 6850.

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvottavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608.

2 herb. íbúð 67fm. á 2 hæð. í Asparfelli. Leiga 95þ. Allt innifalið. Laus 21 des. S. 863 3749

Til leigu nýuppgerðar 2ja herb. íbúðir í 101. Góður staður. Mán. leiga 100-150þ. 69fm stórar, sérinngangur, lausar strax! S. 899 3034.

Herb. í miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 35þ. eða 7-10þ. S. 895 0482.

Kosy 47fm risibúð m húsg. a Lokastíg í 101 Langtímaleiga 70.000 -reikn. Uppl. í s. 581 2369.

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Björt 2ja herb. 68fm íbúð til leigu í Grafarvogi. V. 110 þ. á mán m. hússjóð og hita. Uppl. í s. 699 1879.

Stórt herbergi í 101 Rvk. til leigu. 45 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

4ra herb íbúð til leigu í kóp 120,000 með hita og hússjóð er laus en leigist ekki með geymslu en leigist með tvofoldum ísskáp og uppþvottavél. Uppl. í síma 847 0891 Ásdís.

Apartment for rent in Hafnarfjörður. 100Þ. per month. Available now. 894 7700

**Hlíðar - Laust strax**
Til leigu herb. á frábærum stað í hlíðunum. Stutt í allar áttir, T.d. HÍ og Landspítali/borgarspítali. Sameginleg eldunaraðst., bað og þvottavél. Internet. Laust strax. S. 863 3328 & 846 0408.

Til leigu falleg 40fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á frábærum stað á Öldugötu, Rvk. Leiga 95 þús. Laus 1. des. Húsgögn geta fylgt. Áhugasamir hafið samband við Hannes í s. 699 5008.

Herbergi til leigu stutt frá Landakoti. Aðgangur að eldhúsi, baði, þvottavél, þurrkara og interneti. 50.000 á mán. S. 772 2528.

Glæsileg 118fm 3ja herb. íbúð í Sjálandi, Garðabæ, til langtímaleigu. 140þ + hússjóður, rafmagn og hiti. Páll, 6964464.

Björt og falleg sérhæð með útsýni í 112. Langtímaleiga. Reykl. Er laus. hrabbas@mi.is

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**Herbergi óskast !!**
**Skilvís og reglusamur ungur maður óskar eftir að taka herbergi á leigu með sér inngangi. Æskileg staðsetning er svæði 109/110/111. Aðgangur að WC skilyrði. Traustar greiðslur.**
**Upplýsingar gefur Haukur í. s. 661 4242.**

Óska eftir 2-3 herb íbúð til leigu. Helst í 101-105 Rvk. Ábyrgur ungur maður í fullri vinnu. Uppl í s. 868 5327.

Vantar íbúð ca. 50-70fm mán. leiga ca. 70-80þ. Helst miðsv. S. 845 4072.

Reglusamt og skilvíst par, aldr. 40-50 óskar eftir 2-3 herb. íbúð. Langtímaleiga. helst miðsvæðis í Reykjavik. uppl. 561 1710& 866 155 & siggiag@simnet.is

Ísl./dk fjölsk. óska e. 4 herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Reyklaus, reglusöm og skilvísum gr. heitið, gr.g.90-100þús. Uppl. í s. 893 6603.

50 ára kk óskar e/ 2-3 herb. íb. nálægt miðbænum. V. 85þ. á mán. Traustur leigjandi. Meðmæli. S. 691 6896.

Æfingarhúsnæði óskast í Garðabæ fyrir mann sem syngur og spilar á gítar. S. 565 1717.

Óskum eftir 4 herb. íbúð á jarðhæð eða húsi í Hfj. erum með hund. S. 698 7512.

Óskum eftir íbúð til leigu á Álftanesi Fyrirframgreiðsla ef óskað er áhugasamir sendi upplýsing um stærð,verð og staðsetningu á netfangið: ibudalftanes@gmail.com

## Sumarbústaðir

Tilboð Veiðimenn/Skíðafólk sumarhús í Varmahlíð til leigu 50 fm hús vika 20 þús. helgi 10 þús. f/4-6 60 fm hús vika 30 þú.s helgi 20 þús. f/6-8. S. 862 2129.

Stórglæsilegt sumarhús til leigu. Allar upplýsingar á www.brekkuskogur.com

## Atvinnuhúsnæði

**Laugarvegur - Til leigu**
Glæsilegt verslunar-og þjónustupláss til leigu í nýinnréttuðu húsnæði ofarlega við Laugarveg. Hentar vel undir ýmiskonar þjónustu svo sem verslun, hárgreiðslu-eða snyrtistofu eða veitingarstað. S. 845 3083.

**Bolholt 4 til leigu !**
170 fm verslunar eða skrifst.húsnæði á götuhæð. Hægt að skipta í tvennt, lausir veggir! Steinteppi á gólfi. Allt í góðu standi. Laus strax! S. 511 2900 / 893 8166 / 896 0747.

**Lagerhúsnæði 700 til 1500 fm óskast**
Lagerhúsnæði 700 til 1500 fm með innkeyrsludyrum óskast til leigu í Reykjavík. Leigutími til lágmark 2 ára, er tilbúinn að gera langtímasamning ef verð og annað er hagkvæmt. Greiðslugeta fyrir þessa starfsemi er 300 kr á fermeter Sími 892 0808 eða e-mail oliver@midlarinn.is Miðlarinn ehf www.midlarinn.is

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Bílskúr

Bílskúr óskast í langtímaleigu snyrtileg umgengni og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 897 2555.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Netviðskiptaskóli Íslands
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag.Lærðu nýja tekjuleið í dag! Farðu á www.netvidskipti.is

**Ræstingar**
**Ræstingaþjónustan sf leitar að íslenskumælandi fólki á aldrinum 35-50 ára til kvöldræstinga víða á höfuðborgarsvæðinu.**
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 821-5059.**

**Rúbín í Öskjuhlíð**
**Veislusalurinn Rúbín í Öskjuhlíð óskar eftir þjónum og barþjónum í hlutastarf.**
**Upplýsingar veitir Kolbeinn í s. 617 1111.**

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Óska eftir fólki til sölustarfa mjög góð sölulaun í boði. Aldur 25-70. 661 7595.

Pólskur rafmagnsfræðingur óskar eftir vinnu. Talar 100% ensku og smá í Íslensku. starfaði síðast við uppsettningu öryggis kerfa. Meðmæli ef óskað er .Margt kémur til greina. S. 895-0723 Bartek. S. 847-7763 Tómas (Túlkur)

**Bílasala**
Óskum eftir að ráða mann í afleysingar. Jafnvel til framtíðar. Þarf helst að hafa lokið prófi bílasala. Uppl. bílasala Guðfinns 562 1055.

Leita að duglegum sölustjóra með mikla reynslu af uppbyggingu afreks söluteyma. Ferilskrá sendist á solustjori@gmail.com

**Rafvirkjar**
Óska eftir rafvirkjum til starfa á skipum og í Olíuiðnaði í Noregi. Góð laun í boði. Umsóknir sendist ásamt ferilskrá (CV) á norsku/dönsku/ensku auk staðfestingar á sveinsprófi á tölvupóstfang gudjon@elviraas.no

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

24.ára ísl. karlm. óskar eftir vinnu, er með margra ára reynslu af trésm, og gifsi. En skoða ALLT. S. 866 2655.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Hver ber ábyrgð á efnahagskreppunni?**
**Seðlabankinn, ekki ég.**
**Ríkisstjórnin, ekki ég.**
**Fjármálaeftirlitið, ekki ég. Bankastjórar, ekki ég.**
**Útrásarvíkingar, ekki ég.**
**Svo enginn vill vera ábyrgð þá skal ég bera ábyrgðina.**
**Fyrirgefið mér.**
**Halldór S. 867 2894.**

**BAR POLONIA**
**www.barpolonia.is**
**HAFNARFJÖRÐUR**
**FLOTAHRAUN 21.**

**Hlutabréf í Glitni**
Óska eftir samband við þá aðila sem keyptu hlutabréf í Glitni í byrjun okt. á meðan ríkið taldist eiga 75%. Er með lögmann til að skoða réttarstöðu okkar. Hafið samband á rikisbanki@gmail.com eða sendið uppl. í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, merkt „75% ríkisbanki".

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

70 ára kk vill gjarnan bjóða konu út að borða í jólamat, dans eða keyrslu. Svör sendist FBL merkt „ vinátta"

**Mjög flott kona**
35 ára, ljóshærð, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8433.

**Ný upptaka!**
Ung kona nýtur sín í einrúmi. Frábær upptaka! Hlustaðu í síma 905-2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8145.

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
sala fasteigna í 50 ár
Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**Heiðarbær 17**
**Elliðaárdalur - Frábær staðsetning**

**OPIÐ HÚS**





Einlyft 252,5 fm einbýlishús á frábærum stað, við Elliðaána. Húsinu má skipta í tvær einingar. Annars vegar íbúðarrými sem er 150,3 fm og skiptist í forstofu hol, eldhús, arinstofu, dagstofu, vinnuherbergi (svefnherbergi), 2 svefnherbergi, baðherbergi og kyndiklefa og hins vegar 102,2 fm vinnustofu sem skiptist í vinnurými, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Möguleiki er á að nýta vinnurými sem aukaíbúð. Húsið stendur á 851 fm lóð sem er í Elliðaárdalnum, rétt við lónið ofan við stífluna með glæsilegu útsýni. **V. 51 m.** 4322

**Opið hús í dag fimmtudag milli kl 17:00 og 18:00.**

**FJÁRFESTING**
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl.
löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Fást á yfirtöku á láni ásamt 3 milljónum í reiðufé**
**Parhúsalóðir við Leirvogstungu í Mosfellsbæ**



**Parhúsalóðir við Kvíslartungu 31 og 33 í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ.**
Jarðvegspúði er kominn. Allar teikningar fylgja; Arkitektateikningar, Verkfræðiteikningar og Raflagnateikningar. Byggingarleyfisgjöld eru fullgreidd. Hægt er að hefja framkvæmdir strax. Lóðirnar fást á yfirtöku á áhvílandi láni ásamt reiðufé, eftirstöðvar 14.9 milljónir á hvorri lóð. Möguleiki er á að yfirtaka bara aðra lóðina. Skipti koma einnig til greina
**Allar upplýsingar á skrifstofu Fjárfestingar í síma 562-4250 eða 896-8750.**

## Sýningar



**Leikhópurinn Draumasmiðjan DÖFF-RÆTUR kynnir:**

# Hvar er (K)Lárus?

**- Kolsvartur gamanleikur eftir Má Ólafsson -**
Sýnt í Kópavogsleikhúsinu, Funalind 2

21. nóvember kl. 20:00 **-nokkur sæti laus**
22. nóvember kl. 20:00 **-örfá sæti laus**

Miðapantanir í símum 824 - 2525 (fyrir íslensku), 898 - 4429 (3G fyrir táknmál) og við innganginn

**Verkið er flutt á táknmáli en fyrir þá sem ekki skilja táknmál er verkið einnig talsett á íslensku**

## Til leigu

# Húsnæði óskast til leigu miðsvæðis í Reykjavík

Norðurál óskar að taka á leigu snyrtilega 3 herbergja íbúð á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík.
Æskilegt er að húsnæðið sé laust til afhendingar sem fyrst.

*Vinsamlega hafið samband við Helgu Björg Hafþórsdóttur hjá Norðuráli í síma 696 9506 eða með tölvupósti: helga@nordural.is*

NORÐURÁL
Century ALUMINUM
Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is








NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# 2007 safnið

Í nýlegum bíltúr um höfuðborgarsvæðið þvert og endilangt rann upp fyrir mér ljós hversu margar byggingarframkvæmdir eru í gangi, eða ætti ég að segja voru í gangi, því nú hefur allt meira og minna stöðvast. Búið er að leggja götur í ný hverfi sem skarta einungis nokkrum hálfbyggðum húsum. Í Skuggahverfinu blasa við hálfreistir skýjakljúfar, Höfðatorg er eins og hryggðarmynd góðærisins.



Þetta eru bara nokkur dæmi, í Kópavogi eru líka fjölmörg hús í byggingu, sum verða örugglega í byggingu næstu árin ef ekki áratugi. Loks þegar framkvæmdum lýkur er alls óljóst hver á að flytja í húsin, við erum einfaldlega ekki nógu mörg. Nú að loknu góðæri kemur á daginn að enginn hafði yfirsýn yfir byggingarframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, það var bara byggt, íbúðarhúsnæði sem og verslunarhúsnæði, en ekki var hugað að þörfinni.

Þessi hálfbyggðu hús setja sannarlega svip sinn á Reykjavík og nágrenni. Í bíltúrnum á dögunum fékk ég hálfgert samviskubit, alls staðar blöstu við hús sem gera ekkert nema minna á góðærið horfna og ruglið sem var í gangi. Sannarlega hafði ég ekki frekar en flestir neitt að gera með þessar framkvæmdir, en samt, ekki batt ég mig við vinnuvélar eða mótmælti þeim með öðrum hætti.

Til að létta á samviskubiti með meðvirkni í góðærinu varpa ég því fram eftirfarandi tillögu. Því setjum við ekki upp skilti við alla byggingarstaði, útskýrum hvað átti að gera og hvernig fór. Höfuðborgarsvæðið getur þannig orðið eitt stórt safn um góðærið, brjálæðið og brostnar vonir. Höfum skiltin á ensku og auglýsum 2007 safnið. Ég spái komu fjölda ferðamanna til að skoða, og gríðarlegum gjaldeyristekjum þar með.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

## - nám samhliða starfi

**Kynningarfundur í dag kl. 17**

**NÁM SAMHLIÐA STARFI**

**Rekstrar- og viðskiptanám**
í staðnámi og fjarnámi
**54 ECTS**

**Mannauðsstjórnun**
í staðnámi og fjarnámi
**36 ECTS**

**Verkefnastjórnun - Leiðtogaþjálfun**
í samstarfi við Nordica ráðgjöf
**24 ECTS**

**Gæðastjórnun**
í samstarfi við verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ
**24 ECTS**

**Þjónustustjórnun**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**36 ECTS**

**Breytingastjórnun**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**36 ECTS**

**Kostnaðarstjórnun og greining**
í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ
**36 ECTS**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is




Hafnarfjarðarleikhúsið – Miðasala á midi.is og í síma 555-2222

**Frumsýning** 21. nóv. - **Uppselt**
2. sýn. sun. 23. nóv. - **Örfá sæti laus**
3. sýn. fös. 28. nóv.
4. sýn. lau. 29. nóv.
5. sýn. fim. 4. des.
6. sýn. lau. 6. des.


# Steinar rís úr djúpi

**Á föstudagskvöld frumsýnir þrettán manna leikhópur undir stjórn Rúnars Guðbrandssonar verkið Steinar í djúpinu í Hafnarfjarðarleikhúsinu.**



LEIKLIST Frá æfingu Labloka í Hafnarfirði. MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verkið byggir einkum á þremur verkum eftir Steinar Sigurjónsson skáld, Blandað í svartan dauðann, Skipin sigla og Djúpinu. Þar takast á tveir ólíkir heimar, raunsæislegur veruleiki slorþorpsins eins og Steinar lýsti því og dulræður heimur vitundar þjóðarsálarinnar um miðja síðustu öld. Rúnar hefur um nokkurt skeið haft uppi áætlanir um sviðsverk byggt á höfundarverki Steinars og snemma á þessu ári fékk LabLoki stærsta styrk Leiklistarráðs til að koma sýningu saman, 7 milljónir.

Hér er ekki um að ræða leikgerð á einu tilteknu verki eftir Steinar heldur sjálfstætt leikhúsverk sem sækir innblástur í allt hans höfundarverk og að hluta til í ævi hans og örlög: Verkið er vegferð um „kvasseggjað grjót“ segir í tilkynningu flokksins, „ferðalag um sagnaheim Steinars; um þorpið þar sem lúin þil lykta af hlandi og svita og fullir dusar blanda í svartan dauðann; um ægifegurðir og erkiljótleika djúpsins sem er ægilegt. Jafn heillandi og skelfingin sem á móti vegur. Tónlist kemur hér mjög við sögu, takturinn í tungutakinu, músikin í málnotkuninni og knéfiðlan og slagharpan eru sjaldan langt undan, enda tekur ferðalagið mið af sónötunni.“ Það er stór hópur listamanna á sviðinu en leikhópinn skipa þrettán, þar af þrír tónlistarmenn. Rúnar segir allt rýmið í Hafnarfjarðarleikhúsinu undir.

Móeiður Helgadóttir gerir leikmynd, Myrra Leifsdóttir búninga, Ásta Hafþórsdóttir gervi og Garðar Borgþórsson lýsingu. Tónlist er eftir Guðna Franzson sem flytur hana ásamt þeim Bryndísi Höllu Gylfadóttur og Daníel Þorsteinssyni. Leikhópinn skipa þau Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Erling Jóhannesson, Harpa Arnardóttir, Karl Guðmundsson, Ólafur Darri Ólafsson, Steinunn Knútsdóttir, Tómas Lemarquis, Hjálmar Hjálmarsson og Björn Ingi Hilmarsson. Stefnt er að sex sýningum í Hafnarfjarðarleikhúsinu en þar er nú þéttsetinn bekkurinn. Mikill skortur er á aðstöðu sjálfstæðra leikhópa um þessar mundir og segir Erling Jóhannesson hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu mikla ásókn í sýningaraðstöðu í Firðinum og þar eru flokkar bókaðir inn eins þétt og mögulegt er.

pbb@frettabladid.is


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Óútgefið verk eftir The Beatles

Fjórtán mínútna spunaverk sem Bítlarnir tóku upp við hljóðritun á Penny Lane í janúar 1967 undir stjórn Pauls McCartney veldur nokkrum deilum um þessar mundir í Bretlandi. Paul vill endilega að tilraunaverkið, sem ber heitið Carnival of light, verði gefið út, en það er frjáls spuni unninn áfram með aðferðum raftónskálda. Verkið var samið sérstaklega fyrir raftónlistarhátíð í Roundhouse í London sem neðanjarðarblaðið International Times stóð fyrir. Þar var það flutt í fyrsta og eina sinn. Það kom til álita við útgáfu Anthology-safnsins en Ringo Starr og George Harrison vildu ekki hafa það með, McCartney var í mun að gefa það út, en John Lennon vann ýmis verk af svipuðu tagi næstu árin og kom eitt þeirra, Revolution nr. 9, út á Hvíta albúminu.

Í breskum fjölmiðlum er fullyrt að McCartney telji verkið auka hróður sinn sem tónskálds en hann leiddi vinnuna við spunann. Tengist uppljóstrun um tilurð verksins útgáfu þriðja safns tilraunatónlistar sem hann hefur gefið út undir nafninu Fireman. Hann hefur lýst yfir áhuga sínum á að verkið, Carnival of light, verði gefið út og þá er spurt hvort því fylgi einhverjar aðrar áður óútgefnar tökur með hljómsveitinni. - pbb



TÓNLIST Paul McCartney þreifaði snemma fyrir sér í raftónlist og er enn að.


Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
lau 22/11 uppselt
**Sýningum lýkur 6. desember!**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
fim. 20/11 uppselt, fös. 21/11 uppselt,
lau. 22/11 uppselt
**Aukasýningar í sölu**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
fim. 20/11 uppselt, fös. 21/11 uppselt
lau. 22/11 örfá sæti laus, **síðasta sýning**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og
Jóhann G. Jóhannsson
sun. 23/11, örfá sæti laus
**Síðustu sýningar**



Kardemommubærinn
Leitin að jólunum
Sýningar komnar í sölu.
Tryggðu þér sæti!

GJAFAKORT Á KARDEMOMMUBÆINN


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 20. nóvember**

### Tónleikar

**20.00 Buff** verður með útgáfutónleika á Nasa við Austurvöll.

**20.00 Kaffihúsatónleikar** verða haldnir í Húsi Ljóssins, Langholtsvegi 43, til styrktar Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Fram koma Ragnar Bjarnason, Guðbjörg Magnúsdóttir, Geir Ólafsson og fl.

**20.30 Better Days Blues** Kristjana Stefáns og hljómsveit verða með tónleika í Ráðhúsinu á Þorlákshöfn.

**20.30 Bubbi Morthens** verður með tónleika í Mælifelli á Sauðárkróki. Á efnisskránni verður blanda af gömlu og nýju efni. Húsið opnar kl. 20.00.

**21.00 Stebbi og Eyfi** verða með tónleika á Garðatorgi í Garðabæ. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.



**22.00 Bítbox** Kristín Bergsdóttir og hljómsveit leika frumsamda tónlist af væntanlegri sólóplötu í bland við lög úr smiðju söngkonunnar Minnie Riperton á Glaumbar við Tryggvagötu.

### Sýningar

**Sauðskinn, saffían og shirtingur** Sýning í Þjóðarbókhlöðunni í tilefni aldarafmælis bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Einnig er sýning á handritum, bókum, myndum og málverkum úr eigu Steins Steinarr. Opið virka daga 8.15-22. lau. 10-17 og sun. 11-17. Aðgangur ókeypis.

### Áheyrnapróf

**17.30 Stúlknakór Norðurlands vestra** Áheyrnapróf verður fyrir stúlkur á aldrinum 10-16 ára í Tónlistarskólanum á Blönduósi. Skráning og nánari upplýsingar hjá Skarphéðni Einarssyni í síma 452-4180.

### Tískusýning

**20.00 Heba Clothing** Í tilefni af opnun heimasíðunnar www.hebaclothing.com munu Freydís Heba Konráðsdóttir og Gísli Dúi Hjörleifsson standa fyrir tískusýningu í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri.

### Upplestur



**20.00 Salka** verður með upplestrarkvöld á Kringlukránni, þar sem lesið verður upp úr nýútkomnum bókum. Meðal gesta verða Ari Kr. Sæmundsen, Haraldur Jónsson, Jón Lárusson og Sigurður Skúlasaon. Trúbatrixurnar Myrra og Elíza syngja nokkur lög.

### Uppboð

**18.00 Save the Children** Listaverkauppboð til styrktar Barnaheillum verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica við Suðurlandsbraut. Húsið opnar kl. 17. Uppboðshaldari er Gísli Einarsson.

### Myndlist

**Lendið** Færeyski listmálarinn Bárður Jákupsson sýnir verk í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opið virka daga 10-18, lau. 11-16 og sun. 14-16.

**Þorsteinn Gíslason** sýnir verkið Reisn-Dignity-Würde á VeggVerk við Strandgötu 17 á Akureyri. Hann er einnig með sýningu Á Café Karólínu við Kaupvangsstræti sem er opin alla daga frá 14-01.

**Myndir/Pictures** Guðrún Kristjánsdóttir sýnir málverk og myndbandsverk í Galleríi Ágúst, Baldursgötu 12. Opið mið.-lau. 12-17.







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



SL81
FARTÖLVA Á TILBOÐI
Einstaklega öflug og vel búin fartölva frá Packard Bell með innbyggðum kortalesara og 1.3MP vefmyndavél.
• AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
• 4GB DUAL DDR2 667MHz minni
• 640GB DUAL SATA RAID diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17" WXGA Diamond View skjár
• 512MB ATI HD3650 skjákort HDMI
• 300Mbps Draft-N þráðlaust net
• 1.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Til afgreiðslu
Strax
á meðan birgðir endast
HVERGI BETRA VERÐ
Packard Bell
149.900
acer
GÓÐ VÉL Á GÓÐU VERÐI
ASPIRE 5315
• Intel Celeron M560 2.13GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 80GB SATA 5400RPM diskur
• CD-RW og DVD-ROM combodrif
• 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
• 256MB Intel X3100 skjástýring
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Basic
89.900
AÐEINS ÞESSA HELGI
GIGABYTE
UPPFÆRSLUTILBOÐ 2
• Athlon 4200 Dual Core örgjörvi
• GIGABYTE 680SM móðurborð
• 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
• 512MB GeForce 7025 skjástýring
• 5.1 Dolby Digital HD hljóðkort
• Gigabit Lan og 8xUSB2 tengi
• Passar í flesta eldri og nýrri kassa
24.900
MAGNAÐ Í NÝJUSTU LEIKINA
HD4670
512MB HD4670 SKJÁKORT
Gríðarlega öflugt skjákort frá ATI með alla nýjustu tækni. Vertu með grafíkina í botni í nýjustu Direct X10.1 leikjunum.
• 512MB GDDR3 2.0GHz háhraða minni
• Styður nýjustu Direct X10.1 leikina
• 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
• 55nm kjarninn er kaldari og hraðari
• Þarf 50% minni orku en eldri kort
• HDMI, DVI-I, VGA, SVHS, HDTV
• ATI Avivo HD, H.264 og VC-1 tækni
• Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf
• Hljóðlát Fanskink kælilausn frá Gigabyte
GIGABYTE
19.900
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og villur
MEST SELDI PRENTARINN
iP4500
FRÁ CANON
iP4500 er mest seldi prentari á íslandi. Mögnuð gæði á góðu verði
14.900
AÐEINS ÞESSA HELGI
2GB DDR2 800MHz
Vandað og hraðvirkt 2GB DDR2 800MHz (1x2GB) vinnsluminni frá OCZ á ótrúlegu verði
4.990
AÐEINS ÞESSA HELGI
24"LCD
BENQ WIDESCREEN SKJÁR
• 24" WideScreen 1080P LCD skjár
• 1000:1 skerpa og Senseye tækni
• 5ms viðbragðstími fyrir leikina
• 1920x1200 WideScreen upplausn
• VGA, DVI og HDMI HDCP tengi
• Senseye tækni tryggir myndgæðin
• 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek
BenQ
49.900
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


SJÓÐHEIT
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF HEITUM TILBOÐUM
ALLT AÐ 40% LÆKKUN
AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
ÁN HARÐDISKS
iNOI
SJÓNVARPS FLAKKARI
17.900
AÐEINS ÞESSA HELGI
2GB
CREATIVE STONE MP3 SPILARI
4.990
ALLT AÐ 20% LÆKKUN
AF FJÖLDA GIGABYTE MÓÐURBORÐA
AÐEINS ÞESSA HELGI
A200
2.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI
2.990
NÝ VERSLUN
VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í BORGARTÚNI 31


SINGAPORE SLING


JEFF WHO?

## > Í SPILARANUM

**The Killers** - Day & Age
**Singapore Sling** - Perversity, Desperation and Death
**Pale Young Gentlemen** - Black Forest
**Love is All** - A Hundred Things Keep Me Up At Night
**Jeff Who?** - Jeff Who?

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Dikta fær aðstoð frá Svíþjóð

Rokkararnir í Diktu eru að ljúka upptökum á nýju lagi, Let Go, sem fer líklega í spilun í byrjun desember. Fylgir það eftir vinsældum, Just Getting Started, sem kom út í sumar og fór á toppinn bæði hjá Rás 2 og X-inu.

Svínn Jens Bogren mun hljóðblanda og leggja lokahönd á laginu en hann var upptökustjóri nýjustu plötu sænsku þungarokkssveitarinnar Opeth sem hefur getið sér gott orð að undanförnu.

Bæði Let Go og Just Getting Started verða á næstu plötu Diktu sem er væntanleg eftir áramót. Dikta hafði stefnt á að fara í tónleikaferð til Bandaríkjanna á næstunni og taka plötuna síðan upp á vormánuðum. Þá kom babb í bátinn. „Þau plön eru farin að snúast í höndunum á okkur því gengið er orðið tvöfalt," segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu.


**DIKTA** Rokksveitin gefur út nýtt lag á næstunni sem nefnist Let Go. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sveitin fékk góðar viðtökur á Airwaves-hátíðinni í síðasta mánuði og varpaði á tónleikum sínum á breiðtjald samsettri mynd af Gordon Brown með Ísland í heljargreipum. Vakti það mikla athygli tónleikagesta. „Eftir tónleikana voru margir ánægðir með þetta en nú er búið að leysa það mál. Við fáum bara alla skuldasúpuna," segir Haukur. - fb



## > Plata vikunnar

Buff - Buff

★★★★

„Strákarnir eru fullsæmdir af þessari fínu plötu og ættu endilega að setja stefnuna á að toppa hana. Það eru allir nauðsynlegir hæfileikar innanborðs til þess."

**Dr. Gunni**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Loksins ódýrar plötubúðir!*

Fyrr á þessu ári stefndi í að íslenskar plötubúðir væru við það að deyja út. Smekkleysa var búin að ákveða að loka sinni búð, hillurnar í Skífunni urðu sífellt fátæklegri og töluvert hafði hægt á endurnýjuninni í 12 Tónum.

Síðan hefur þróunin snúist við. Menn virðast hafa gert sér grein fyrir því að það er lítil framtíð í því að öll plötusala fari fram í stórmörkuðum og þó að sala á netinu hafi aukist er hún enn bara brot af heildarsölunni.

Smekkleysubúðin flutti sig um set aðeins ofar á Laugaveginn og hefur stækkað nokkuð við sig. Þar er töluvert annað í boði heldur en í öðrum plötubúðum á Íslandi og úrvalið er nokkuð breitt. Þar er mikið af íslenskum diskum frá stærri og smærri útgáfum, mesta úrvalið af indie-tónlist og töluvert af vínyl. Verslun 12 Tóna á Skólavörðustíg hefur sem fyrr mesta úrvalið (og þekkinguna) þegar það kemur að sígildri tónlist. Hún er með mikið af íslenskum útgáfum og eitt og annað fleira forvitnilegt t.d. heimstónlist, raftónlist og reggí. Og heitt á könnunni. Í Kolaportinu eru miklar breiður af vínyl, geisladiskabúð Valda á Vitastíg selur aðallega notaða diska og verslunin Rafgrein í Skipholti flytur inn sitthvað forvitnilegt, t.d. djass og heimstónlist.

Og svo er það Skífan. Stóra búðin. Hún er nú komin í eigu Senu ef samkeppnisyfirvöld stöðva ekki þann samruna. Það má að sjálfsögðu deila um hvort það sé æskilegt að langstærsti plötuútgefandi landsins reki langstærstu plötubúðina. Fyrir mína parta þá finnst mér alveg nauðsynlegt að það sé starfrækt stór plötubúð í Reykjavík og þess vegna fagna ég því að Skífan sé enn starfandi. Hins vegar er grunnforsenda þess að sátt verði um svona yfirburðastöðu, að plötubúðin sé faglega rekin og mismunni ekki útgefendum. Forsvarsmenn Skífunnar hafa gefið loforð þar að lútandi og við þurfum að fylgjast með því að þeim sé framfylgt.

Plötusalan ætti annars að verða góð það sem eftir lifir árs. Geisladiskar eru ódýr og góð jólagjöf og það er mjög mikið að koma út af góðum íslenskum plötum. Svo er það líka staðreynd að vegna gengisþróunar er verð á geisladiskum lægra í Reykjavík en mörgum öðrum evrópskum borgum þessa dagana. Um að gera að nota tækifærið!






# Tveggja milljarða plata Axl Rose kemur loks út

**Á mánudaginn kemur nýja platan með Guns N' Roses, eða öllu heldur Axl Rose, loksins út. Platan Chinese Democracy er margboðuð, en nú virðist ekkert geta stöðvað útgáfu hennar nema ef til vill heimsendir.**


**ORÐINN 46 ÁRA OG NOKKUÐ TÖFF ENNÞÁ** Axl Rose hefur ekki misst röddina og þenur sig sem aldrei fyrr á nýju plötunni.

Mektarár Guns N' Roses voru árin í kringum 1990 þegar sveitin átti rokkið eins og það lagði sig. Síðasta platan, The Spaghetti Incident, var tökulagaplata sem kom út 1993, en síðasta plata með frumsömdu efni var plötutvennan Use Your Illusion, sem kom út 1991. Því eru sautján ár liðin síðan nýtt frumsamið efni kom fyrir almenningssjónir með Guns N' Roses.

Söngvarinn rauðbirkni Axl Rose er náttúrlega eini upprunalega meðlimur bandsins í dag. Menn fóru að heltast úr lestinni um miðjan tíunda áratuginn. Síðastur fór bassaleikarinn Duff McKagan árið 1997. Síðan þá hefur Axl ráðið og rekið hljómsveitarmeðlimi og skipt um mannskap eins og nærbuxur.

Nýja platan hefur verið að gerjast í hausnum á Axl síðan 1995, en nafnið Chinese Democracy skaut fyrst upp kollinum árið 1999. Platan hefur tafist og tafist, en sjálfur hefur Axl boðað útgáfu hennar árlega í nokkur ár.

Talið er að gerð plötunnar hafi kostað um 13 milljónir Bandaríkjadala. Næstum því tvö þúsund milljón íslenskar kreppukrónur.

Hvernig er svo þessi fokdýra og margboðaða plata? Bandarísku stórblöðin Rolling Stone og Spin hafa gefið henni fína dóma. Hún fær fjórar stjörnur af fimm hjá Rolling Stone og þrjár og hálfa af fimm hjá Spin.

„Fyrsta plata Guns N' Roses með nýju efni síðan fyrri Bush-stjórnin var við völd er frábær, frumleg rokkplata sem gerir engar málamiðlanir. Hún hljómar mjög eins og gamla góða Guns N' Roses," sagði gagnrýnandi Rolling Stone, Íslandsvinurinn David Fricke. „Ef Axl Rose hefur einhvern tímann efast um eða séð eftir þeim tíma, peningum eða brotthvarfi manna sem gerð plötunnar fól í sér, sjást engin merki um það í þessum fjórtán lögum," bætir hann við.

„Þetta svakalega uppskrúfaða popp-metal öfgaverk er hin fullkomnu eftirmæli fyrir fáránleika og þvælu George W. Bush-áranna. Ein átveisla í viðbót áður en Obama fjarlægir asnaskapinn," skrifar Mikael Wood hjá Spin. „Músíkin skiptist á milli tveggja póla, mylj-andi verksmiðjurokks og ljúfari hljómborðs-og-strengja tónlistar – ímyndaðu þér Rammstein að spila Wings-lög. Við þetta bætast öll nýjustu trikkin sem peningar geta keypt."

Samkvæmt Sebastian Bach, fyrrum söngvara Skid Row, sem hefur verið náinn vinur Axl Rose lengi, er þessi plata aðeins fyrsti hluti trílógíu sem Axl fyrirhugar. Biðin er því greinilega ekki á enda enn þótt Kínverska lýðræðið sé nú loksins að drattast í plötubúðirnar.

drgunni@frettabladid.is

# Afmælisbörn hætta við túr

Rokkararnir í Brain Police, sem halda upp á tíu ára afmælið sitt á næstunni, hafa hætt við þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu sem átti að standa yfir í nóvember og desember. Ástæðan er hrap íslensku krónunnar.

„Ferðin hækkaði um milljón á tveimur vikum þegar allt fór í steik. Evran er núna rúmlega tvisvar sinnum hærri en hún var þegar við fórum síðast út," segir trommarinn Jónbi. „Það var alls ekkert vit í þessu þannig að við slaufuðum þessu. Í staðinn erum við að vinna að nýrri plötu sem við gefum út á næsta ári."

Þótt þetta sé hundfúlt segir Jónbi að um lán í óláni hafi verið að ræða. „Við erum búnir að fara í fimm skipti í röð út með sama efni. Í samvinnu við útgefandann (Small Stone Records) komumst við að þeirri niðurstöðu að það væri viturlegast að gera þetta svona. Í rauninni liggur ekkert á, við erum ekki að missa af neinni lest."

Brain Police ætlar að halda upp á tíu ára afmælið 13. desember þegar mikið húllumhæ verður á skemmtistaðnum Amsterdam. Allir þeir sem hafa spilað með hljómsveitinni þennan áratug koma þar fram, þar á meðal söngvarinn fyrrverandi, Vagn Leví Sigurðsson, og gítarleikarinn Búi Bendtsen. - fb


**BRAIN POLICE** Hljómsveitin Brain Police hefur hætt við tónleikaferð sína um Evrópu vegna efnahagskreppunnar.



Forhlustun í dag!
Útgáfudagur 21. nóvember
NÝTT!
BELLA & HER BLACK COFFEE
ragnheiður GRÖNDAL
Vertu fyrstur til að heyra!
Á morgun föstudag sendir stórsöngkonan Ragnheiður Gröndal frá sér nýja breiðskífu.
Platan sem ber heitið Bella and her Black Coffee er hennar fimmta breiðskífa og inniheldur 10 lög, þar á meðal er að finna ábreiðu Ragnheiðar á laginu Flowers in the Morning sem er eitt vinsælasta lag landsins í dag.
Nú gefst þér einstakt tækifæri að heyra plötuna í heild sinni áður en hún kemur út.
Tónlist.is
Farðu inn á www.tónlist.is og vertu fyrstur til að heyra!

Eymundsson mælir með:

PÁLL ÓSKAR SILFURSAFNIÐ

Páll Óskar áritar Silfursafnið í Eymundsson Norður Kringlu kl. 16-18 í dag



Eymundsson
Bóksali frá 1872

# bíó

bio@frettabladid.is

## > AFTUR MEÐ SMITH



Mark Protosevich, handritshöfundur I Am Legend, er í viðræðum um að skrifa handrit að endurgerð hinnar s-kóresku Oldboy. Will Smith leikur aðalhlutverkin í báðum þessum myndum.

## DiCaprio og George W.



**W.** Nýjasta mynd Olivers Stone er á leið í bíó.

W., sem verður frumsýnd um helgina, er nýjasta mynd Olivers Stone og fjallar um ævi Bush Bandaríkjaforseta. Þetta er þriðja myndin sem Stone gerir um bandarískan forseta því hann hefur áður kvikmyndað hinar umdeildu JFK og Nixon. Með hlutverk Bush fer Josh Brolin, sem lét síðast að sér kveða í No Country For Old Men. W. fær 7 af 10 í einkunn á síðunni imdb.com og 57% á rottentomatoes.com.

Leonardo DiCaprio og Russell Crowe leika í Body of Lies sem sjálfur Ridley Scott leikstýrir. Fjallar hún um útsendara CIA sem leitar að leiðtoga hryðjuverkasamtaka. Myndin fær 7,6 á imdb.com en 50% á rottentomatoes.com.

My Sassy Girl er rómantísk gamanmynd sem fjallar um náunga sem er sparkað af kærustu sinni, leikinni af Elisha Cuthbert úr þáttunum 24. Loks verður teiknimyndin Igor frumsýnd með íslensku tali og talar Hjálmar Hjálmarsson fyrir aðalpersónuna.



**NICK AND NORAH´S INFINITE PLAYLIST** Michael Cera og Kat Dennings í hlutverkum Nick og Nora í myndinni Nick and Norah´s Infinite Playlist.

# Stjörnur framtíðarinnar

**Michael Cera og Kat Dennings leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni Nick and Norah's Infinite Playlist sem verður frumsýnd hérlendis á föstudaginn.** ***Freyr Bjarnason*** **ræddi við þessa ungu og efnilegu leikara.**

Hin prýðilega Nick and Norah´ s Infinite Playlist gerist kvöld eitt í New York-borg og fjallar um leit Noruh, Nicks og vina hans að bestu vinkonu Noruh sem hefur týnst á fylleríi. Á meðan á leitinni stendur kynnast Norah og Nick sífellt betur hvort öðru, allt þar til fyrrverandi kærasta Nicks kemst upp á milli þeirra.

### Skemmtu sér í New York

Hinn tvítugi Michael Cera er þekktur hérlendis úr gamanmyndinni Superbad sem naut mikilla vinsælda. Einnig fór hann með aukahlutverk í Juno þar sem hann lék ungan barnsföður aðalpersónunnar. Dennings, sem er 22 ára, er aftur á móti minna þekkt en vakti fyrst athygli fyrir lítið hlutverk í 40 Year Old Virgin. Einnig hefur hún leikið í Big Momma´s House 2, The House Bunny og þáttunum ER.

Bæði Cera og Dennings skemmtu sér vel við tökur á Nick and Norah´s Infinite Playlist, sem stóðu yfir í tvo mánuði. „Ég skemmti mér vel allan tímann og fannst leiðinlegt þegar tökunum lauk," segir Cera og Dennings bætir við: „Þetta var virkilega gaman og við hlógum mikið. Það var frábært að vera svona lengi í New York."

### Spennt fyrir Iceland Airwaves

Báðar persónur þeirra í myndinni eru tónlistarunnendur og segjast þau sjálf einnig fylgjast vel með tónlist. „Ég hef eiginlega gaman af öllu fyrir utan nútíma sveitatónlist. Ég hlusta á allt sem ég mögulega kemst yfir," segir Dennings og þá kveður Cera sér til hljóðs alvarlegur í bragði: „Ég fíla nútíma kántrí".

Bandaríska hljómsveitin Vampire Weekend á lag í myndinni og spilaði hún einmitt á Iceland Airwaves-hátíðinni í síðasta mánuði. „Það væri gaman að koma þangað," svöruðu Cera og Dennings spennt, þegar þau voru spurð hvort þau ætluðu ekki að kíkja einhvern tímann til Íslands á hátíðina.

### Gaman á tökustað

Cera og Dennings eru bæði ungir og efnilegir leikarar sem eru stöðugt í sviðsljósinu. Cera er ekki sammála því að hann sé undir miklum þrýstingi í starfi sínu. „Mér finnst gaman að vera á tökustað og finnst umhverfið skemmtilegt. Fólkið sem vinnur við kvikmyndir er indælt og það er gaman að geta unnið við þetta."

Dennings segist elska leiklistina og ætlar ekki að láta utanaðkomandi aðila trufla sig. „Ég verð á endanum þrítug og svo fertug, þannig að þá verð ég ekkert efnileg heldur bara leikkona. Ég elska leiklist enda valdi ég hana sem ævistarf. Á meðan ég get stundað það er mér sama hvað fólk kallar mig."

### Japanska og Paul Auster

Dennings segist sofa mikið í frítíma sínum enda eigi hún virkilega mjúk sængurföt. Einnig les hún mikið og nefnir þar bækur Harukis Murakami, Douglas Adams og Jeeves-bækurnar eftir P. G. Woodhouse. „Þær eru mjög upplífgandi og fyndnar en líka stuttar og þess vegna er gott að lesa þær á flugvöllum." Cera les einnig mikið og nefnir John Fonte, Paul Auster, Charles Portiff sem sína uppáhaldshöfunda.

Þrátt fyrir ungan aldur er hvorugt þeirra í námi enda á leiklistin hug þeirra allan. „Kannski fer ég einhvern tímann í nám ef það er eitthvað sérstakt sem ég vil læra," segir Cera, sem býr í Los Angeles eins og Dennings.

Hún segist hafa reynt að læra japönsku í tvö ár með misjöfnum árangri. „Það er mjög erfitt að kenna sjálfum sér japönsku. Til að ná tungumálinu held ég að ég verði að fara á námskeið eða fá mér kennara. Ég hef líka mjög gaman af jarðfræði, hún hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér."

### Stór hlutverk fram undan

Næg verkefni eru fram undan hjá þeim báðum. Á næsta ári kemur út Youth in Revolt með Cera í aðalhlutverki þar sem hann leikur á móti Steve Buscemi og Ray Liotta, en Dennings leikur í Defendor þar sem hún fer með aðalhlutverkið á móti Woody Harrelson.

Fastlega má búast við því að þau festi sig rækilega í sessi í Hollywood í framtíðinni enda koma þau fyrir sjónir sem ákaflega geðþekkar en jafnframt jarðbundnar manneskjur sem vita vel hvað þarf til að ná árangri í hörðum heimi kvikmyndanna.



# Nýtt og fallegt fyrir jólin

Nýtt í Gerry Weber - Mexx - Esprit - Taifun - Collection og Octopus



DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# ALLT FYRIR HEIMILIÐ í Krónunni!

50% afsláttur
849 kr. kg
Bautabúrs grísagúllas magnpakkning

50% afsláttur
849 kr. kg
Bautabúrs grísasnitsel magnpakkning

40% afsláttur
897 kr. kg
Bayonneskinka

ódýr magnkaup
599 kr. kg
Forsteiktar fiskibollur og fiskborgarar

878 kr. kg
KEA Hangiframpartur m/beini sagaður

1698 kr. kg
Krónu kjúklingabringur

30% afsláttur
1498 kr. kg
Sambands Hangi-grampartur úrb.

449 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4 stk

Verð frá: 99 kr. stk.
Ora niðursuðuvörur

396 kr. pk.
Kókómjólk 6x1/4

529 kr. pk.
Nyakers piparkökur 625 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl  EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða alla daga 11-19

Krónan Lindum alla daga 11-19

Krónan Granda alla daga 11-19

# KRÓNAN fyrst og fremst ódýr




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Krónan Breiðholti**<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21 | **Krónan Hafnarfirði**<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun. 12-21 | **Krónan Mosfellsbæ**<br>virka daga 10-20<br>helgar 10-19 | **Krónan Akranesi**<br>alla daga 10-19 | **Krónan Vestmannaeyjum**<br>alla daga 11-19 | **Krónan Reyðarfirði**<br>virka daga 11-19<br>lau. 11-19 sun.12-16 |

## > BÚÐU TIL EIGIN SÓSU

Ef þú ert orðin leið á að nota sömu pasta- eða pitsusósuna úr krukku eða dós er um að gera að búa til eigin sósu. Notaðu nokkra vel þroskaða tómata, eða heila tómata úr niðursuðudós, skerðu lauk og hvítlauk fínt, bættu út í tómatþykkni, ólívuolíu, óreganói, salti og pipar eftir smekk. Láttu sjóða í potti í tvær mínútur og sósan er tilbúin.



**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN MARGRÉT BJARNADÓTTIR DANSARI

# *Borðaði ævintýralega máltíð í Marokkó*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Grjónagrauts, því honum fylgir heil stórfjölskylda.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ein eftirminnilegasta máltíð sem ég hef fengið var í ævintýralegri teppabúð í Marokkó þar sem ég var 17 ára ásamt Álfrúnu vinkonu, Örnólfi föður hennar og bróður. Örnólfur þekkti eigandann sem bauð okkur til hádegisverðar. Þetta var litríkasti og ljúffengasti matur sem ég hafði nokkurn tíma borðað, margir réttir og allir snæddir með höndunum ásamt ávaxtalegustu ávöxtum sem ég hef smakkað. Mennirnir sem báru þetta í okkur stóðu svo bara hjá líkt og vitni til að undirstrika mikilvægi máltíðarinnar.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég er enn að reyna að þroskast gagnvart lambalifur.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Faðir minn á heiðurinn að stórkostlegu leyndarmáli, en ég má eiginlega ekkert segja nema að þetta hefur með harðfisk að gera. Alveg ný leið við að borða harðfisk. Þetta er eitthvað sem verður afhjúpað síðar þegar við erum tilbúin og mun þá líklega breyta munnsvip Íslendinga, til hins betra að sjálfsögðu. Meira get ég bara því miður ekki upplýst að svo stöddu.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Sælgæti og svo nóg af vatni til að láta mér líða betur eftir allt sælgætið.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** SÓL appelsínusafa.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég myndi læra utanbókar uppskrift að jógúrt áður en ég færi. Mér skilst að jógúrt sé búin til úr sjálfri sér og þar skipti því öllu að skilja alltaf eftir eina skeið, því með henni get ég búið til meira og þannig koll af kolli. Ég myndi svo finna upp alls kyns ólíkar jógúrtbragðtegundir úr hráefninu á eyjunni. Sem minnir mig á að það er ekki til rabbarbarajógúrt á Íslandi.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Sjór. En ég borðaði hann kannski ekki þó ég hafi gleypt hann. Ég hef borðað froskalappir en hugmyndin er skrítnari en lappirnar sjálfar. Ostrur þóttu mér hins vegar skrítnar en mjög góðar. Næsta verkefni er að borða auga úr sviðahaus. Það hefur mér ekki enn tekist. Maður þarf að passa sig að ná ekki augnsambandi áður því þá er mómentið horfið.








# Skonsur á sunnudögum

**Útvarpskonan Sigríður Lund er meira fyrir að baka en elda. Hún býður lesendum uppskrift af skonsum sem hún segir henta frábærlega á sunnudagsmorgnum.**

„Ég tel sjálfa mig ekki vera mikinn kokk, en þegar ég tek mig til þykir mér gaman að elda,“ segir Sigríður Lund Hermannsdóttir dagskrárgerðar- og útvarpskona. „Ég elska aftur á móti að baka og er mun betri í því en eldamennskunni. Þegar Elí Þór sonur minn var lítill elskaði ég að halda afmælisveislur fyrir hann og baka kökur. Nú er Elí Þór að verða tvítugur og hefur nýlega fengið áhuga á eldamennsku svo nú er það frekar hann sem eldar á okkar heimili. Hann er farinn að stúdera kokkabækur og bjóða mömmu sinni upp á dýrindis máltíðir, sem hittir mig náttúrulega beint í hjartastað.“ útskýrir Sigríður sem hefur verið í heilsuræktarátaki með samstarfsmönnum sínum í útvarpsþættinum Zúúber á FM 95.7 undanfarnar vikur.

„Við erum búin að vera í crossfit í fimm vikur og það gengur rosalega vel. Ég finn fyrir mikilli breytingu, bæði minnkandi ummáli og þolið er að aukast. Við borðum sex máltíðir á dag á þriggja tíma fresti og ég borða hollari fæðu en ég var vön,“ segir Sigríður. „Mér finnst ommelettur með miklum osti rosalega góðar, en núna geri ég þær hollari með því að nota færri eggjarauður og bæta við kotasælu. Svo fæ ég mér frekar sólkjarnabrauð en venjulegt brauð og meira grænmeti og fisk,“ bætir hún við, en viðurkennir að erfiðast hafi verið að sleppa gosdrykkjum.



**LJÚFFENGAR** Sigríður Lund bakar gjarnan skonsur á sunnudagsmorgnum og ber þær fram nýbakaðar með smjöri og osti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þar sem ég er enginn megakokkur ætla ég að bjóða lesendum upp á skonsur sem hafa fylgt mér í mörg herrans ár og eru mjög vinsælar innan fjölskyldunnar. Ég hef bakað skonsur í þó nokkurn tíma og það er eitt af þessu fáa sem klikkar aldrei hjá mér þegar kemur að eldamennskunni. Ég og Elí Þór fáum okkur iðulega skonsur á sunnudagsmorgnum, nýbakaðar beint af pönnunni með smjöri og osti og drekkum svo ískalda mjólk með,“ segir Sigríður og brosir. alma@frettabladid.is

**SKONSUR**
2 egg
2 bollar hveiti
2 tsk. lyftiduft
1 ½ bolli mjólk
½ bolli sykur

1. Setjið eggin í skál og þeytið létt með handþeytara (pískur dugar líka alveg).
2. Setjið sykurinn og lyftiduftið út í ásamt einum bolla af mjólk.
3. Bætið hveitinu smátt og smátt út í.
4. Þegar deigið er farið að þykkna er afgangnum af mjólkinni hellt út í. Hrærið þar til deigið verður létt og ljóst.
5. Bakist á vægum hita á pönnukökupönnu.

# Nýbakaðar muffins og kaffi

„Mig langaði til að opna lítið og þægilegt kaffihús,“ segir Jón Valgeir Gunnarson, eigandi Muffin bakery sem opnaði í Hamraborginni í Kópavogi fyrir þremur vikum. Jón hefur unnið á Hard Rock café á Íslandi, London og í Höfðaborg í Suður-Afríku á síðustu árum, en ákvað að kúpla sig út úr því og opna eigin stað. „Þó að við köllum okkur Muffin bakery bökum við einnig ostakökur og brownies. Svo erum við með matseðil þar sem við bjóðum upp á súpur, salöt, pasta, samlokur, kjúkling og fisk,“ útskýrir Jón og segir verðinu stillt í hóf á þessum síðustu og verstu tímum.
„Það eru nú þegar komnir fastagestir sem koma mörgum sinnum í viku til að fá sér muffin og kaffi. Við erum með nokkrar fastar bragðtegundir, svo sem epla- og kanil-, bláberja-, gulrótar-, súkkulaðibombu- og svo mangómuffins, sem eru sérstaklega vinsæl. Það eru nokkrar tegundir í þróun og nú þegar farið er að nálgast jólin bjóðum við upp á piparkökumuffins. Innan skamms verðum við svo með Sachertertu, en bakarinn okkar er austurrískur og lærður í sínu heimalandi svo hún verður alveg ekta,“ útskýrir Jón sem er ánægður með þær góðu viðtökur sem staðurinn hefur fengið. „Við erum með opið fram á kvöld alla daga vikunnar nema sunnudaga og höfum fengið sérstakt hrós fyrir hvað staðurinn er notalegur, enda á þetta að vera staður þar sem fólk getur komið og virkilega slakað á,“ segir Jón. - ag



**ÞÆGILEGT KAFFIHÚS** Á Muffin bakery er boðið upp á nýbakaðar muffins, brownies og ostaköku, auk spennandi rétta af matseðli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





SKIPHOLT
HAFNARFJÖRÐUR
BÍLDSHÖFÐI
AMERICAN STYLE
KÓPAVOGUR
TRYGGVAGATA
10 ÁRA
OG YNGRI
BORÐA FRÍTT
MEÐ FJÖLSKYLDUNNI
Gildir eingöngu þegar forráðamaður kaupir máltíð.
1 máltíð á barn af barnamatseðli. Gildir eingöngu í sal.
STOFA 53

> FÓR Í MEÐFERÐ

Beyonce Knowles fór í meðferð til að búa sig undir hlutverk sitt í myndinni Cadillac Records. Í myndinni leikur hún söngkonuna Ettu James sem átti við eiturlyfjavandamál að stríða og því ákvað Beyonce að heimsækja meðferðarstofnunina til að fá betri innsýn í líf Ettu. Sjálf segist Beyonce aldrei hafað prófað eiturlyf.

# Fólk

folk@frettabladid.is



# Geir gefur Færeyingum lag

„Ég var að taka upp jólalag með big-bandi sem ég ætla að gefa færeysku þjóðinni,“ segir Geir Ólafsson söngvari.

Geir gerði sér lítið fyrir, fór í hljóðver og snaraði þar inn laginu Jólamaðurinn kemur í kvöld. Lagið þekkja Íslendingar undir heitinu Jólasveinninn kemur í kvöld og Bandaríkjamenn, en lagið er upphaflega bandarískt, enn betur þekkt sem Santa Claus is coming to town eftir þá Fred J. Coots og Haven Gillespie.

„Elís Poulsen, sem er Íslendingum að góðu kunnur, gerði texta sérstaklega fyrir þetta verkefni. Lagið verður frumflutt í færeyska útvarpinu 1. desember en Íslendingar munu heyra þetta fyrr hjá Óla Palla á Rás 2,“ segir Geir. En með þessu vill hann sýna Færeyingum þakklætisvott, bæði fyrir lánafyrirgreiðslu á erfiðum tímum og það að vera góðir vinir og frændur. Og færeyskan var þjál í munni söngvarans að eigin sögn. „Já, mér skilst að mér hafi tekist vel að koma textanum á framfæri. Þær segja mér það vinkonur mínar á færeysku sendistofunni,“ segir Geir. Og segir aldrei að vita nema hann fari til Færeyja til að syngja fyrir þá og fylgja laginu eftir. - jbg



**GEIR ÓLAFS** Upptendraður af vinarþeli Færeyinga söng hann jólalag á færeysku og gefur færeysku þjóðinni.

# Enn meira Extras

Þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar hefur breski grínistinn Ricky Gervais ekki sagt skilið við gamanþætti sína, Extras. Hann ætlar nú að gera klukkustundarlangan Extras-þátt en ekki er víst hvenær hann verður tekinn til sýninga.

„Við sögðum að við myndum líklega ekki halda áfram en við sögðum aldrei að það væri útilokað,“ sagði Gervais, sem sló í gegn í þáttunum The Office. Eftir það samdi hann og lék aðalhlutverkið í Extras og voru tvær þáttaraðir gerðar fyrir breska ríkissjónvarpið, BBC. Gervais hefur nú samið uppkast að nýjum þætti þar sem hin seinheppna persóna hans Andy Millman reynir fyrir sér í Hollywood. „Við getum farið með þessa þætti hvert sem er. Við lukum þeim aldrei eins og með The Office,“ sagði Gervais.

Á meðal stjarna sem voru í gestahlutverki í Extras voru Kate Winslet, David Bowie, Samuel L. Jackson og Orlando Bloom. Vonast Gervais til að fá Al Pacino og Danny Devito sem gesti í nýja þættinum.



**EXTRAS** Gervais ætlar að gera klukkustundarlangan Extras-þátt.

# Heather Mills vill rannsókn

**Heather Mills hefur lagt fram formlega kvörtun til sérstakrar kvörtunarnefndar breskra fjölmiðla vegna skrifa þriggja breskra dagblaða. Snýst kvörtun hennar um ósanngjörn skrif um hennar persónu og árás á einkalíf hennar í kjölfar skilnaðarins við Sir Paul McCartney.**

Mörgum er eflaust enn í fersku minni fjölmiðlafárið sem ríkti í kringum skilnað Pauls og Heather. Þau skötuhjú áttu í hatrammri deilu og virtust samskipti þeirra iðulega rata á forsíður bresku blaðanna. Óhætt er að fullyrða að breskir fjölmiðlar hafi í langflestum tilfellum tekið málstað Sir Pauls sem er elskaður og dáður af þjóð sinni.



**SÖGÐ VÆNDISKONA** Breskir fjölmiðlar héldu því statt og stöðugt fram að Mills hefði verið vændiskona á sínum yngri árum og klámfyrirsæta.

Mills var hins vegar útmáluð sem hálfgerður djöfull í mannsmynd; henni var gefið að sök að hafa einungis verið á höttunum eftir peningum bítilsins fyrrverandi og vilja komast upp á milli hans og dóttur hans, Stellu McCartney. Mills sakaði Paul meðal annars um heimilisofbeldi og hélt því fram að hann hefði verið áfengissjúkur meðan á hjónabandi þeirra stóð.

Mills krefst þess að málið verði rannsakað til fullnustu og það athugað hvort breskir fjölmiðlar hafi gerst brotlegir við lög með skrifum sínum. Um er að ræða Daily Mail, The Sun og The Daily Express. The Sun og helgarblað þess, News of the World, gengu mjög hart fram við að afhjúpa ýmis leyndarmál úr fortíð Mills og í þeim var því haldið fram statt og stöðugt að hún hefði verið vændiskona og klámfyrirsæta. Mills hefur einnig farið fram á að fríblaðið London Lite verði skoðað.



# TÖFRANDI BÆKUR




## ÁLFAR

*Skoðaðu töfrandi heim álfa af öllum stærðum og gerðum í bók fullri af skemmtilegum nýjungum.*

Lestu um frægar álfkonur, lærðu að baka álfakökur, skreyttu kjóla í takt við nýjustu álfatísku og settu svo á þig álfavængi.

TÖFRANDI TÖFRANDI







## ROSALEGAR RISAEÐLUR

Hér birtist hin ýkta og ægilega veröld risaeðlanna í öllu sínu veldi. Fjöldi vasa, flettiglugga og annarra nýjunga gera bókina að einstæðum grip sem hægt er að skoða tímunum saman.

**Svona hefurðu ekki séð risaeðlurnar áður!**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
DOLBY DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
QUANTUM OF SOLACE
POWERSÝNING KL. 10:00 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
Eini maðurinn sem hann getur treyst ... Er hann sjálfur
DON CHEADLE GUY PEARCE TRAITOR
SÍÐASTA SÝNINGARVIKA
MAMMA MIA! 500 KR.
MADAGASCAR 2 FORSÝND Á LAUGARDAG KL. 4
LUKKU LÁKI

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 7.30 og 10-POWER | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - ÍSL. TAL | kl. 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN
MADAGASCAR 2
forsýnd um helgina
Anne Hathaway Patrick Wilson
Mynd sem kemur stöðugt á óvart.
PASSENGERS
RESCUE DAWN
HOW TO LOSE FRIENDS & ALIENATE PEOPLE
FULLKOMNA 3D ÆVINTÝRI FERÐIN TIL TUNGLSINS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HOW TO LOSE.. | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:50 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 6 DIGITAL | L |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | SÝND Á LAU. OG SUN. | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 8 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. SÝND Á LAU. OG SUN. | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 8 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 | 14 |
| BABYLON A.D. | kl. 10:20 | 16 |

MADAGASCAR 2

NÝTT Í BÍÓ!
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS! NÆST STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!
45.000 MANNS Á 13 DÖGUM!
QUANTUM OF SOLACE
★★★ - Ó.H.T., RÁS 2
★★★ "...MEÐ BETRI SPENNUMYNDUM ÁRSINS!" - TOMMI KVIKMYNDIR.IS
★★★★ "BESTA SPENNUMYND ÁRSINS HINGAÐ TIL." - D.Ö.J., KVIKMYNDIR.COM
★★★½ "STANSLAUS KEYRSLA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA" -S.V., MBL
★★★★ „FRÁBÆR VIÐBÓT VIÐ LENGSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA OG GEFUR NÝLEGUM HASARMYNDUM EKKERT EFTIR." - V.J.V., - TOPP5.IS/FBL
★★★★ "FYRSTA FLOKKS BOND-MYND" - Þ.Þ., DV
LÚXUS 12
TRAITOR
EINI MAÐURINN SEM HANN GETUR TREYST ... ER HANN SJÁLFUR 12
★★★ "HROTTALEG MYND EN SPENNANDI, ÓGNVEKJANDI OG ÓVÆNT" - S.V., MBL 16
QUARANTINE
REYKJAVÍK ROTTERDAM 14
5 EDDUVERÐLAUN
HANDRIT · LEIKSTJÓRI · KLIPPING · TÓNLIST · HLJÓÐ
my best friends girl 14
the women L
650 kr. fyrir fullorðna 550 kr. fyrir börn
SKJALDBAKAN & HÉRINN L
LUKKU LÁKI L
MAX PAYNE 16
HOUSE BUNNY L
BURN AFTER READING 16

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 6.30 - 8 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 9 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 7 -8.30 -10 | 1 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 12 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.50 - 8 | L |
| QUARANTINE | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Einn smellur og uppfyllingarefni

Steini er hljómsveit sem tónlistarmaðurinn Þorsteinn Einarsson starfrækir með vinum sínum. Í fyrra gaf Þorsteinn einn út plötuna Behold og fór sú útgáfa mjög hljóðlega. Ég man ekki til þess að hafa heyrt eitt einasta lag af plötunni en mig rámar í flettiskilti af Steina einhvers staðar uppi í Árbæ. Þessi fyrsta „alvöru“ plata Steina kemur í kjölfar þess að sveitin vann „þorskastríð“ Cod-útgáfunnar.

Platan hefst á mjög fínu popplagi sem nokkuð hefur heyrst undanfarið, „Girls are all the same“. Þarna er eins og Roy Orbison sé risinn upp frá dauðum, ýkt hress á kantinum. Lagið er gífurlega kunnuglegt, svo ekki sé meira sagt, og melódían sterk. Því miður er ekkert á plötunni sem kemst í hálfkvisti við þetta lag. Ekkert er eins grípandi. Restin af plötunni er satt að segja frekar litlaus og laus við afgerandi melódíur sem hitta í mark. Þetta er velunnið en auðgleymanlegt miðjumoð. Það er helst að lagið „Agnes of God“ komist nálægt smellinum.

Þorsteinn er mjög greinilega undir áhrifum frá sjötta áratugnum. Mörg lög hljóma eins og eitthvað frá fyrstu árum Bítlanna, sumt er frumrokk í anda Elvisar og Eddie Cochran og stundum er eins og Chris Isaac sé mættur. Lögin eru í tempruðu tempói, stundum dettur manni jafnvel í hug flokkurinn „Adult contemporary“ og þá er illt í efni.

Steini hefur hæfileika, á því er enginn vafi. Þorsteinn hefur fína rödd og bandið er þétt og velspilandi. Það er bara skorturinn á eftirminnilegum lagasmíðum sem gerir þetta allt frekur óspennandi. Þetta gengur samt örugglega betur næst.

**Dr. Gunni**




**TÓNLIST**

**Human Comfort**

Steini

★★

Steini hefur hæfileika. Hann þarf bara að semja eftirminnilegri lög.



**ALLT VARÐ VITLAUST** Þegar Hjaltalín og Sprengjuhöllin tóku saman „Þú komst við hjartað á mér“.

# Í útrás á Austurlandi

**Sprengjuhöllin og Hjaltalín gerðu góða reisu til Austurlands um síðustu helgi.**

Fyrra gigg hljómsveitanna var á föstudagskvöldið í menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði. Þar var menningarleg stemning og troðfullt hús prúðbúinni gesta. Kvöldið eftir voru hljómsveitirnar komnar til Egilsstaða þar sem þær spiluðu á sveittum dansleik á Hótel Valaskjálfi. Stórsöngkonan Andrea Gylfadóttir var með í för og söng nokkur lög í fjarveru Sigríðar Thorlaciusar í Hjaltalín.

Til að auka enn á tryllinginn var talið í gamla slagara með Grafík og Todmobile. Hljómsveitirnar komust klakklaust til Reykjavíkur með rútu á sunnudaginn og því verður leikurinn endurtekinn á Nasa næstkomandi föstudagskvöld. Þar mun hljómsveitin Motion Boys einnig koma fram. - drg



**Í BANASTUÐI** Þessum þótti Reykjavíkurböndin standa sig vel í stuðinu.



**RÓMANTÍKIN SVEIF YFIR VÖTNUM** Þessu pari þótti kjörið að kela við seiðandi tóna Sprengjuhallarinnar.



**ANDREA GYLFA MEÐ HJALTALÍN** Atli Bollason tróð einnig upp með bandinu fyrir austan.

KVENSPÆJARASTOFA NR. 1

Ung kona leitar til Kvenspæjarastofu númer eitt í Botsvana vegna óheiðarleika yfirmanns síns og hótana um uppsögn en Mma Ramotswe kemst brátt að því að fleira hangir á spýtunni.

Ný spennu- og gleðisaga um snjallasta spæjara Afríku.

„Töfrandi bók.“
THE NEW YORK TIMES BOOK REVIEW




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Heildin skiptir höfuðmáli

Þriðja sólóplata Beatmakin Troopa, Search For Peace, er komin út. Hljómsveitin er hugarfóstur Pans Thorarensen sem gaf á síðasta ári út plötuna Parallel Island með föður sínum Óskari.

Search For Peace átti fyrst að koma út í janúar, svo í sumar en núna lítur hún loksins dagsins ljós. „Ég held ég hafi útbúið sex útgáfur af þessari plötu áður en hún var gerð til að fá heildina og loksins small þetta saman," segir Pan. „Það verður að vera rosaleg heild á svona plötu til að hún virki." Bætir hann við að hann eigi nú 60 til 70 lög á lager sem hann ætlar að nota í hin ýmsu verkefni í framtíðinni.

Afslappaður hiphop-stíll með djössuðu ívafi er í fyrirrúmi á plötunni, sem Pan segir nokkurs konar framhald af Peaceful Thinking sem hann gaf út fyrir þremur árum. „Ég held að það vanti alltaf einhverjar svona plötur á klakann og ég held að hún komi á réttum tíma." Framundan hjá Pan er útgáfuhóf í Saltfélaginu á laugardagskvöld. Eftir áramót stefnir hann síðan á að kynna plötuna erlendis með hugsanlega útgáfu í huga. - fb



**PAN THORARENSEN** Tónlistarmaðurinn Pan Thorarensen hefur gefið út plötuna Search for Peace undir nafninu Beatmakin Troopa.

# Ókeypis rafmúsík

„Við höfum haldið mánaðarleg tónleikakvöld undir nafninu Weirdcore þar sem við höfum safnað saman þeim sem eru að gera eitthvað að viti í rafmúsík," segir Sveinbjörn Þorgrímsson, Biogen. „Okkur fannst kominn grundvöllur til að stíga næsta skref og gera safnplötu. Og miðað við ástandið í plötuiðnaðinum fannst okkur sniðugast að gefa plötuna bara á netinu. Aðalmálið fannst okkur að kynna músíkina og segja: Halló, hér erum við!"

Á plötunni eru ellefu lög, bæði með þeim sem tekið hafa þátt í Weirdcore-kvöldunum og andlega skyldum vinum og kunningjum. „Við eigum marga tónlistarmenn á heimsmælikvarða og svo er þetta líka grundvöllur fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu spor. Okkur fannst mikilvægt að halda utan um þetta og koma þessu af stað, enda eru raftónlistarmenn ekki þekktir fyrir að vera mjög framkvæmdaglaðir," segir Sveinbjörn. Meðal flytjanda eru Plastik, Skurken, Tonik, Bix og Dr. Mister. Plötunni má hlaða niður ókeypis af netfanginu **www.weirdcore.com**.



**HALLÓ, HÉR ERUM VIÐ!** Sveinbjörn Biogen stendur á bakvið safnplötuna Weirdcore.



**GIFTIST EKKI AFTUR** Madonna tjáði Britney Spears á dögunum að hún ætlaði ekki að ganga aftur í hjónaband.

# Ráðleggur Britney

**Madonna, sem opinberaði skilnað sinn við Guy Ritchie nýverið, hefur ráðið Britney Spears frá því að gifta sig aftur. Britney kom fram á Sticky and sweet-tónleikum Madonnu á dögunum og samkvæmt heimildum vefsíðunnar Absolutenow.com áttu söngkonurnar í áhugaverðum samræðum baksviðs.**

**Þegar Britney spurði Madonnu hvort hún myndi giftast aftur, sagðist hún ekki ætla að ganga aftur upp að altarinu og sagði Britney að gleyma hjónabandi. Slíkt virkaði einfaldlega ekki fyrir konur í þeirra stöðu. Sjálf hefur Britney ekki góða reynslu í þeim efnum, því hún var gift fyrrverandi skólafélaga sína í 55 klukkustundir áður en hún giftist Kevin Federline, en þau skildu í fyrra.**



**STUTT EFTIR** Chris Martin finnst að hljómsveitir eigi að hætta eftir að meðlimir þeirra verða 33 ára, en hann er sjálfur 31 árs í dag.

# Coldplay að hætta?

**Chris Martin, söngvari hljómsveitarinnar Coldplay, vill ekki verða gömul rokkstjarna. Söngvaranum, sem er 31 árs í dag, finnst ekki að hljómsveitir eigi að halda áfram eftir að meðlimir þeirra verða 33 ára. Hann vill hætta í tónlistinni á næsta ári, áður en honum finnst hann verða of gamall og segir Coldplay því ætla að koma fram á ótal stöðum næsta árið.**

**Nýjasta plata þeirra Viva La Vida or Death komst á topp sölulista í 36 löndum, en Chris vill þó meina að eina ástæðan fyrir því að hljómsveitin er ein sú vinsælasta í heimi í dag, sé að aðrar stórsveitir eru í fríi.**


# Ráð við kvefi

**Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...**

- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

**Stíflaðar nasir má lina með því að...**

- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

**Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...**

- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun




**Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!**

- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

**Strepsils, við særindum í hálsi!**

Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:

- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

**OTRIVIN** nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

**STREPSILS** töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

## > Guðný Björk til Kristianstad

Landsliðskonan Guðný Björk Óðinsdóttir hefur gert munnlegt samkomulag um að ganga í raðir sænska úrvalsdeildarliðsins Kristianstad þar sem Elísabet Gunnarsdóttir, fyrrum þjálfari hennar hjá Val, er nú við stjórnvölin. „Mér líst bara mjög vel á þetta og það hjálpaði mér auðvitað að taka þessa ákvörðun að Beta sé þarna," segir Guðný Björk sem missti af öllu síðasta tímabili með Val vegna meiðsla. Hún kvaðst þó í samtali við Fréttablaðið vonast til þess að verða komin aftur í sitt besta form í byrjun næsta árs. En þrátt fyrir að vera aðeins tvítug þá var hún búinn að festa sig í sessi hjá A-landsliðinu þegar hún meiddist í apríl síðastliðnum.



sport

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR JÓHANNESSON:** VAR FYRST OG FREMST ÁNÆGÐUR MEÐ AÐ VINNA VINÁTTULANDSLEIKINN Í GÆR

# *Við eigum náttúrulega að vinna lið eins og Möltu*



Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson var tiltölulega sáttur með 1-0 sigurinn gegn Möltu við erfiðar vallaraðstæður í gær en hefði þó viljað sjá íslenska liðið nýta betur yfirburði sína. Heiðar Helguson skoraði eina mark leiksins.

„Ég var náttúrulega fyrst og fremst ánægður með að vinna. Við vorum reyndar með góð tök á leiknum og stjórnuðum honum ágætlega en hefðum í raun átt að skapa okkur fleiri afgerandi færi en við ef til vill gerðum. Hvað varðar það að halda boltanum innan liðsins þá var ég ekki alveg nógu sáttur en það var samt margt fínt í þessu og það verður að taka það fram að völlurinn var þungur og erfiður og það verður að taka það með í reikninginn," segir Ólafur. Íslendingar voru að mæta Maltverjum í annað skiptið í vináttulandsleik á þessu ári en fyrri leikurinn tapaðist á æfingarmóti á Möltu í byrjun febrúar.

„Það er nú bara þannig að við eigum náttúrulega að vinna lið eins og Möltu og menn eiga að fara inn á völlinn með því hugarfari að við séum að fara að vinna og ætlum að stjórna leiknum og það gekk sem betur fer eftir núna," segir Ólafur.

Nokkrir leikmenn fengu að spreyta sig sem lítið eða ekkert hafa verið að spila með landsliðinu undir stjórn Ólafs og hann var sérstaklega ánægður með þeirra framlag í leiknum.

„Sölvi Geir stóð sig mjög vel og vörnin reyndar í heild sinni. Ég notaði líka báða markverðina, Gunnleif og Árna Gaut, sem héldu náttúrulega hreinu og það er jákvætt. Garðar var að spila sinn fyrsta landsleik og kom líka fínn inn í leikinn og ég var ágætlega sáttur með hans framlag. Garðar leysti það hlutverk sem við vorum að skoða hvort hann gæti leyst og það var ánægjulegt að sjá," segir Ólafur.

Næsti skráði landsleikur Íslands er í byrjun apríl í undankeppni HM 2010 gegn Skotlandi.

„Við erum að vinna í því að fá leik í febrúar fyrir það fyrsta og það er dálítið snúið en við vonum það besta. Síðan sjáum við til með seinni leikdaginn en hann er á miðvikudegi fyrir leikinn á laugardegi gegn Skotum," segir Ólafur að lokum.

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla í handbolta*

| | |
|---|---|
| Akureyri-Haukar | 22-34 (10-15) |

Mörk Akureyrar (skot): Árni Þór Sigtryggson 7/1 (19/2), Hörður Fannar Sigþórsson 4 (5), Jónatan Magnússon 3 (8), Oddur Grétarsson 3 (7), Anton Rúnarsson 3/1 (9), Heiðar Þór Aðalsteinsson 2 (3), Andri S. Stefánsson (2), Atli Ingólfsson (2).
Varin skot: Hafþór Einarsson 11/37 30%, Hörður Flóki Ólafsson 5/13 62%
Hraðaupphlaup: 3 (Oddur 2, Heiðar)
Fiskuð víti: 3 (Andri, Atli, Hörður)
Utan vallar: 10 mínútur
Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 7/2 (10), Andri Stefán 7 (11), Kári Kristján Kristjánsson 6 (7), Einar Örn Jónsson 6/2 (9), Freyr Brynjarsson 3 (4), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (8), Arnar Pétursson 1 (1), Pétur Pálsson (1), Gísli Jón Þórisson (1), Gunnar Berg Viktorsson (1).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 13/30 43% , Gísli Rúnar Guðmundsson 7/12 58%
Hraðaupphlaup: 2 (Elías, Einar)
Fiskuð víti: 4 (Einar 2, Sigurbergur, Kári)
Utan vallar: 14 mínútur
Dómarar: Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson, góðir en misstu tökin um tíma.

### *Vináttulandsleikir í fótbolta*

| | |
|---|---|
| Malta-Ísland | 0-1 |
| - Heiðar Helguson (65.) | |
| Þýskaland-England | 1-2 |
| Patrick Helmes (63.) - Matthew Upson (23.), John Terry (84.) | |
| Holland-Svíþjóð | 3-1 |
| Van Persie (33. & 50.), Dirk Kuyt (90.) - Kim Kallström (51.) | |
| Írland-Pólland | 2-3 |
| Kristinn Jakobsson dæmdi leikinn. | |
| Skotland-Argentína | 0-1 |
| - Maxi Rodrigues (8.) | |
| Úkraína-Noregur | 1-0 |
| Danmörk-Wales | 0-1 |
| - Craig Bellamy (77.) | |
| Grikkland-Ítalía | 1-1 |
| Theofanis Gekan (50.) - Luca Toni (54.) | |

# Brotlending hjá Akureyringum

**Topplið Akureyrar brotlenti harkalega í gær þegar Íslandsmeistarar Hauka komu í heimsókn. Það voru engin þreytumerki á Haukum en Akureyri spilaði sinn slakasta leik. Neitun um frestun kveikti í Haukum.**

**HANDBOLTI** Haukar sýndu styrk sinn með mögnuðum leik gegn Akureyri norðan heiða í gær. Þeir spiluðu frábæran handbolta og kafsigldu Akureyringa. Þeir unnu tólf marka sigur, 22-34.

Fyrri hálfleikurinn var jafn fyrstu fimmtán mínúturnar, Haukarnir þó alltaf skrefi á undan. Í stöðunni 7-8 hrökk vörn Hauka í gang og Akureyringar skoruðu aðeins þrjú mörk út hálfleikinn. Haukar náðu upp þægilegu forskoti sem fór mest í sex mörk.

Það var lýsandi fyrir Akureyri að í stöðunni 10-15 þegar þeir voru tveimur mönnum fleiri í eina mínútu skaut Árni Þór himinhátt yfir úr vítakasti og Oddur skaut svo í stöng úr hraðaupphlaupi í næstu sókn. Staðan 10-15 í hálfleik og eftirleikurinn auðveldur fyrir Hauka.

Birkir gaf tóninn með tveimur vörslum í fyrstu sókninni og vörn Akureyrar var áfram léleg. Sama vörn og hefur verið aðalsmerki liðsins í vetur. Haukar skoruðu að vild og niðurlægðu Akureyringa á þeirra heimavelli. Lokatölur 22-24 og Haukar geta því brosað alla leið til Ungverjalands þangað sem þeir héldu í morgun.

Haukar vildu fresta leiknum vegna mikils álags en Akureyri hafði ekki áhuga á því. „Við komum hingað trítilóðir. Við hefðum viljað fresta leiknum en þeir helltu olíu á eldinn með því að vilja það ekki. Fyrir vikið förum við nánast beint út héðan. Við komum því bara bandbrjálaðir og sýndum hvað í okkur býr," sagði Birkir.



**STERKUR** Kári Kristján Kristjánsson átti fínan leik fyrir Hauka á Akureyri í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hann segir að engin þreytumerki hafi verið á liðinu í þessum leik, en ástæðan fyrir því að liðið sé búið að tapa fjórum af átta leikjum í deildinni sé einfaldlega álagið. „Það er meira en að segja það að spila í Meistaradeildinni. Þessi ferðalög taka á, þau eru erfið og sitja í mönnum," sagði Birkir.

Jónatan Magnússon var með svar á reiðum höndum aðspurður hvað gerðist hjá toppliðinu í leiknum.

„Það er nokkuð einfalt. Við gátum ekki spilað vörn, fyrir vikið fengum við enga markvörslu og við gátum ekki spilað sókn," sagði Jónatan og afgreiddi leikinn með einni stuttri setningu.

„Það var bara keyrt yfir okkur, við áttum ekki möguleika. Þrátt fyrir að spila illa vorum við inni í leiknum framan af en svo spiluðum við rassinn úr buxunum með óskynsamlegum leik.

Haukarnir voru í öðrum gír en við, þeir eru með hörku lið. Það var leiðinlegt að svona fór fyrir framan frábæra aðdáendur," sagði Jónatan.

Það vantaði ekki stemninguna í Höllina á Akureyri í gær. Tæplega 1.000 manns troðfylltu húsið en auk þess að bjóða upp á karlakór Akureyrar fyrir leik hafði félagið grafið upp trommuleikarann sem fór mikinn þegar KA varð Íslandsmeistari síðast á gullaldarárum félagsins.

Það dugði þó engan veginn til. Stemningin virtist mikil meðal leikmanna sem fyrr framan af en Haukar höfðu einfaldlega mikla yfirburði þegar kom að handboltanum.

**- hþh**




Ertu orðinn félagi?

**Þér er boðið að gerast félagi í öflugasta stuðningsmannaklúbbnum á Íslandi.**

**Fyrir aðeins 2500 kr. árgjald færðu eftirfarandi:**

- 4 glæsileg tölublöð af Rauða Hernum - tímariti Liverpoolklúbbsins
- Forgang í ferðir sem klúbburinn skipuleggur í samvinnu við Úrval / Útsýn
- Barmmerki klúbbsins
- Dagatal
- Glæsilega jólagjöf
- Fallegt og eigulegt félagsskírteini
- Afslátt á Liverpoolvörum í Jóa útherja
- Tækifæri til að láta gott af sér leiða í skemmtilegum félagsskap þar sem menn vinna að sameiginlegu áhugamáli

**Það er ekki eftir neinu að bíða - skráðu þig strax í dag!**
**Vertu með í að gera stóran klúbb enn stærri.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.liverpool.is**




**HETJURNAR** John Terry og Matthew Upson fagna hér mark þess síðarnefnda í gær. Maradona sést síðan stoltur á hliðarlínunni hér að neðan. NORDIC PHOTOS/AFP

England vann Þýskaland og Maradona byrjar vel:

## Draumabyrjun Maradona



**FÓTBOLTI** Fjöldi vináttulandsleikja fór fram í gærkvöldi. Þar bar hæst stórleiki í Berlín og Glasgow þar sem B-lið Englendinga skellti Þjóðverjum, 2-1, og Argentína lagði Skota í sínum fyrsta landsleik undir stjórn Diego Armando Maradona.

Hið meiðslum hrjáða lið Englands gerði sér lítið fyrir og lagði Þýskaland. Upson kom þeim yfir með skoti af stuttu færi og þannig stóðu leikar í hálfleik.

Þjóðverjar jöfnuðu eftir um 20 mínútur í síðari hálfleik eftir einstakan klaufaskap hjá vörn og markverði Englendinga, Scott Carson. Það kom þó ekki að sök því John Terry tryggði gestunum sigurinn með glæsilegu skallamarki sex mínútum fyrir leikslok og þar við sat.

Það var sannkallað Maradona-æði í Glasgow er Diego Maradona stýrði argentínska landsliðinu í fyrsta skipti. Stoltið leyndi sér ekki fyrir leik hjá Maradona er hann stóð í göngunum og gerði sig kláran í að uppfylla enn einn drauminn á sínum ferli. Frumsýning Maradona tókst vel því hans menn lögðu Skota, 0-1. **- hbg**



**SIGURÐUR JÓNSSON** Hefur lokið keppni hjá Djurgarden.

Breytingar hjá Djurgarden:

## Sigurður rekinn sem þjálfari

**FÓTBOLTI** Sigurður Jónsson var í gærkvöld rekinn sem þjálfari sænska úrvalsdeildarliðsins Djurgarden.

Sigurður stýrði liðinu í tvö ár. Fyrra árið gekk vel hjá Sigurði en liðið hafnaði þá í fjórða sæti. Á þessu tímabili gekk allt á afturfótunum hjá Sigurði og félögum en liðið hafnaði í tólfta sæti og tapaði fimm síðustu leikjum sínum í deildinni. **- hbg**

### *Iceland Express-deild kvk*

| | |
|---|---|
| Haukar-Hamar | 76-73 |

Stig Hauka: Slavica Dimovska 38 (6 stoðs., 4 stolnir), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10 (13 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Kristrún Sigurjónsdóttir 7, Telma Björk Fjalarsdóttir 7 (7 frák.), Helena Hólm 4, María Lind Sigurðardóttir 2.
Stig Hamars: Lakiste Barkus 20 (5 stoðs.), Julia Demirer 19 (14 frák., 4 varin), Fanney Lind Guðmundsdóttir 8, Hafrún Hálfdánardóttir 8, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7, Íris Ásgeirsdóttir 6, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 5.
*Slavica Dimovska skoraði sigurkörfuna um leið og leikurinn rann út og Haukar á toppinn.*

| | |
|---|---|
| Keflavík-Valur | 91-69 |
| Snæfell-Grindavík | 85-71 |

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

### acer — ACER EXTENSA 5220-1A

- Intel Core Duo T1400 örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
- 120GB SATA harður diskur
- 256MB GMA X3100 skjákort
- DVD±RW skrifari
- Kortalesari
- Þráðlaust netkort
- Windows Vista Home Basic

**89.990**

### LOGITECH WAVE Logitech

Hannað með þægindi í fyrirrúmi með ábrenndum íslenskum stöfum

**6.990**

### STEELSERIES IKARI MÚS

Lasermús, hönnuð af leikjaspilurum fyrir leikjaspilara. Styður 3200DPI

**9.990**

### Logitech — LOGITECH CHILLSTREAM

Kælir sveittar hendur svo þú getur spilað betur og lengur en áður

**5.990**

### WACOM — WACOM BAMBO FUN

A6 teikniborð sem gerir þér kleift að teikna myndir beint inn á tölvuna

**24.990**

### Western Digital — 250GB PASSPORT

Glæsilegur svartur ferðaflakkari frá Western Digital með 250GB hörðum disk, USB 2.0 tengi

**21.990**

### LOGITECH Z-3E Logitech

2.1 40W RMS hátalarakerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi

**19.990**

### LOGITECH PC 860 Logitech

Nett og vönduð heyrnartól með hljóðnema og hljóðstilli á snúru

**3.490**

### CREATIVE — CREATIVE PRO V2

Lítil vefmyndavél með hljóðnema og 800x600 upplausn

**3.990**

### CREATIVE — CREATIVE FATAL1TY

Kraftmikil lokuð leikjaheyrnartól með hljóðnema og hljóðstilli

**6.990**

### acer — ACER EXTENSA 5620-2A2G16MI

Intel Core 2 Duo T5270 örgjörvi • 2GB DDR2 667MHz minni 15.4" WXGA CrystalBrite skjár • 160GB SATA harður diskur 256MB GMA X3100 skjákort • Windows Vista Business

**129.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |



> Kristin Davis

„Þátturinn er um konur sem njóta velgengni í lífinu og þó svo þær geri stundum eitthvað óæskilegt þá er ekki þar með sagt að þær séu að lítillækka sjálfar sig. Þær eru einfaldlega að njóta þess að hafa valmöguleika sem eitt sinn stóðu ekki konum til boða," segir Davis um þáttinn Sex and the City sem Stöð 2 Extra sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HEFUR ÁHYGGJUR AF SAKLEYSI UNGDÓMSINS

# Skrekkur og kreppa fara ekki saman

Það var eitthvað dapurlegt við að sjá grunnskólanema dýfa saklausum tám sínum ofan í hyldýpi kreppunnar í hæfileikakeppninni Skrekki sem var sýnd í beinni útsendingu á Skjáeinum.

Í einu atriðanna sóttu krakkarnir í hlutverki fjölmiðlamanna fast að forsætisráðherra sem hrökklaðist undan spurningum þeirra og kvartaði sáran.

Krakkarnir léku þetta vel og allt það en það var bara eitthvað bogið við þetta. Maður fékk á tilfinninguna að með því að velja þennan leikþátt hafi þeir tapað ákveðnu sakleysi og kannski kæruleysi sem ætti undir eðlilegum kringumstæðum að vera allsráðandi í þeirra lífi. Þeir eiga að geta gengið um götur áhyggjulausir án þess að stjórnmál og hið erfiða efnahagslíf hafi sérstök áhrif á þá. Slíkar áhyggjur ættu miklu frekar að íþyngja fólki sem er búið að koma upp fjölskyldu og berst í bökkum.

Eðlilega eru þessi málefni þó ofarlega í huga ungdómsins einfaldlega vegna þess að þau umlykja alla fjölmiðla hvern einasta dag, auk þess sem þau hafa eflaust annars konar áhrif á þeirra daglega líf. Kannski er það líka jákvætt að svo ungt fólk hafi áhuga á stjórnmálum. Kannski voru þarna á ferðinni upprennandi fjölmiðla- og stjórmálamenn landsins, hver veit? Vonandi verða krakkarnir þá búnir að læra af mistökum forvera sinna.



**SKREKKUR** Hæfileikeppnin Skrekkur hefur verið haldin undanfarin ár við miklar vinsældir.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Lady in the Water STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** Eldsnöggt með Jóa Fel STÖÐ 2



▶ **20.30** 30 Rock SKJÁREINN



▶ **20.30** Help Me Help You STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.45** Nynne SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kajsa og kýrin** (3:3) (e)

**17.55 Stundin okkar** (e)

**18.25 Kallakaffi** (11:12) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Káta maskínan** Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.

▶**20.45 Nynne** (Nynne) (5:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.

**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kvennaráð** (Mistresses) (5:6) Bresk þáttaröð um fjórar vinkonur og fjölskrúðugt ástalíf þeirra. Aðalhlutverk: Sarah Parish, Sharon Small, Shelley Conn, Orla Brady, Raza Jaffrey og Adam Rayner.

**23.20 Sommer** (Sommer) (3:10) (e)

**00.20 Kastljós** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Invincible**

**10.00 Svampur Sveinsson**

**12.00 Stone Cold**

**14.00 Invincible**

**16.00 Svampur Sveinsson**

**18.00 Stone Cold**

▶**20.00 Lady in the Water** Nútímadraugasaga um húsvörðinn Cleveland Heep sem bjargar ungri konu úr sundlaug en hún er persóna í draugasögu og þarf að komast aftur heim.

**22.00 Smile**

**00.00 Psycho**

**02.00 U.S. Seals II**

**04.00 Smile**

**06.00 I'ts a Boy Girl Thing**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (196:300)

**10.35 America's Got Talent** (6:15)

**12.00 Grey's Anatomy** (14:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Forboðin fegurð** (73:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (74:114)

**14.40 Ally McBeal** (21:23)

**15.30 Friends**

**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.23 A.T.O.M.**

**16.48 Hlaupin**

**16.58 Háheimar**

**17.23 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (1:25)

**19.55 Friends** (25:25)

▶**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:10) Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel snýr aftur með nýja seríu. Enn og aftur fetar hann nýjar slóðir og tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum. Við fáum tækifæri á að gægjast inn í glæsileg eldhús veitingahúsanna og sumir kokkarnir verða sóttir heim. Þessir listakokkar ætla að sýna Jóa og okkur heima í stofu hvernig töfra ber fram ljúffenga veislurétti á skotstundu.

**20.50 The Celebrity Apprentice** (11:13) Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.

**21.35 Prison Break** (8:22)

**22.20 Moonraker**

**00.25 Fringe** (6:22)

**01.10 Kung Fu Hustle**

**02.45 Bad Santa**

**04.15 Prison Break** (8:22)

**05.00 The Simpsons** (1:25)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Vináttulandsleikur** Útsending frá vináttulandsleik Þýskalands og Englendinga.

**17.15 Þýski handboltinn** Útsending frá leik HSV og Flensburg í þýska handboltanum.

**18.50 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**19.20 Bardaginn mikli** Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar. Einn sá frægasti fór fram í Maníla á Filippseyjum árið 1975. Þá mættust Muhammad Ali og Joe Frazier en Ali, sem hafði sigur í 14. lotu, sagðist hafa verið nær dauða en lífi í þessum bardaga.

**20.15 Utan vallar** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**21.05 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**21.35 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC .

**22.20 NBA - Bestu leikirnir** Indiana Pacers og New York Knicks mættust í úrslitakeppni Austurdeildar 1994. Hér er sýnt frá fimmta leiknum í einvígi liðanna en í þessari viðureign fór Reggie Miller á kostum.

**00.00 Utan vallar**

## SPORT 2 enski boltinn

**15.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Wigan.

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Portsmouth.

**19.00 Ensku mörkin**

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches** Leeds - Tottenham, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches** Leeds - Man United, 2001.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**22.40 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.35 Coca Cola mörkin**

**00.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Tottenham.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Innlit / Útlit** (9:14) (e)

**09.35 Vörutorg**

**10.35 Óstöðvandi tónlist**

**16.55 Vörutorg**

**17.55 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.40 America's Funniest Home Videos** (25:42) (e)

**19.05 What I Like About You** (18:22) (e)

**19.30 Game tíví** (11:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Family Guy** (17:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

▶**20.30 30 Rock** (10:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack og C.C. reyna að láta fjarsambandið ganga upp, Tina ræðst í fasteignakaup og Kenneth ánetjast koffíni.

**21.00 House** (11:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.

**21.50 Law & Order** (9:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Fjórir eru skotnir til bana á gagnstétt og eitt fórnarlambanna reynist hafa tengsl við rússnesku mafíuna.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 America's Next Top Model** (8:13) (e)

**00.20 Sugar Rush** (1:10) (e)

**00.45 Vörutorg**

**01.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.20

### James Bond - Moonraker



James Bond kvöldsins að þessu sinni er myndin Moonraker. James Bond rannsakar einkennilegt rán á geimskutlu sem átti sér stað í háloftunum. Eigandi skutlunnar er auðjöfurinn Hugo Drax og brátt fara böndin að berast að honum sjálfum. Það lítur út fyrir að hann ætli sér heimsyfirráð og það kemur í hlut Bonds að koma í veg fyrir það. Roger Moore fer með aðalhutverkið.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Káta maskínan**

**Sjónvarpið kl. 20.15**

Í þættinum í kvöld verður sýnt frá fyrsta samlestri hjá Leikfélagi Akureyrar á verkinu Falið fylgi eftir Bjarna Jónsson. Þorsteinn Joð ræðir svo við Bryndísi Ásmundsdóttur en hún hefur vakið þjóðarathygli fyrir frábæran flutning á tónlist Janisar Joplin í samnefndri sýningu í Óperunni. Að lokum verður svo flutt stutt verk frá Austurvelli, Fólk við frostmark, eftir Þorstein Joð, ljósmyndir eru eftir Karl R. Lillendahl, ljósmyndara og tökumann, tónlistin er Sigurrósar, Illgresi, af nýjustu plötu hljómsveitarinnar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Tívolí í Vatnsmýrinni
**23.15** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (63:260)
**16.30 Hollyoaks** (64:260)
**17.00 Seinfeld** (12:24)
**17.30 Help Me Help You** (7:13)
**18.00 Sex and the City** (3:12)
**18.30 Sex and the City** (4:12)
**19.00 Hollyoaks** (63:260)
**19.30 Hollyoaks** (64:260)
**20.00 Seinfeld** (12:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
▶ **20.30 Help Me Help You** (7:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem vinnur við að hjálpa veiku fólki að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Sex and the City** (3:12) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.30 Sex and the City** (4:12)
**22.00 Grey's Anatomy** (5:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Dr. Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
**22.45 Ghost Whisperer** (52:62) Melinda Gordon er gædd sjötta skilningarvitinu og í nánu sambandi við hina framliðnu.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir varaformaður Neytendasamtakanna ræðir um hagsmuni neytenda.
**21.30 Óli á Hrauni** Umsjónarmaðurinn Ólafur Hannesson er formaður Jafnréttindafélags. Hann tekur fyrir málefni sem brenna á þjóðinni.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Plan dk **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Isa's stepz **15.45** Isa's stepz **16.00** Den amerikanske drage **16.25** En fugl i huset **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Politiskolen **19.30** Pigeliv **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Dødens Detektiver **21.25** Eureka **22.05** Sugar Rush **22.30** Hul igennem **23.15** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Hairy Bikers kokebok **13.35** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fabrikken **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Verdensarven **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Berserk gjennom Nordvestpassasjen

## SVT 1

**12.05** Morgonsoffan **12.55** Plus **13.25** Fråga doktorn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Krumelurdjur **16.15** En unge till **16.20** Räkna med skägg **16.25** Farbrorn som inte vill va' stor **16.35** Evas superkoll **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Andra Avenyn **20.00** Höök **21.00** Debatt **21.45** Grosvold **22.30** Kulturnyheterna




## MORGUNMATURINN



*„Sígildi morgunmaturinn minn er handlagað kaffi latte, ein ristuð brauðsneið og hrökkbrauð. Þetta er algengasti morgunmaturinn minn þegar ég gef mér góðan tíma í morgunmat.“*

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur og tónlistarmaður.

# Didda situr fyrir hjá Graccia

Leikkonan Didda mun væntanlega sitja fyrir hjá ítalska tískutímaritinu Graccia ásamt syni sínum, Úlfi. Didda mun væntanlega fara út á næstunni en samningar náðust nýverið við ítalska aðila um dreifingu á kvikmyndinni Skrapp út sem Didda leikur einmitt í. „Þetta er einhver hluti af kynningarherferðinni. Við Úlfur fáum bara að spranga um í spánnýjum vetrarfatnaði í Malaga og verðum mynduð í bak og fyrir,“ segir Didda sem reiknaði fastlega með því að fá borgað í evrum. „Þá verður Davíð örugglega ánægður með okkur þegar við komum með gjaldeyristekjur til landsins.“ Skrapp út hefur reyndar verið að gera góða hluti í suðrænum löndum því hún vann nýlega til verðlauna á kvikmyndahátíð í Sevilla.

Didda er nýkomin heim úr mikilli ævintýraferð frá Argentínu þar sem hún rakst meðal annars á stórleikarann Tommy Lee Jones og eiginkonu hans, Shawn Jones. Didda segist vera mikill aðdáandi leikarans og var eilítið svekkt að geta ekki eytt meiri tíma með honum. „Aðstoðarmaðurinn hans var svo stressaður að við vorum bara rétt formlega kynnt,“ segir Didda sem hefði mjög gjarnan viljað drekka einn bjór með Tommy. Hún segir hann koma nákvæmlega eins fyrir sjónir og kvikmyndaunnendur þekkja hann. „Hann er alveg grjótharður og var örugglega í jakkafötum sem hann hafði keypt fyrir tuttugu árum.“

Didda var ákaflega hrifin af Argentínu og segist eftir ferðina ekki efast um að Íslendingar eigi eftir að ná sér fljótt upp úr kreppunni. „Argentínumenn sögðu mér að hafa engar áhyggjur, þetta myndi allt saman lagast fyrr eða seinna.“ Reyndar vildu fjórir argentínskir gítarleikarar ólmir giftast Diddu og sögðu að hún væri kvenkynsútgáfan af Kurt Cobain. „Þeir spiluðu síðan fyrir mig á gítar og gáfu mér áritað eintak af plötu með Nirvana. Ég átti ekkert til að gefa þeim á móti svo að ég lét þá bara hafa bankakortið mitt enda var ekkert inni á því.“ - fgg



**VETRARFYRIRSÆTA** Didda og sonur hennar, Úlfur, sitja fyrir hjá ítölsku vikutímariti og fá vonandi borgað í evrum.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** hæð, **8.** bók, **9.** tækifæri, **11.** tveir eins, **12.** grastoppur, **14.** þátttakandi, **16.** 950, **17.** gat á steðja, **18.** illæri, **20.** fyrir hönd, **21.** innileikur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** rykkorn, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** refsimál, **10.** þokki, **13.** fjallaskarð, **15.** innyfla, **16.** fugl, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** ás, **8.** rit, **9.** lag, **11.** tt, **12.** skegg, **14.** aðili, **16.** lm, **17.** löð, **18.** óár, **20.** pr, **21.** aluð.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** ar, **4.** vitglöp, **5.** átt, **7.** sakamál, **10.** geð, **13.** gil, **15.** iðra, **16.** lóa, **19.** rú.

INGVAR „RINGÓ“ JÓEL: KRAFTAMENN BJARGA HEIÐRI LANDSINS

# Palli fermeter sigrar heiminn

„Þetta var alveg hrikalega jákvætt brjálæði. Enginn talaði um hversu illa áraði hjá Íslendingum þegar við strákarnir mættum með Jóhönnu formann Eiríksdóttur í fararbroddi í þessa íþróttahöll og stálum senunni,“ segir Ingvar Jóel, gjaldkeri kraftlyftingafélagsins Metall.

Þeir Metalmenn eru nýlega komnir til landsins eftir frækilega för til Vínarborgar þar sem þeir tóku þátt í heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum. Þeir rifu upp járnin með látum og eignuðust sjö heimsmeistara við mikinn fögnuð. Heimsmetin féllu unnvörpum: „Ég reið á vaðið og sýndi ungu strákunum hvernig á að gera þetta,“ segir Ingvar Jóel sem aldrei er kallaður annað en Ringó og er 45 ára. Hann setti heimsmet í flokki unglinga í bekk – 245,5 kíló og bætti heimsmetið um hálft kíló. Balli bekkur keppti í flokki öldunga yfir fimmtíu ára og setti einnig heimsmet: 220,5 kíló í bekk. Og ballið var rétt að byrja.

„Svo kom Kári köttur – Kári Elísson, elsti lyftarinn okkar í dag, en hann hefur keppt í 35 ár. Hann setti heimsmet í réttstöðulyftu 55 ára og eldri. 250 kíló, takk fyrir,“ segir Ringó ánægður með öldungana en aðrir íslensku keppendanna stóðu sig vel: „Sleifurinn“ sigraði sinn flokk í bekk og varð heimsmeistari svo dæmi sé nefnt. En þá er komið að Palla þætti „fermeters“ sem öðlaðist nýtt viðurnefni, tonnatak, á mótinu. Ringó leiðist ekki að segja frá afrekum sinna manna. „Góðan daginn. Hann stal senunni þessi krakki, 22 ára gamall. Setti heimsmet í hnébeygju unglinga: 375 kíló. Tók svo 275 kíló í bekk – heimsmet líka. Og kórónaði þetta allt saman með að lyfta mestu þyngd sem lyft var á mótinu. Heimsmet í réttstöðulyftu! 350 kíló. Samanlagt eitt tonn! Þarna var fullt af breskum konum sem voru að fylgja sínum strákum eftir og þær slógust um að fá mynd af sér mynd með Palla fermeter. Við vorum að hugsa um að rukka 20 evrur fyrir myndatöku. Fermeterinn sigraði heiminn,“ segir Ringó.

Næsta dag var komið að Borgarnesbollunni og Skyrfjallinu sem héldu fólkinu við efnið og skiptust á að lyfta yfir 400 kílóum í hnébeygju sem endaði með því að Skyrfjallið lyfti 410,4 og setti heimsmet í þyngsta flokknum. „Skyrfjallið var í þvílíku formi, fór þetta á reynslunni og setti heimsmet í bekkpressu eða 330 kíló. Þarna voru keppendur frá þrettán þjóðlöndum en við áttum höllina og var slegist um strákana. Sá sem stjórnaði ameríska liðinu bauð stærstu bollunum á American Cup sem verður í janúar,“ segir Ringó ánægður að vonum. Sem segir að endingu stutta sögu en mórallinn er að ekki er sama hverjir fara fyrir þjóðinni. „Við vorum þarna að labba á Kastrup nokkrir heimsmeistarar. Jóhanna formaður fór til að kaupa pulsur fyrir okkur en við settumst og þær biðum. Pulsukarlinn var með einhver leiðindi og hroka við hana en hún var merkt Íslandi í bak og fyrir. En þegar hann sá hvert hún fór með fyrstu pulsuna var hann fljótur að bakka og bað hana fá bankakortið þitt og hún fékk framúrskarandi þjónustu eftir það.“

jakob@frettabladid.is



**PALLI FERMETER LYFTI TONNI** Að öðrum ólöstuðum hlýtur „Fermeterinn“ að teljast stjarna mótsins - heimsmeistari unglinga og lyfti samanlagt tonni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JÓHANNA EIRÍKSDÓTTIR** Formaður Metals með afrakstur Austurríkisferðar félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þekkt er að útgefendur teygja sig oft langt þegar þeir vitna í lofsamleg ummæli ýmissa manna um hinar og þessar bækur. Þannig vekur Forlagið athygli á hrifningu **Halldórs Guðmundssonar** á bók **Guðmundar Andra Thorssonar** með tilvitnun til dæmis á auglýsingaborða á Eyjunni. Halldór er vitaskuld virtur bókmenntafræðingur og rithöfundur sem starfaði lengi með Guðmundi Andra í Rúblunni sem foringi Máls og menningar. Sem þó er aukaatriði því að Halldór er stjórnarformaður Forlagsins og ekki kannski sá líklegasti til að tala niður bækur þess.

Og meira af Forlaginu. Sænski rithöfundurinn **Jens Lapidus** er staddur hér á landi á vegum þess, vegna útgáfu bókar hans, Fundið fé, í þýðingu **Jóns Daníelssonar** en **Jón Ásgeir** hannar kápuna. Labidus er fyrrum lögmaður, oft verið kosinn best klæddi Svíinn og með söluhærri höfundum í sínu heimalandi. **Jóhann Páll Valdimarsson** taldi þjóðráð að bjóða Lapidus, sem verður hér fram á laugardag, til kvöldverðar og kynna jafnframt fyrir kollega sínum á Íslandi. Og á Fiskimarkaðinum sátu þeir þrír ásamt **Atla Bollasyni**, hljómborðsleikara Sprengjuhallarinnar, og ræddu lífið og listina fjálglega í gærkvöldi.

Félagar Atla í Sprengjuhöllinni láta til sín taka víða í þjóðfélaginu utan þess að starfa í hljómsveitinni góðu. Þannig er **Snorri Helgason** framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda og situr nú sveittur við að útbúa jólakort til félaga. Á kortinu verður vísað til félagsstarfs á því ári sem er að líða, meðal annars frækinnar pílagrímsfarar félaga til Liverpool á Bítlaslóðir. - jbg








ÞÚ GETUR...BÆTT GEÐHEILSUNA

Kærar þakkir fyrir góðan stuðning á frábærum tónleikum í síðustu viku.

Stjórn Forvarna- og fræðslusjóðsins ÞÚ GETUR!

# Galdrastöfum beitt á Davíð Oddsson

„Stóri galdurinn í gamla daga var þessi íslenski galdur sem gekk út á það að gera morgundaginn eilítið bærilegri en gærdaginn. Við megum ekki gleyma því að við eigum að geta haft áhrif á þetta sjálf,“ segir Sigurður Atlason, framkvæmdastjóri Strandagaldurs.

Fyrirtæki hans hefur gefið út bókina Tvær galdraskræður og er hún auglýst sem „góð sjálfshjálparbók hnugginnar þjóðar sem rísa vill upp til vegs og virðingar á ný í samfélagi þjóðanna“. Efni bókarinnar er tekið saman af Magnúsi Rafnssyni sagnfræðingi og hefur það ekki verið birt áður.

„Þetta er eitt af þessum verkefnum okkar, að gera þessar gömlu galdrabækur sýnilegri,“ segir Sigurður, sem rekur líka Galdrasýninguna á Ströndum.

Sigurður segir að bókin komi út á hárréttum tíma miðað við ástandið í þjóðfélaginu. „Þarna eru ráð til að fá þær upplýsingar sem fólk telur sig eiga að fá. Miðað við að fólk veit ekki hverju það á að trúa er gott að grípa í þessu fornu ráð. Þetta eru ákveðnir galdrastafir. Til dæmis ef einhverjir vildu komast undir koddann hjá Davíð (Oddssyni) þá á að rista þessa stafi á látún og þá mun maður fá leyndarmálið.“

Í galdraskræðunum má finna þjóðráð til að snúa hugarfari manns eða jafnvel heillrar þjóðar ef einhver hefur á manni óþokka. Það er galdur sem mætti til dæmis reyna á forsætisráðherra Bretlands. „Ef menn vissu hvar þeir ættu að leita ráða myndu þeir væntanlega leita meira til okkar. En ráðgjafar ríkisstjórnarinnar eru með einhverja aðra hugsun í gangi enda sjáum við hvernig ástandið er,“ segir Sigurður.

Auk bókaútgáfunnar hyggur Strandagaldur á gerð 50 mínútna heimildarmyndar um galdrafárið á Íslandi. Leikstjóri verður Árni Páll Jóhannsson og er myndin væntanleg árið 2010. - fb



**DAVÍÐ ODDSSON** Ný galdrabók veitir fólki ráð til að verða sér úti um þær upplýsingar sem það telur sig eiga rétt á.



**SIGURÐUR ATLASON** Framkvæmdastjóri Strandagaldurs hefur galdrað fram bókina Tvær galdraskræður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++



## Jakkafatapakki

Business Class Jakkaföt:

**12.990**

Bindi

**1.490**

Business Class Skyrta:

**2.990**

Samtals:

**14.990**

ÞÚ SPARAR **2.480**



## Hettupeysur dömu og herra

St:xxs-l

Aðeins 3 verð:

**1.990**
**2.490**
**3.990**

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝJAR VÖRUR



## Dömu og herra úlpur

**4.990**

Svartar dömubuxur

St:36-56

Verð aðeins

**2.990**



## Jakkapakki

Business Class Jakki:

**4.990**

Business Class Skyrta:

**2.990**

Levi's svartar eða bláar gallabuxur:

**4.990**

Samtals:

**9.990**

ÞÚ SPARAR **2.980**

**FAXAFENI 10** 11-18 ALLA VIRKA DAGA 11-18 LAUGARDAGA 12-17 SUNNUDAGA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.





**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar


## *Listin að pirra fólk*

Það er orðið ljóst, ef það var það ekki fyrir löngu, að hefðbundnar mótmælaaðgerðir skila engu á Íslandi. Borgaraleg óhlýðni er marklaust hugtak ef óhlýðnin veldur engum ama nema í besta falli nokkrum blaðamönnum sem fá yfir sig endurkast af jógúrtsulli á Alþingishúsið. Í gær kom fólk svo saman og myndaði skjaldborg utan um þinghúsið. Gallinn var sá að enginn var staddur í húsinu nema hópur skólabarna í kynnisferð.

**VIKULEGU** laugardagsmótmælin eru sama marki brennd. Þingmenn og ráðherrar eru þá sofandi heima hjá sér, nota tækifærið til að skreppa óáreittir í Kringluna eða sitja makindalega í sjónvarpsstúdíói. Þegar þeir svo mæta í vinnuna aftur eftir helgina hefur Alþingi aldrei verið hreinna eða fallegra. Ekki beint réttu skilaboðin.

**ÉG** legg til gjörbreytt snið á aðgerðum þeirra sem vilja láta ráðamenn finna fyrir reiði almennings. Í staðinn fyrir friðsöm mótmæli og máttlaus blogg sé ég fyrir mér einhvers konar passíf-aggressíf mótmæli. Eitthvað sem gerir daglegt líf og starf ráðamannanna svo leiðigjarnt að þeir sjái sér á endanum ekki annað fært en að lúffa fyrir vilja þjóðarinnar. Margt smátt gerir eitt stórt í þessum efnum og ef allir taka höndum saman er árangur næstum gulltryggður.

**STELIÐ** bílastæði Ingibjargar. Ef Árni er á eftir ykkur í röð í verslun skuluð þið vera sérlega lengi að öllu, rabba við afgreiðslufólkið og tvítelja klinkið sem þið borgið með. Ef Björgvin er í næsta bíl á rauðu ljósi, skrúfið þá niður rúðuna og stillið útvarpið á Sögu – á hæsta styrk. Ekki hleypa Geir í nein tæki í ræktinni nema svitablauta lærabanann. Smitið af starrafló alla skógarketti sem búa í námunda við Davíð.

**MÖGULEIKARNIR** eru óþrjótandi og þetta eru bara örfá dæmi til að koma ykkur af stað. Kosturinn við aðferðina er að hún örvar hugmyndaflugið og leyfir sköpunargleðinni að njóta sín, sem ekki er vanþörf á í árferði sem þessu. Því frumlegri aðferðir, því meiri áhrif. Til hvers að taka þátt í bókstafstrúarseremóníu einu sinni í viku þegar þú getur byrjað strax í dag að pirra ráðamenn? Það er hreinlega borgaraleg skylda þín.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 20. nóvember, 324. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.14 | 13.13 | 16.12 |
| Akureyri | 10.16 | 12.58 | 15.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


